



Við lítum í innkaupakörfur Norðurlandabúa og fáum innsýn í matarverð, úrval og matarmenningu landanna. Er grasið grænna hinum megin við lækinn? → 24

Hvar er best að kaupa í matinn?

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON



Stjórnvöld þurfa að girða sig í brók
Áki segir líf fatlaðra snúast um að biða og vona → 32



Natthawat mætir fordómum með brosi → 28



Frjáls Chelsea Manning, vanrækt í æsku, nú hampað sem hetju → 34

PLÚS 4 SÉRBLÖÐ • FÓLK • ATVINNA • HEIMSENT • MÓTORHJÓL

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Kringlan
UM HELGINA
SPORTDAGAR
Sjáðu frábær tilboð og dagskrá á opnu inni í blaðinu.

-15 kr.
+ 2 punktar
10. hvert skipti*
Alltaf til staðar **NI**

*Þegar keyptir eru 25 lítrar eða meira af eldsneyti.

SMÁRALIND
GJAFAKORT SMÁRALINDAR
—
GJÖF SEM GEFUR ÓTAL MÖGULEIKA

ÞÚ FÆRÐ GJAFAKORTIÐ Á ÞJÓNUSTUBORÐI SMÁRALINDAR EÐA Á SMARALIND.IS

Veður



Hæg breytileg átt eða hafgola og víða léttskýjað, en hætt við þokulofti við sjávarsíðuna, einkum með Austfjörðum og á Faxaflóa og Breiðafirði. **SJÁ SÍÐU 52**



Stjórnarmenn samtakanna segja að Ólafur hafi farið á bak við þá.

Deilt um smáforrit, bíl og starfskjör

NEYTENDAMÁL Stjórnarmenn í Neytendasamtökunum sem Fréttablaðið ræddi við sjá ekki að Ólafur Arnarson geti setið áfram sem formaður þeirra. Meirihluti samtakanna lýsti yfir vantrausti á Ólaf á stjórnarfundi í upphafi mánaðar en formaðurinn hyggst sitja áfram í embætti.

Að sögn stjórnarmanna er ástæðan fyrir vantraustinu sú að Ólafur hefur tekur ákvarðanir sem skuldbinda samtökin án þess að bera það undir stjórnina. Má þar nefna ákvörðun um laun sem var tekin út frá álitni starfskjaranefndar. Álitnið átti eftir að vinna frekar, meðal annars ákveða starfskyldur og starfshlutfall. Þá er einnig ósætti í tengslum við samning um smáforritið Neytandann og hvernig formaðurinn ákvað að hann skyldi hafa bifreið til afnota.

Ólafi hefur verið sagt upp sem framkvæmdastjóra samtakanna en hann telur ekkert því til fyrirstöðu að hann geti setið áfram sem formaður út kjörtímabil sitt. Því eru stjórnarmennirnir ósammála. Segja þeir að trúnaðarbresturinn sé svo mikill að það sé ekkert traust til formannsins. Hann geti ekki setið áfram fyrst staðan er slík.

Stjórnin mun koma saman á mánudag til að fara yfir stöðuna. Beðið er greiningar fjármálastjóra til að sjá hvaða áhrif ákvarðanir Ólafs munu hafa á fjárhag samtakanna. – jõe

Í sól og sumaryl



Veðrið lék við fólk um allt land í gær og búist er við því að sólin haldi áfram að skína í dag og á morgun. Vindurinn veður víðast hvar lítið að flýta sér og sólin mun verða sýnileg. Þegar best lætur gæti það gerst að hiti fari yfir 20 stig þar sem hlýjast verður. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Trump hreykti sér af brottrekstri James Comey

BANDARÍKIN Degi eftir að Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, rak James Comey, þá forstjóra FBI, fundaði hann með fulltrúum Rússa í Hvíta húsinu um málið. Þar tjáði hann Rússum að sú aðgerð létti pressunni af Rússum.

„Ég rak yfirmann FBI rétt í þessu,“ á Trump að hafa sagt samkvæmt heimildum The New York Times. „Hann var geðveikur, snarklikkaður í raun. Ég var undir mikilli pressu vegna Rússlands. Þetta léttir henni.“

Skömmu eftir að frétt The New York Times fór í loftið sagði Washington Post frá því að hátt settur embættismaður í Hvíta húsinu væri undir smásjóni í rannsókn FBI á tengingu kosningateymis Trumps við Rússland. – jõe

Happ vill lögbann á vörumerki Emmessíss

Forsvarsmenn veitingastaðarins Happs vilja lögbann sýslumanns á vörumerki Emmessíss. Varan hét áður Toppís en var breytt eftir að Kjörís fékk lögbann í gegn. Emmessís á einkaleyfi á nafninu Happs að sögn framkvæmdastjórans.

VERSLUN Eigendur veitingastaðarins Happs undirbúa lögbannskröfu fyrir Sýslumanninum í Reykjavík á notkun Emmessíss á vörumerkinu Happs. Framkvæmdastjóri isframleiðandans segir fyrirtækið ætla að láta reyna á einkaleyfi þess á vörumerkinu.

„Við áttum í upphafi vinsamlegan fund með þeim en málið er komið í hnút. Aðalástæðan er sú að við erum búin að byggja upp í tíu ár fyrirtæki sem heitir Happ sem stendur fyrir hollustu og það er afar skaðlegt fyrir okkur að nafnið sé bendlað við vöru sem inniheldur viðbættan sykur og sælgæti,“ segir Unnur Pálsdóttir, framkvæmdastjóri og eigandi Happs.

Emmessís kynnti Happs í byrjun apríl en varan hét áður Toppís og kom fyrst á markað í nóvember. Nafninu var breytt eftir að Sýslumaðurinn í Reykjavík lagði lögbann á notkun Emmessíss á vörumerkinu Toppís að beiðni Kjöríss í Hveragerði. Líkt og kom fram í Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins um viðskipti og efnahagsmál, á mívíkudag hafa eigendur Kjöríss stefnt Emmessís fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur vegna málsins.

„Niðurstaðan hjá okkur eftir langa leit að öðru nafni var Happs og hugsunin að baki er að fólk sé að gera sér gláðan dag. Strax kemur upp sú ábending að það sé til veitingastaður sem heitir Happ sem einnig er með vörur í verslunum. Við fórum þá til okkar lögfræðinga og þá kom í ljós að enginn var með nafnið Happs skráð hjá Einkaleyfastofu en þetta var í desember,“ segir Ragnar Birgisson,



Happís hét áður Toppís en Emmessís breytti nafninu að kröfu Kjöríss. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Við erum búin að skila inn mót-mælum til Einkaleyfastofu.

Unnur Pálsdóttir, framkvæmdastjóri og eigandi Happs



framkvæmdastjóri Emmessíss.

„Í kjölfarið sóttum við um einkaleyfi á Happs og fengum það. Við höfum nú tvo valkosti eða að hætta með nafnið í annað skiptið og byrja upp á nýtt með öllu sem því tilheyrir. Eða við getum treyst því að

einkaleyfið sem við höfum sé í gildi og á það ætlum við að láta reyna,“ segir Ragnar.

Að sögn Ragnars ákvað Emmessís að hefja sölu á Happs áður en andmælaréttur hjá Einkaleyfastofu var liðinn. Ástæðan var sú að fyrirtækið vildi koma vörinni í sölu fyrir páska.

„Við erum búin að skila inn mót-mælum til Einkaleyfastofu. Við erum ekki með einkaleyfi á orðinu Happs en framleiðum vörur sem heita meðal annars Happsósa, Happsalat og Happsbrauð. Við erum núna að leita til okkar samstarfsaðila um að þeir standi með okkur og selji ekki okkar vöru við hliðina á Happs svo viðskiptavinir okkar ruglist ekki í ríminu,“ segir Unnur. haraldur@frettabladid.is

Áburðardreifingar
Grasið verður grænna með góðri og jafnri áburðargjöf

PÓR F

Reykjavík: Krókháls 16 110 Reykjavík Sími 568-1500	Akureyri: Lönsbakka 601 Akureyri Sími 568-1555	Opnunartími: Opnið alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00 Lokað um helgar	Vefsíða og netverslun: www.thor.is
---	---	---	--



HÚSASMÍÐJAN

blómavali

GRILLHÁTÍÐ

Í SKÚTUVOGI



Allir fá að smakka

Úlfar Finnbjörnsson gefur öllum að smakka grillað lambalæri frá Kjarnafæði í Skútuvogi laugardaginn kl. 13-15



Allir fá ís

í Skútuvogi í dag kl. 13-16



Lambalæri fylgir öllum grillum

Allir sem kaupa grill í Skútuvogi um helgina fá kryddlegið lambalæri frá Kjarnafæði í kaupbæti meðan birgðir endast



Blómin í garðinum

Vilmundur Hansen, garðyrkjufraeðingur verður í Skútuvogi kl. 11:30-16:00



Pú sparar: 8.000 kr.

79.990 kr

~~87.990 kr~~

Gasgrill Weber

Spirit E310 Classic, 3 ryðfrír brennarar: 9,4 kW/h - 32.000 BTU. Prýsti-uppkveikjurofi (Crossover® ignition system). 3000310

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavæði. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



Sjáðu verðið!

Broil King

SÚPER TILBOD

45.900 kr

~~55.800 kr~~

Gasgrill Royal 320

3 ryðfrír brennarar: Dual tube 8,8kW/h, rafstýrður kveikjari, grillgrind úr pottjárni, postulinshúðuð vermigrind. Grillflötur: 38x67 cm, hitamælir í loki. 3000604



Lambalæri fylgir öllum grillum í Skútuvogi



SÚPER TILBOD

47.990 kr

~~59.900 kr~~

Gasgrill Q2200

Meðfærilegt gasgrill á fótum, postulinsglerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni. Grillflötur: 39x54 cm, ryðfrír brennari 3,51 kW/h - 12.000 BTU, rafstýrður kveikjurofi. 3000378



Lambalæri fylgir öllum grillum í Skútuvogi



Sjáðu verðið!

Broil King

SÚPER TILBOD

52.890 kr

~~62.900 kr~~

Gasgrill Monarch 320

8,8Kw- 3 ryðfrír, „Dual Tube“ brennarar, grillstærð: 37,5 cm x 57,25 cm. Grillgrind úr pottjárni, hitamælir í loki. 3000603



Lambalæri fylgir öllum grillum í Skútuvogi

Ótrúlegt úrval af grillum á tilboði alla helgina um land allt



Broil King

OUTBACK



SÚPER TILBOD

990 kr

~~1.790 kr~~

Hengi-lobelia

11211012



SÚPER TILBOD

990 kr

~~1.590 kr~~

Sólboði



SÚPER TILBOD

990 kr

~~1.790 kr~~

Margarita



SÚPER TILBOD

990 kr

~~1.790 kr~~

Snædrífa

11211012



Byggjum á betra verði



FRÍ HEIMSENDING
Í VEFVERSLUN HUSA.IS
EF VERSLAB ER FYRIR 5.990 KR. EBA MEIRA



TÖLUR VIKUNNAR 14.05.2017 TIL 20.05.2017


108

sinnur for
sérsvait lög-
reglunnar
vopnuð í
útköll árið
2016.



800.000

er áætlaður kostnaður við hvern
flugtíma Landhelgisgæslunnar.



700 milljónir

hafa eigendur Hörpu lagt út síðan
2013, umfram áætlanir til að halda
uppi rekstri.

144 brot

þar sem ökumaður var grunaður
um akstur undir áhrifum ávana- og
fíkniefna voru skráð í apríl.



50 milljarða

gæti Sunda-
braut kostað
þegar allt er
talið.



300 milljónir

króna hafa þegar farið í viðgerðir
vegna myglu hjá Orkuveitu Reykja-
víkur.

150
störf

eru í hættu
vegna brott-
hvarfs HB
Granda frá
Akranesi.

Þrjú í fréttum Blekkingar, veisla og uppþot

Ólafur Ólafsson

athafnamaður

Þvertók fyrir á fundi með stjórn-
skipunar- og
eftirlitsnefnd
Alþingis að hafa
beitt blekkingum
um aðkomu þýska
bankans Hauck &
Aufhäuser að kaupum S-hópsins á
hlut ríkisins í Búnaðarbankanum.
„Hvers vegna ertu að senda okkur
þetta?“ spurði Jón Steindór Valsson
þingmaður um gögnin sem Ólafur
sendi nefndinni. Jón kvaðst hafa átt
von á nýjum gögnum.



Lif Magneudóttir

forseti borgarstjórnar

greindi frá því
að hún færi
fram á rök-
stuðning, væru
veislur á vegum
borgarinnar
dýrar. Kveðjuhöf
fyrir Svanhildi Kon-
ráðsdóttur á dögnum kostaði 400
þúsund krónur. Bjarni Brynjólfsson,
upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar,
sagði það hafa tíðkast í áraraddir að
kveðja sviðsstjóra með kveðjuhöfi.
„Mér finnst þetta ekki vera frétt, eða
þannig séð,“ sagði Bjarni.



Ólafur Helgi Kjartansson

lögreglustjóri á Sudurnesjum

mun hafa sagt á
fundum hjá flug-
virkarráði að
lítið þyrfti til að
uppþot yrðu í
flugstöðinni á
Keflavíkurflugvelli
vegna seinkana og
þess háttar. Upplýsingafulltrúi Isavia,
Guðni Sigurðsson, sagði það ekki
upplifun starfsmanna að slíkt ástand
væri ríkjandi.



Fleiri hafa fengið vitlausa lyfjaskammta

Landlæknisembættið vill meira öryggi í lyfjaávisunum til barna og koma upp viðvörnum í rafrænni sjúkraskrá. Að minnsta kosti fjögur atvik hafa verið tilkynnt til embættisins síðustu ár þar sem röngum skammti var ávísað.

HEILBRIGÐISMÁL „Við fengum tilkynningu um atvikið frá Barnaspítala Hringins og höfum strax brugðist við,“ segir Anna Björg Ara-dóttir, sviðsstjóri hjá Embætti landlæknis, og vísar þar í mál tveggja ára stúlku sem var í síðustu viku ávísað ofnæmislyfinu Atarax í margfaldrí skammtastærð og Fréttablaðið greindi fyrst frá. Lyfjaskammturinn hefði getað verið banvænn.

„Við sendum erindi á Lyfjastofnun og báðum um að þeir veki athygli lyfsala á því að gæta að því hvort skammtar eru eðlilegir eða ekki. Þá sendum við teymisstjóra rafrænnar sjúkraskrár ábendingu um að það vanti viðvörnum í kerfið. Þegar ávísaður skammtur er að einhverju leyti frábrugðinn því sem vant er þá ætti að koma upp viðvörnum og með sérstakri áherslu á börn. Ég ímynda mér að viðvörðunin gæti verið með þeim hætti að læknirinn sé spurður hvort hann sé viss um að hann ætli að ávísa þessu lyfi í þessum skammti. Það er það sem er hægt að gera að okkar mati, bæta þetta rafræna kerfi,“ segir Anna Björg sem bendir á að mistökkin geti verið fleiri og af öðrum meidi.

„Það er líka hægt að fara línuvíllt í ávisun lyfja. Við höfum nýlegt dæmi um það. Það hafði engar afleiðingar,“ itrekar Anna Björg en segir þó að málið hafi verið tilkynnt til Embættis landlæknis.

Þá kom upp áþekkt atvik og í tilvikum barnsins á heilsugæslustöð á síðasta ári. „Læknir ávísaði lyfi á barn í röngum skammti. Þá voru



Tveggja ára stúlku sem var ávísað röngum lyfjaskammti er að batna, en hún er undir eftirliti á Barnaspítala Hringins, að sögn móðurinnar. MYND/SIGRÍÐUR ÁKADÓTTIR

einnig valdar töflur í stað mixtúru,“ segir Anna Björg og segir atvikið ekki hafa haft afleiðingar á heilsu þess barns. Fjögur til fimm tilvik hafi verið tilkynnt til landlæknisembættisins á síðustu árum. „Þar var rangt lyf valið eða vitlaust form á lyfseðli. Í þessum tilvikum fóru mistökkin líka fram hjá lyfsölum,“ segir

Anna Björg. En hver ber ábyrgðina skyldi þetta henda aftur og hafa afleiðingar á heilsu fólks? „Ábyrgðin er tvíþætt. Læknir ber ábyrgð á sinni ávisun en lyfjafræðingur bera líka ábyrgð á því að tryggja að það sé ekkert rangt í lyfjagjöfni,“ segir Anna Björg.

kristjanabjorg@frettabladid.is



Svamlað á Þingvöllum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Björgunarbelti sett upp á Þingvöllum

ÖRYGGISMÁL Undanfarna daga hefur verið unnið að uppsetningu á festingum fyrir svokallað Björgvinsbelti með fram bökkum Þingvallavatns í landi Þjóðgarðsins. Um er að ræða björgunarlykkjur til að koma til aðstoðar þeim sem lenda í ógöngum í vatninu.

„Er það von Þjóðgarðsins að búnaðurinn auki öryggi gesta við Þingvallavatn,“ segir í frétt Þjóðgarðsins. Þar kemur einnig fram að Landsbjörg og Sjóvá hafi lagt björgunarlykkjur til en Þjóðgarðurinn kostað uppsetninguna. – gar

Fjölmiðlar mótmæla forsetanum

FRAKKLAND Fimmtán stór frönsk fjölmiðlafyrirtæki, þar á meðal Le Monde og Le Figaro, hafa í sameiningu sent Macron Frakklandsforseta bréf þar sem þau mótmæla því að hann láti takmarka þann fjölda fréttamanna sem fái aðgang að fundum í forsetahöllinni.

Slík stjórnun grafi undan lýðræðinu, ekki síst á tímum þegar fjölmiðlum er almennt vantrest.

Í mótmælabréfinu er einnig bent á að enginn fyrri forseta Frakklands hafi valið á milli fjölmiðla á þennan hátt. – ibs

STÓRSÝNING LAUGARDAGINN 20. MAÍ



RAM

Jeep

DODGE

Frumnýnum bíla frá RAM, JEEP og DODGE
Opið frá 12 - 17

Kíktu á öftustu opnuna í Fréttablaðinu í dag

ÍSABAND
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-17



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

NÝR YARIS FINNDU YARIS ORKUNA FRUMSÝNING Í DAG



Yaris – verð frá: 2.230.000 kr.
Yaris Hybrid – verð frá: 2.670.000 kr.

Nýr og nettur Yaris er hlaðinn orku með nýrri vél, endurbættu Hybrid-kerfi og enn meira aðdráttarafli. Yaris hefur árum saman verið rómaður fyrir frábæra aksturseginnleika sem nú fá að njóta sín til fulls í splunkunýrri og kraftmikilli hönnun.

Komdu og reynsluaktu nýjum Yaris orkubolta hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota í dag, **laugardag 20. maí kl. 12–16.**

- 2 ára þjónustupakki fylgir með Yaris
- Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



Skortur er á rannsóknarlögreglu-
mönnum í Malmö í Svíþjóð.
NORDICPHOTOS/AFP

Upplýsa fæst mordanna

SVÍÞJÓÐ Lögreglustjórinn í Malmö í Svíþjóð segir lögregluembættið þurfa 150 til 200 rannsóknarlög-
reglumenn til viðbótar. Nú er útlit fyrir að einungis takist að upplýsa þrjú af þeim 11 mordum sem framin voru í borginni í fyrra.

Lögreglustjórinn, Carina Persson, segir lögregluna leggja sig alla fram. Mörg mordanna í fyrra hafi hins vegar verið framin af glæpa-
gengjum.

Nýs skipulags er að vænta á svæðinu. Í því er gert ráð fyrir fleiri rannsóknarlög-
reglumönnum í Malmö og svæðinu þar í kring. – ibs



Finnafjörður. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Stilla ríkinu upp við vegg

LANGANESBYGGÐ Áframhald upp-
byggingar stórskipahafnar þýska fyrirtækisins Bremenports er nú sagt háð peningaframlagi úr ríkissjóði.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar segist hafa gert ráðuneytum ljóst „að ef ekki komi til fjárhagsstuðnings þá muni sveitarfélögin þurfa að hægja á þeirri vinnu sem nú er í gangi“, eins og segir í fundargerð. „Samskipti hafa verið á milli lögfræðinga sveitarfélaganna og aðila verkefnis varðandi stofnun þeirra félaga sem stofna þarf og samninga þeirra í milli. Fljótlega verður haldinn vinnufundur með sveitarstjórn og lögfræðingum hvar stada verður kynnt og rætt um næstu skref,“ segir enn fremur um vinnslu málsins. – gar

Hönd í hönd



Tveir rauðir belgiskir karlar leiðast og bíða eftir því að tvær grænar konur, sem einnig leiðast, gefi til kynna að fótgangandi sé óhætt að ganga yfir gangbrautina. Hinsegin dagar hafa staðið yfir í Brussel en hátíðin er ástæða þess að gönguljósinn hafa verið klædd í þennan búning. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Engir sjúkraflutningamenn eru staðsettir á Ólafsfirði

Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands óskaði eftir því á bæjarráðsfundi Fjallabyggðar að bærinn setti á laggirnar tíu manna viðbragðssveit til að bregðast við því að engir sjúkraflutningamenn eru í bænum. Bæjarráð hafnaði því snarlega og segir verkefnið vera á vegum ríkisins en ekki sveitarfélaganna.



Jón Helgi
Björnsson,
forstjóri HSN

„Vettvangslið er þannig sett upp að í samstarfi við slökkvilið eða björgunarsveit yrði um tíu manna teymi sem snýr að því að þegar eitthvað brátt kemur upp á séu viðbrögð skjót og lágmarksbúnaður til staðar,“ segir Jón Helgi Björnsson, forstjóri HSN. „Slík teymi eru til dæmis á Kjalarnesi, Kópaskeri og í Mývatnssveit þar sem svolitill tími fer í að koma bíl á staðinn.“



Bjarkey Olsen
Gunnarsdóttir,
þingmaður VG

„Þetta verkefni er alfarið á ábyrgð Heilbrigðisstofnunar Norðurlands og því er það HSN að leysa þau verkefni sem tengjast heilbrigðisþjónustu á vegum ríkisvaldsins í Fjallabyggð,“ segir í bókun bæjarráðs Fjallabyggðar sem hvetur forstjóra til að leita annarra leiða svo ekki þurfi að koma til þjónustuskerðingar.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir,

þingmaður VG og Ólafsfirðinga, segir málið grafalvarlegt. „Þetta er á engan hátt málefni sveitarfélagsins. Þessi þjónusta er á herðum ríkisins og það er skylda HSN að koma þessum málum í réttan farveg. Hér er um mjög mikilvægt öryggisatriði að ræða. Bæði eru auknar samgöngur á Tröllaskaga vegna ferðamennsku að vetri og sumri og því mikilvægt að öryggi vegfarenda sé tryggt,“ segir Bjarkey.

Jón Helgi segir að ákvörðun HSN standi óbreytt. „Það er miður að ekki hafi verið fallist á stofnun vettvangshópsins en ekkert við því að gera. Þetta breytir ekki ákvörðun HSN um að sjúkrabílnum verði lagt.“

sveinn@frettabladid.is



Vandaðir garðtraktorar



Cub Cadet sláttutraktorarnir eru afar vandaðir og vel útbúnir sláttutraktorar sem mæta þörfum og kröfum vandlátra garðeiganda og annarra sláttumanna.

Cub Cadet sláttutraktorarnir eru öflugir og afkastamiklir og auðveldir í notkun.

Cub Cadet
Gerir sláttinn auðveldari



Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lönsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
frá kl 8:00 - 18:00
Lokað um helgar

Vefsíða og
netverslun:
www.thor.is

weatherTM report



Margir litir

1. Regnkápa st. 36-48 **6.999**
2. Regnfrakki st. S-XXXL **6.999**

3. Regnbuxur st. 36-48 **3.499**
4. Regnbuxur st. S-XXXL **4.999**

4. Regnjakki st. 130-170 **4.999**
5. Regnbuxur st. 130-170 **2.999**

HAGKAUP
Sæmmtilegast að versla

WHEELER
WORLDWIDE
STEVENS
B I K E S



Stevens
Izoard Pro
Carbon
kr. 244.997,-
Áður 349.995,-



Wheeler
Cross Lite 6.2
kr. 87.997,-
Áður 124.995,-



Wheeler
Eagle 500 29"
kr. 132.997,-
Áður 189.995,-



Wheeler
Reactor 600 29"
kr. 95.197,-
Áður 135.995,-



Wheeler
Reactor 700
kr. 66.497,-
Áður 94.995,-

Hjólum inn í sumarið

**30% afsláttur af eldri gerðum
af WHEELER og STEVENS
reiðhjólum**

EVEREST

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSONULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF



Jens Gardar Helgason, formaður SFS, sagði gengi krónunnar ógna rekstri fyrirtækja, sem aldrei fyrr. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Undiralda á ársfundi

Gjaldtaka í sjávarútvegi, styrking krónunnar, umræða um byggðafestu og hagræðing hjá HB Granda voru meðal álitafna á ársfundi Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi. Ráðherra og formaður SFS sendu illa dulbúnar pilur sín á milli.

SJÁVARÚTVEGUR Það fór ekki fram hjá neinum sem sat ársfund Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) í gær að mikil spenna hefur hlaðist upp að undanförunni milli hagsmunaaðila í sjávarútvegi og stjórnvalda. Ráðherranefnd um gjaldtöku á greinina, sem kölluð er sáttanefnd, er eitt – en gengisþróun íslensku krónunnar er síðan sérstakt áhyggjuefni.

Kannski er bratt að lesa sérstaklega í það að Jens Gardar Helgason, formaður SFS, steig fyrstur í pontu, í stað sjávarútvegsráðherra, þvert á auglýsta dagskrá. Jens Gardar var hins vegar ekkert að skafa utan af því; sagði það alveg á hreinu að með áframhaldandi styrkingu krónunnar og „viðvarandi ástandi verður rekstrarumhverfi okkar sífellt erfiðara og tel ég að margar útgerðir og vinnslur muni leita leiða til hagræðingar með sameiningum eða sölu, eða hætta rekstri.“ Öllum landsmönnum hlyti að vera ljóst að núverandi peningastefna Seðlabanka Íslands væri ekki sjálfbær fyrir íslenskt atvinnulíf og henni yrði að breyta áður en það er of seint.

Jens Gardar fjallaði sérstaklega um nefnd sjávarútvegsráðherra sem liggur yfir endurskoðun veiðigjalda undir handleiðslu Þorsteins Pálssonar, fyrrverandi forsætis- og sjávarútvegsráðherra. Jens Gardar lagði út af orðinu sátt og sagði að í sínum huga hlyti hún þegar að vera til staðar enda nýti greinin auðlindir þjóðarinnar á sjálfbæran og ábyrgan hátt; fjárfestir fyrir milljarða tugi um allt land og tryggir að öflug fyrirtæki verði burðarásar síns atvinnusvæðis og

Að baki stjórnmalunum er vilji fólksins og þegar því er nóg boðið, þá verða breytingar.

Þorgerður
Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegsráðherra



tryggi atvinnuöryggi og hálaunastörf. Þess utan greiði hún aukalega til samfélagsins í formi auðlindagjalda – og ekki erfitt að ráða í hvert orðunum var beint.

Sagði hann umræðuna um fiskveiðistjórnunarkerfið að undanförunu, vegna ákvarðana HB Granda um að hætta vinnslu á Akranesi, hafa verið taktlaus og galið að sú ákvörðun hafi verið samfélagslega óábyrg. Uppbygging fyrirtækisins á Vopnafirði sé besta dæmið, og aðeins eitt af fjölmörgum öðrum víða um land.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sjávarútvegsráðherra var kynnt í pontu með þeim orðum fundarstjóra að hún þyrfti kannski nýja ræðu eftir breiðsíðu Jens Gardars. Hún hins vegar hóf mál sitt með því að segja að sjómannaverkfallið hefði ekki verið óskabyrjun nýs ráðherra, en niðurstaðan hefði verið ásættanleg. Hins vegar varði hún við frekari átökum enda höggid mikið fyrir marga og endanlegar afleiðingar ættu enn eftir að koma í ljós – greinin geti ekki staðið af sér annað verkfall.

Þorgerður sagði íslenskan sjávar-

útveg glæsilega atvinnugrein en sníða þyrfti samt af vissa vankanta og bæta ásýnd hennar. Sjálfbærar og ábyrgar veiðar séu staðreynd og greinin sé fjárhagslega arðbær og þjóni þannig þjóðarþúinu í heild. En, þriðja stöðin – samfélagslega sáttin um greinina – er veikburða, sagði ráðherra. Því hefði hún einsett sér að komast að skynsamlegu og sanngjörnu samkomulagi um „blessuð“ gjaldtökumálin – eins og komi fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

„Ég hef einsett mér að komast að niðurstöðu í þeim efnum sem ríkir breið sátt um,“ og vísaði til gagnrýni á að enn og aftur hafi verið skipuð nefnd sem engu muni skila. Þorgerður blés á þá gagnrýni og sagði nefndina vel geta náð árangri – fái hún frið til þess.

„Við skulum ekki falla í þann pytt að gera lítið úr slíku starfi og þar af leiðandi þeim einstaklingum sem því sinna fyrr en að niðurstaðan liggur fyrir. Ég bid ekki um meira,“ sagði Þorgerður og bætti við að annar liður í að stuðla að samfélagslegri sátt um sjávarútveginn væru byggðasjónarmiðin. Hvað sem hver segi verði að hlusta á sanngirnis- og tilfinningarök í því samhengi – og beindi máli sínu til Jens Gardars.

„Trúið mér, eftir 20 ár í pólitík þá verður manni ljóst að tilfinninga- og sanngirnisrök vega í mörgum tilvikum jafn þungt og önnur rök. Því að baki stjórnmalunum er vilji fólksins og þegar því er nóg boðið, þá verða breytingar. Þannig er það bara. Og það er kraftur sem enginn skyldi vanmeta,“ sagði Þorgerður. svavar@frettabladid.is

Ford KUGA



#HÆFASTUR

Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, aksturseginnleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi, 8" skjá, Bluetooth, raddstýringu, bakkmyndavél og fimm stjörnu öryggi svo fátt eitt sé nefnt. Ford Kuga er einstaklega hæfur til að koma þér og þínum hvert á land sem er við hvaða aðstæður sem er.

FORD KUGA AWD SJÁLFSKIPTUR FRÁ:

5.690.000 KR.



Ford er frábær!
Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Kuga

ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Málverk eftir Kristínu Jónsdóttur og Jón Stefánsson

Leitum eftir góðum málverkum, helst blómauppstillingum eftir Kristínu Jónsdóttur og Jón Stefánsson til kaups fyrir viðskiptavin.

Ný verk í sölu á:
studioslafn.is/listaverkasala

Studio Slafn, Hátúni 6B, Sími 552 4700.

STUDIO
STAFN



20 ára afmæli Samtaka lungnasjúklinga

Í dag 20. maí 2017 eru 20 ár síðan
Samtök lungnasjúklinga voru stofnuð.

Í tilefni dagsins ætla samtökin að bjóða upp á
veitingar í SÍBS húsinu í Siðumúla 6
frá kl 15 - 17.

Allir velkomnir!



Sívaliturinn er við Breningarkirkjuna þar sem rómafólk hefst við.

Sprautaðir vegna rusls við kirkjur

DANMÖRK Þegar starfsmenn Breningarkirkjunnar í Kaupmannahöfn koma til vinnu á morgnana byrja þeir á að vekja rómafólkið sem búið hefur sér náttstað fyrir framan kirkjuna.

Því næst hefst umfangsmikið hreinsunarstarf við að tína saman flöskur og dýnur, taka upp saur og skola burt þvag. Safnaðarstjórnin hefur látið sprauta starfsmenn gegn lífrarbólgu vegna smithættu af því sem er að finna í ruslinu.

Rómafólk safnast saman við fleiri kirkjur og segja kirkjunnar menn að erfitt sé að finna jafnvægið á milli náungakærleikans og þess hversu langt þetta megi ganga. – ibs



Assange flutti ávarp af svölum sendiráðs Ekvador í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Assange áfram í sendiráðinu

Stofnandi WikiLeaks er laus allra mála í Svíþjóð eftir margra ára lagaprætu. Hann getur ekki yfirgefið sendiráð Ekvador í London vegna breskra brota.

BRETLAND Sænsk saksóknaryfirvöld ákváðu í gær að fella niður rannsókn á meintri nauðgun Julians Assange, stofnanda WikiLeaks. Assange hefur eytt tæplega fimm árum í sendiráði Ekvador í London til að forðast handtöku og mögulegt framsal. Yfirvöld í Bretlandi segjast hins vegar munu handtaka Assange fyrir smávægileg brot um leið og hann stígur fæti á breska grund.

Þrátt fyrir að Svíar hafi fallið frá saksókn sinni er talið ólíklegt að Assange yfirgefi sendiráðið. Í Bretlandi biður hans refsing fyrir að hafa rofið skilyrði lausnar gegn tryggingu og þá vilja bandarísk yfirvöld endilega hafa hendur í hári hans vegna uppljóstrana WikiLeaks.

„Þetta er mikilvægur sigur fyrir

mig,“ sagði Assange þegar hann ávarpaði fjölmiðla og aðra sem safnast höfðu saman fyrir utan sendiráð Ekvadors, af svölum sendiráðsins í gær. Það var samröma álit viðstaddra að Svíinn væri fölleitari en áður enda ekki yfirgefið húsið í tæp fimm ár.

„Málinu er þó langt frá því að vera lokið. Stríðið, hið raunverulega stríð, er bara rétt að byrja,“ bætti hann við. Hann sagði einnig að WikiLeaks myndi halda áfram að berjast fyrir gagnsæi hjá stjórnvöldum og rétti manna í stafrænum heimi. Í yfirlýsingu frá breskum lögregluyfirvöldum sagði að þar í landi biði Assange refsing vegna vægari brota. Lögreglumönnum í London hefði verið falið að handtaka Svíann ef hann kæmi úr fylgsni sínu. johannoli@frettabladid.is

Helstu vendingar málsins hingað til

- 18. nóv. 2010** Gefin er út handtökuskipun á hendur Assange í Svíþjóð vegna ásakana á hendur honum um nauðgun og önnur kynferðisbrot.
- 7. des. 2010** Assange er handtekinn í Bretlandi á grundvelli handtökuskipunar Svía. Honum er sleppt níu dögum síðar gegn greiðslu tryggingar.
- 19. júní 2012** Assange leitar skjóls í sendiráði Ekvador í London eftir að hæstiréttur Bretlands ákvað að hann skyldi framseldur til Svíþjóðar.
- 16. ágúst 2012** Ekvador veitir Assange pólitískt hæli. Hann kemst hins vegar ekki til landsins því handtaka biður hans yfirgefi hann sendiráðið.
- 13. mars 2015** Saksóknarar í Svíþjóð gefast upp á því að reyna fá Assange til landsins. Þess í stað óska þeir eftir skýrslutöku í sendiráðinu.
- 13. ágúst 2015** Rannsókn á meintum kynferðisbrotum Assange er felld niður þar sem brotin þóttu fyrnd. Rannsókn á nauðguninni heldur áfram.
- 14.–15. nóv. 2016** Sænskir saksóknarar yfirheyra Assange með aðstoð starfsmanna sendiráðsins.
- 2. apríl 2017** Lenin Moreno stóð uppi sem sigurvegari í forsetakosningum Ekvador. Andstæðingur hans hafði lofað að henda Assange úr sendiráðinu.
- 19. maí 2017** Svíar fella niður nauðgunarmálið.

Langar þig í háskólanám en vantar undirbúning?

Velkomin á kynningarfund um frumgreinanám Háskólans í Reykjavík **miðvikudaginn 24. maí kl. 17:30**

Frumgreinanám er eins árs undirbúningsnám fyrir háskólanám þar sem nemendur velja háskólagrunn miðað við það nám sem stefnt er að í framhaldinu. Einnig geta þeir sem hafa lokið stúdentsprófi bætt við sig einingum í stærðfræði og raungreinum.

Opíð fyrir umsóknir til 15. júní

hr.is/frumgreinar



Ábyrgð og öll þjónusta innifalin í 2 ár.

Fylgir viðurkenndum Mercedes-Benz.



Verð 2.690.000.-

B 180 CDI

Árgerð 2013, ekinn 54 þús. km, dísil 1.796 cc 109 hö, beinskíptur.



Verð 3.990.000.-

B 180 CDI

Árgerð 2015, ekinn 11 þús. km, dísil, 1.461 cc, 109 hö, sjálfskíptur.

Mercedes-Benz



Askja notaðir bílar

Klettháls 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · notadir.is
Viðurkenndur endursöluáili Mercedes-Benz á Íslandi

Opnunartímar
Virka daga 10–18, laugardaga 12–16

Þú finnur okkur á Facebook
[facebook.com/askjanotadirbilar](https://www.facebook.com/askjanotadirbilar)



NORÐURÁL

2016

GRÆNT BÓKHALD

www.nordural.is/graentbokhald

Grænt bókhald Norðuráls fyrir árið 2016 er komið á netið. Það veitir ítarlegt yfirlit yfir öll efni sem koma við sögu í starfsemi fyrirtækisins og allt sem frá því fer.

Helstu niðurstöður eru að losun flúors, SO₂ og ryks er langt innan þeirra marka sem fyrirtækinu eru sett í starfsleyfi. Að auki hefur tekist að auka endurvinnslu, draga úr notkun ýmissa hráefna og auka umhverfisvitund starfsfólks enn frekar. Þannig drögum við úr áhrifum okkar á umhverfið eins og frekast er unnt.

Með vönduðum vinnubrögðum, bestu fánlegu tækni, umhverfisvænni orku og ekki síst framúrskarandi starfsfólki teljum við okkur hafa tekist að framleiða umhverfisvænasta ál í heimi.

- Ísland - Orka unnin úr endurnýjanlegum orkugjöfum
- Miðausturlönd - Orka unnin úr jarðgasi og olíu
- Kína - Orka unnin úr kolum

Losun CO₂ vegna starfsemi Norðuráls heyrir undir viðskiptakerfi ESB og þarf að ná markmiðum um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda.

Íslenskt ál um allan heim

nordural.is/graentbokhald

Losun flúors miðað við starfsleyfi
(kg/t Al)

75%

Losun CO₂ við álframleiðslu
(CO₂eq/Al)

1,8

Ísland

10

Miðausturlönd

15

Kína

Karlmenn eru oft tregari til að segja frá

Einn af hverjum sex körlum lendir í kynferðisofbeldi í æsku. Það tekur þá lengri tíma að segja frá en konur og þeir eru oft hræddir við fordóma. Þetta segja Gary Foster og Duncan Craig, sem stofnuðu hjálparsamtök fyrir þolendur, en sjálfir urðu þeir báðir fyrir kynferðisofbeldi í æsku. Þeir halda fyrirlestur á ráðstefnunni Einn blár strengur, sem haldin er í Háskólanum á Akureyri í dag.

Sæunn
Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



SAMFÉLAG „Kynferðislegt ofbeldi gegn körlum er ekki jafn viðurkennt og samþykkt í samfélaginu og kynferðislegt ofbeldi gegn konum. Sem þolandi tel ég ekki endilega að þetta sé erfiðara fyrir karlmenn en ég held að það séu færri rými fyrir menn til að segja frá sinni upplifun.“ Þetta segir Gary Foster, stofnandi Living Well Australia, samtaka í Ástralíu fyrir karlkyns þolendur kynferðislegs ofbeldis.

Foster ásamt Duncan Craig, framkvæmdastjóra Survivors Manchester sem sinna einnig karlkyns þolendum kynferðislegs ofbeldis, heldur fyrirlestur á ráðstefnunni Einn blár strengur á Akureyri í dag. Verkefnið Einn blár strengur á uppruna sinn í Bandaríkjunum og miðar að því að vekja athygli á að einn af hverjum sex drengjum verður fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku. Merki verkefnisins er gítar, þar sem einn blár strengur af sex í gítarnum vísar í þá sem fyrir ofbeldinu verða.



Gary Foster og Duncan Craig halda fyrirlestur í dag um karlkyns þolendur kynferðisofbeldis. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

fræði sem þeir hafa heyrt, rannsóknir sýna að um 95 prósent fórnarlamba muni ekki beita aðra kynferðisofbeldi.

Foster segir fordóma koma í veg fyrir að menn segi frá. „Við vitum að þeir sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi af hendi karlanna sem unglingar eiga erfiðara með að segja frá. Þeir hafa áhyggjur af því að menn muni velta fyrir sér kynhneigð þeirra. Fordómar gegn homnum er stór hindrun fyrir þá til að segja frá. Ég veit að á Íslandi er mikill stuðningur við samkynhneigt fólk og því ljósi eigið þið auðveldara með að aðstoða fólk.“

Craig segir Ísland eiga skilið hrós fyrir að hafa tekið vel í Einn bláan

10

árum lengur að meðaltali tekur það menn að segja frá kynferðisofbeldi í æsku en konur.

Foster og Craig munu fjalla um karlkyns þolendur kynferðisofbeldis í æsku. Einnig munu þeir standa fyrir sérstakri þjálfun fyrir fólk sem starfar með þolendum á mánudag.

Foster og Craig eru sammála um að karlmenn sem lenda í kynferðislegu ofbeldi í æsku geti átt erfitt með að segja frá því, og að ofbeldið geti haft mjög neikvæð sálræn áhrif. „Við vitum að 46 prósent manna sem upplifa kynferðislegt ofbeldi hafa reynt að fremja sjálfsvíg,“ segir Foster.

Hugmyndir um karlmennsku
Karlar eru einnig mun tregari til en konur að segja frá ofbeldinu. „Þetta hefur að gera með hugmyndir um karlmennsku. Það er mikilvægt að karlmenn hafi rými til að segja frá og þess vegna er verkefni eins og One Blue String svona mikilvægt. Það tekur karlmenn að jafnaði tíu árum lengur en konur að segja frá kynferðislegu ofbeldi í æsku. Þeir segja því fyrst frá að meðaltali 22 til 24 árum eftir að ofbeldið átti sér stað. Þeir munu eiga fyrstu djúpstæðu samræður sínar um ofbeldið 28 árum eftir að það átti sér stað og eiga uppbyggilegar samræður um það 30 árum eftir að ofbeldið átti sér stað að jafnaði,“ segir Foster.

Hann segir að viðmótið, sem karlmenn sem segi frá núna, mæti sé mun betra en fyrir nokkrum áratugum. „Við vitum að menn sem sögðu frá eða reyndu að segja frá á áttunda, níunda og tíunda áratug síðustu aldar urðu fyrir verri reynslu en þeir sem sögðu ekki frá því. Viðbrögðin við frásögn þeirra var svo neikvæð.“

Báðir mennirnir eru þolendur kynferðisofbeldis og unnu meðal annars að stofnun samtaka sinna vegna þess að þeim fannst vanta samtök sem aðstoðuðu í slíkum málum.

„Þegar ég stofnaði Survivors Manchester var það vegna þess að það var engin stuðningsþjónusta þar sem ég bjó,“ segir Craig.

„Við erum núna komin miklu lengra í umræðu um kynferðisofbeldi gegn karlmönnum,“ segir Foster. Margt standi þó enn í vegi fyrir að menn segi frá ofbeldinu.

Mýtur um þolendur

„Margir hafa heyrt tölfræði um það að menn sem upplifi kynferðislegt ofbeldi í æsku séu líklegri til að beita aðra kynferðislegu ofbeldi. Þeir eru því hræddir við að segja frá því þeir eru hræddir um að fólk haldi að þeir muni beita aðra ofbeldi,“ segir Foster.

„Þetta er hins vegar ekki rétt töl-

streng. „Við höfum séð myndbönd af fólki að spila á gítar með einum bláum streng og teljum að með því að íslenskir drengir og menn fái að sjá þetta á samfélagsmiðlum fái þeir þau skilaboð að hlutirnir geta batnað og sálarsárin geti gróid.“

Mennirnir telja að lítil samfélög eins og Ísland geti oft brugðist betur við kynferðislegu ofbeldi og afleiðingum þess. „Við höfum unnið með litlum samfélögum áður og séð að þar er oft meiri samúð og að möguleikinn til að skapa breytingar er meiri. Að vera lítið þjóðfélag þýðir að þið getið hraðað breytingum og að fáir geti breytt miklu,“ segir Foster.

Craig og Foster segja mikilvægt að segja ekki einungis frá neikvæðum viðbrögðum við því að einhver hafi upplifað kynferðislegt ofbeldi. „Það sem er skýrt frá því sem við höfum upplifað bæði í Bretlandi og víðsvegar um heiminn er að þegar einhver segir á jákvæðan hátt frá sinni sögu gerir það öðrum kleift að segja frá.“

Það er lykilatriði að við segjum ekki bara neikvæðar sögur um að einstaklingar séu skemmdir vegna ofbeldis. Við þurfum að segja sögur sem vekja von og hvatningu og sýna að þolendur geti lifað góðu og hamingjuríku lífi.“

Grillandi gott

MÚRBÚÐARVERÐ

Kailber Ferðagasgrill
2x2,5KW brennarar, grillflötur
1960cm², 5KW
29.980

Kailber KG-1503 Gasgrill 3x3KW
brennarar, grillflötur
2520 cm², 9KW
39.900

Kailber KG-KG-2 Gasgrill 4x3,5KW
brennarar, grillflötur 3036 cm², 14KW
52.880

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

SVARTFUGLSEGGIN

eru komin í Nóatún



Alla daga **8-20**

Við gerum meira fyrir þig – Nóatún Austurveri – www.noatun.is

NÓATÚN

Nýr Hyundai i30.

Hinn nýi fólkabíll.



Verð frá:
2.990.000 kr.

Hyundai i30 er hinn nýi fólkabíll.

Glæsileg tímalaus hönnun, fullkomið upplýsinga- og afþreyingarkerfi og snjall öryggisbúnaður. Hægt er að velja úr úrvali sparneytinnar bensín- og dísilvéla sem eyða frá 3,6l/100 km. Komdu og reynsluaktu hinum nýja fólkabíli sem kostar aðeins frá 2.990.000 kr.

Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Athugið að 5 ára ábyrgðarskilmálar Hyundai ná eingöngu yfir Hyundai bifreiðar sem eru seldar af viðurkenndum Hyundai söluaðila til endanlegs viðskiptavinar.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

ŠKODA DAGURI Í HEKLU ER



Grillmeistararnir verða í fínu formi
og allir finna eitthvað fyrir sig á
ŠKODA deginum í HEKLU.

NN Í DAG



ŠKODA



NÝR KODIAQ OG NÝ OCTAVIA FRUMSÝND Í DAG

Verið velkomin á ŠKODA daginn í HEKLU Laugavegi í dag milli kl. 12 og 16.

Við frumsýnum sportjeppann KODIAQ, sem hefur alls staðar slegið í gegn, og vinsæla fjölskyldubílinn OCTAVIU sem er einn mest seldi bíll á Íslandi og margverðlaunaður um allan heim. Að sjálfsgöðu verður grillið í fullum gangi, andlitsmálun fyrir krakkana og svalandi drykkir fyrir alla. Komdu og fagnaðu deginum með okkur.

Hlökkum til að sjá þig!



Pólfarar í bænum



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Ofvöxtur ferðamannaíðnaðar er ekki séríslenskt fyrirbæri. Ferðamenn fara eins og holskefla yfir marga rómuðustu staði veraldarinnar. Sums staðar er innfæddum nóg boðið. En úr vöndu er að ráða því ferðamennirnir eru lífi-brauðið.

Feneyjar eru mesti ferðamannastaður í heimi. Þar búa örfáir tugir þúsunda, en gestirnir eru á þriðja tug milljóna. Ekki er að undra þótt einstaka Feneyjabúi stynji yfir ósköpunum.

Feneyjar eru eins og litíð frímerki miðað við Ísland. Í samanburðinum er andrýmið á Íslandi óendanlegt. Fyrst Feneyingar geta tekið á móti tugum milljóna ferðamanna á hverju ári án þess að innviðirnir bresti hlýtur að vera langt í þölmörkin hjá okkur. Þess verður til dæmis ekki vart í Feneyjum að fólk komist ekki á klósett.

Við getum margt lært af Feneyjabúum. Okkur hættir til að sýna útlendum gestum óþarfa undirlægjuhátt. Yfirvöld í Feneyjum hika ekki við að setja ferðamönnum og ferðamannaíðnaðinum stólinn fyrir dyrnar. Þau banna skyndibitakeðjur. Neonskilti og áberandi auglýsingar sjást hvergi utandyra. Karlmenn mega ekki ganga um berir að ofan og konur fá ekki að spranga um á sundbol einum fata líkt og algengt er á sólríkum ferðamannastöðum. Þannig er því skipulega forðað að mannlífið verði ferðamanninum að bráð með húð og hári. Nóg er það samt. Feneyjar halda sinni sögulegu sérstöðu.

Þegar gengið er um miðborg Reykjavíkur er stundum engu líkara en maður sé kominn á fjöll. Hópar útlendinga eru klæddir eins og pólfarar. Á fögrum sumardegum minnir miðbærinn á Longyearbyen á Svalbarða. Þar fæst fátt í búðum litlu verslunargötunnar, annað en hlýjustu skjólflikur, kuldaskór – og að visu rifflar og haglabyssur til að verjast ísbjörnum. Þetta er kannski í lagi á Svalbarða. Þar hefur enginn fasta búsetu og lítið gróid mannlíf að taka tillit til.

Fínustu mathúsin í miðbæ Reykjavíkur eru gjarnan eins og mötuneyti rannsóknarleiðangurs á norðlægum slóðum – eða fjórlegur skiðaskáli. Sumir eru til fara eins og hríðarbylur sé í aðsigi. Gott að búðirnar í miðbænum selji varninginn sinn, en hvítleitt fyrir okkur sem eigum hérna heima og viljum gera okkur dagamun.

Við höfum fullt leyfi til að sakna hinna örfáu sólar-daga þegar allir gengu brosandir um á stuttbuxum og bol. Það voru gleðidagar.

Ótækt er að rútur skutli hverjum einasta ferðamanni upp að dyrum gististaða, tefji umferð og haldi vöku fyrir fólki um nætur þegar verst lætur. Það gerist hvergi á byggðu bóli. Af hverju láta leigubílstjórar bæjarins það yfir sig ganga að svo freklega sé gengið inn á þeirra verkvið?

Ferðamennirnir hætta ekki að koma til Feneyja þótt þeim sé gert að sýna gestgjöfunum og síðum þeirra eða sérvisku tilhlýðilega virðingu. Hættan felst miklu frekar í hinu, að bugta sig og beygja fyrir ímynduðum kröfum, og verða flatneskjunnir að bráð. Þannig fer mestur glansinn af mannlífinu.



Á fögrum sumardegum minnir miðbærinn á Longyearbyen á Svalbarða. Þar fæst fátt í búðum litlu verslunargötunnar, annað en hlýjustu skjólflikur, kuldaskór – og að visu rifflar og haglabyssur til að verjast ísbjörnum.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Að lemja vel gefna konu

Fyrir nokkrum vikum var þrjátíu og fjögurra ára krikketleikari, Mustafa Bashir, fundinn sekur um líkamsárás fyrir dómi í Manchester. Bashir játaði að hafa ítrekað beitt eiginkonu sína ofbeldi. Hann lamdi hana með krikketkylfu uns hún missti meðvitund, neyddi hana til að drekka baneitrað bleikiefni, lét hana innbyrða töflur og sagði henni að fyrirfara sér.

Þegar dómur var kveðinn upp ætlaði allt um koll að keyra. Um eiginkonu Bashirs hafði dómari nefnilega þetta að segja: „Ég er ekki sannfærður um að hún sé varnarlaus einstaklingur... Hún er vel gefin kona, á marga vini og útskrifaðist úr háskóla.“

Dómariinn ákvað að hlífa krikketleikaranum við fangelsisvist og dæmdi hann til átján mánaða skilorðsbundinnar refsingar.

Limmiðar og skirlífisbelti

Í upphafi þessarar viku prýddi forsíðu Fréttablaðsins frétt um átak söngkonunnar Þórunnar Antoníu Magnúsdóttur sem felst í að sporna gegn því að fólki sé byrðuð ólyfjan á skemmtistöðum. Þórunn lét útbúa sérstaka limmiða sem setja má ofan á glös til að loka þeim og koma þannig í veg fyrir að hægt sé að lauma í þau svo nefndum nauðgunar-lyfjum. Í viðtali við blaðið sagði Þórunn hugmyndina hafa vaknað þegar stúlku sem er henni nákominn var byrðuð slíkt lyf á skemmtistað og henni nauðgað. Vafalaust hafa Þórunn – og forseti Íslands sem er verndari verkefnisins – talið sig hafa verið að láta gott af sér leiða. Ekki virtust þó allir þeirrar skoðunar.

Í greinum á vefritum og í athugasemdum í kommentarkerfum var Þórunn höfð að háði og spotti: „Hvað með bara skirlífisbelti?“ – „Limmiðar fyrir konur til að líma á píkuna á sér og loka henni.“ – „Ég skil ekki hvað konur eru að gera utandyra.“ Limmiðarnir voru jafnframt sagðir „segja konum að þær beri ábyrgð á að vera ekki nauðgað“ og Þórunn var sökuð um þolendaskömmun (e. victim-blaming), að færa ábyrgð á nauðgun frá geranda yfir á fórnarlamb.

Á ári hverju er gengin svokölluð drusluganga víða um heim. Þar er þolendaskömmun mótmælt og þeirri hug-

mynd hafnað að kenna megi útliti eða klæðaburði konu um sé henni nauðgað.

Mál Mustafa Bashir ber þess skýrt vitni að baráttunni gegn þolendaskömmun og konum er hvergi nærri lokið. Vegna þess að eiginkona Bashirs var með háskólagráðu fannst dómara hún vera minna fórnarlamb; það var eins og hún hefði átt að geta varist barsmiðum hans vegna þess að hún var „vel gefin“.

Þolendaskömmun er útbreitt mein sem bráðnaðsýnlegt er að berjast gegn. Sú barátta má hins vegar ekki fara út í svo miklar ófgar að hún snúist upp í andhverfu sína.

Beint á byrjunarreit

Einstaklingar, konur og karlar, gera ýmislegt í lífinu til að reyna að verja sig gegn ófyrirséðum áföllum, þar á meðal glæpum. Við læsum húsum okkar þegar við förum að heiman, við læsum upp á töskuna okkar á almannafæri, konur fara á sjálfsvarnarnámskeið og svo mætti lengi telja. Það skammast þó enginn út í Securitas fyrir að selja þjófavarnarkerfi eða líkamsræktarstöðvar fyrir að kenna sjálfsvarnariþróttir. Af hverju eru limmiðar Þórunnar eitthvað öðruvísi?

Við erum komin í hring ef við sendum út þau skilaboð að kynferðisofbeldi gegn konum sé einhvern veginn „öðruvísi“ glæpur og reyni konur að verja sig gegn honum með „hefðbundnum“ hætti séu þær að taka á sig einhverja sök. Við erum að stunda þolendaskömmun. Við erum að segja að konur eigi hlutdeild í sektinni vegna þess að þær viðurkenndu að hætta gæti verið á ferðum. Við erum að segja að vilji kona reyna að verja sig þurfi hún að skammast sín. Skömmun er komin á fórnarlambið, umræðan er aftur orðin tabú og við erum komin á byrjunarreit.

Í stað þess að úthrópa þá sem vekja máls á glæp sem þrífst á þögn og hirist í skuggum, væri ekki nær að taka saman höndum og opna umræðuna enn frekar? Þeir sem settu sig upp á móti átaki Þórunnar sögðu að réttara væri að segja nauðgurum að hætta að nauðga en að segja fólki að verja sig gegn nauðgurum. Annað útilokar ekki hitt. Eftirfarandi skilaboð mætti til dæmis setja fram á limmiða: Ekki vera nauðgari.

Ve VINNUEFTIRLITIÐ

FRUMKVÆÐI • FORVARNIR • FAGMENNSKA

Vegna flutnings á aðalskrifstofu Vinnueftirlits ríkisins frá Bildshöfða 16 að Dvergshöfða 2 verður skrifstofan lokað 22.-24. maí.

Tekið er á móti áriðandi erindum í síma 550-4600. Aðrar skrifstofur stofnunarinnar verða opnar eins og venja er sjá heimasíðu Vinnueftirlitsins:

vinnueftirlit.is

Vinnueftirlitið opnar að Dvergshöfða 2, föstudaginn 26 maí.



RENAULT
Passion for life

NÝR TALISMAN

BÍLL ÁRSINS 2017 AÐ MATI BANDALAGS
ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA (BÍBB)



NÝR RENAULT TALISMAN DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,7 L/100 KM**

Renault Talisman er nýja flaggskipið í Renault fjölskyldunni. Hann var valinn fallegasti bíll ársins af samtökum bílaframleiðenda og er eini bíllinn í sínum stærðarflokki sem fánlegur er með Multi Sense akstursstillingakerfi og fjórhjólasyringu.

VERÐ FRÁ: 3.690.000 KR.

Staðalbúnaður í Zen útgáfu: 5 stjörnur í EuroNCAP árekstarprófunum - 17" álfelgur - 7" snertiskjár og íslenskt leiðsögukerfi - Brekkuaðstoð (Hill Start assist) - LED dagljós - Þokuljós á framstuðara - Afturljós 3D LED - Dekkjaþrýstingskerfi - Hraðastillir (Cruise control) - Rafdrifnar rúður - Leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum - Handfrjáls símabúnaður (Bluetooth) með raddstýringu - 2ja svæða tölvustýrð loftkæling - Hiti í framsætum - Hæðarstillanlegt sæti fyrir ökumann - Armpúði milli framsæta - Rafdrifnir upphitaðir útispeglar - Fjarlægðarvari að framan og aftan - Regnskynjari fyrir rúðupurrkur - Sjálfvirk birtuskynjun á aðalljósum (High beam assist) - Akreinavari (Lane departure warning) - Vegaskiltanemi (Roadsign recognition) - Rafdrifin handbremsa.

Aukalega í Intens útfærslu: 8,7" spjaldtölvuskjár - 18" álfelgur - Lykillaustr aðgengi LED aðalljós - Skyggðar afturrúður - MULTI SENSE akstursstillingakerfi.
130 hestöfl, dísil, sjáfskiptur, verð: 4.890.000 kr.



**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“**

OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12–16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



FRÉTTABLAÐID **SPORT**

Samanburður á liðum FH og Vals sem spila til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn í Kaplakrika á morgun Tölfræði úr úrslitaeinvíginu er fengin frá HB Statz.



Vinstri hornamenn
Vignir Stefánsson, Val
13 mörk (52%)
Arnar Freyr Ársælsson, FH
10 mörk (63%)



Hægri hornamenn
Sveinn Aron Sveinsson, Val
14 mörk (64%)
Óðinn Þór Ríkharðsson, FH
10 mörk (43%)



Varnarleikurinn
Varnarleikur Valsmanna hefur verið þeirra aðall í allan vetur og hann er aldrei betri en á erfiðum úti-völlum. Hvort síðasti leikur var slys eða tákmynd þess að þreyta sé komin í liðið eftir miðað álag verður að koma í ljós.



Bekkurinn
Valsmenn hafa verið að fá meiri framlög frá bekknum í leikjunum til þessa í úrslitaeinvíginu en þjálfarar Valsliðsins hafa byggt upp frábæra breidd í vetur.



Línurmenn
Orri Freyr Gíslason, Val
11 mörk (69%)
Ágúst Birgisson, FH
7 mörk (64%)



Markverðir
Birkir Fannar Bragason, FH
36 varin (35%)
Ágúst Elfi Björgvinsson, FH
13 varin (25%)
Sigurður I. Ólafsson, Val
32 varin (34%)
Hlynur Morthens, Val
15 varin (25%)



Vinstri skyttur
Ásbjörn Friðriksson, FH
20 mörk (63%)
og 9 stoðsendingar
Josip Juric Grgic, Val
13 mörk (52%)
og 10 stoðsendingar



Hægri skyttur
Einar Rafn Eðsson, FH
19 mörk (58%)
og 12 stoðsendingar
Ólafur Ægir Ólafsson, Val
11 mörk (52%)
og 13 stoðsendingar



Leikstjórnendur
Gísli Kristjánsson, FH
27 mörk (73%)
og 15 stoðsendingar
Anton Rúnarsson, Val
14 mörk (52%)
og 9 stoðsendingar



Staður og stund
FH-ingar eru á heimavelli, þeir unnu sannfærandi sigur á Val í síðasta leik og þjálfari liðsins hefur unnið oddaleik um titilinn bæði sem leikmaður og þjálfari.

ERFITT PRÓF BIKARMEISTARA

Bikarmeistarar Vals fengu erfiðan leik í 16-liða úrslit Borgunbikarsins en dregið var í gær. Valur mætir Stjórnunni þann 31. maí og verður leikurinn sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.

Einn annar Pepsi-deildarslagur verður í umferðinni er ÍBV tekur á móti Fjölni á Hásteinsvelli. Þá mætast fornu Reykjavíkuveldin ÍR og KR í Breiðholti.

Tvö lið úr 2. og 3. deildinni komust áfram og fengu bæði heimaleik. Viðir tekur á móti Fylki og Ægir mætir Víkingi R. í Þorlákshöfn.

MEISTARAEILDARSÆTI Í HÚFI

Lokaumferðin í ensku úrvalsdeildinni fer öll fram á morgun klukkan 14.00. Chelsea er þegar orðið meistari og þá er fallbaráttan buin en Hull, Middlesbrough og Sunderland leika öll í B-deildinni á næstu leiktíð. Þá er Tottenham öruggt með annað sætið.

Mesta spennan verður í baráttunni um Meistaradeildarsætin en fjögur efstu liðin fá þátttökurétt í keppni þeirra bestu í Evrópu á næstu leiktíð. Manchester City stendur best að vígi í þriðja sæti en Liverpool er í því fjórða, tveimur stigum á eftir. Stigi á eftir er Arsenal sem þarf því að treysta á að annað hinna liðanna, helst Liverpool, mistígi sig á morgun.

Stöð 2 Sport verður með sjö leiki í beinni útsendingu á morgun eins og sjá má í dagskránni hér fyrir neðan.

Dagskrá

Pepsi-deild karla:
S 14.00 Vík. Ó - ÍBV Ólafsvíkurv.
S 19.15 Vík. R - Breiðabl. Víkingsv.
S 20.00 Stjarnan - KA Samsungv.

Ólis-deild karla:
S 16.00 FH - Valur Kaplakriki

Pepsi-deild kvenna:
L 14.00 Stjarnan - Grind. Garðab.
L 14.00 Fylkir - Valur Floridana-v.
L 14.00 ÍBV - FH Hásteinsv.
L 16.00 KR - Þór/KA Alvogen-v.

Laugardagur
13.25 Dortmund - Bremen Sport
13.25 Hoffenh. - Augsburg Sport 3
13.30 Formúla E: París Sport 2
15.50 KR - Þór/KA Sport 2
17.00 AT&T Byron N. Golfstöðin
21.00 LPGA Sport 4
01.00 NBA: Spurs - Warriors Sport

Sunnudagur
13.50 Liverpool - Boro Sport
13.50 Arsenal - Everton Sport 2
13.50 Chelsea - Sunderl. Sport 3
13.50 Watford - Man. City Sport 4
13.50 Man. Utd. - C. Palace Sport 5
13.50 Swansea City - WBA Sport 6
13.50 Hull - Tottenham Stöð 3
15.55 Fylkir - Keflavík Sport
17.00 AT&T Byron N. Golfstöðin
17.55 Barcelona - Eibar Sport 4
17.55 Malaga - R. Madrid Sport 2
19.05 Vík. R - Breiðablik Sport 3
19.45 Stjarnan - KA Sport
21.00 LPGA Sport 4
00.30 NBA: Cavs - Celtics Sport 2

Enginn dagur eftir þennan dag

FH og Valur leika hreinan úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn í handbolta karla í Kaplakrika á morgun. Fréttablaðið ber í dag saman leikstöðurnar og bestu leikmennina hjá þessum tveimur jöfnu liðum.

HANDBOLTI Spennustigið, varnarleikurinn og markvarslan. Allt mjög mikilvægir þættir á úrslitastundu í handboltanum og munu því skipta miklu máli í Kaplakrika klukkan 16.00 á morgun þegar FH tekur á móti Val í hreinum úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn í Ólis-deild karla.

Heimaliðið á enn eftir að vinna leik í úrslitaeinvíginu en leikurinn á morgun verður allt ódrúvísi leikur en þeir fjórir sem búnir eru. Á morgun er enginn morgundagur, úrslitastund fyrir tvö jöfn lið sem hafa boðið upp á mikla skemmtun í lokaúrslitunum til þessa. Markatalan er 107-106 fyrir Val eftir fjögurra klukkutíma leik sem segir margt um hversu litlu munar á þessum tveimur bestu handbolta-landins.

Það verða mörg mikilvæg stríð háð úti um allan völl og þótt liðsheildin skipti vissulega mestu máli í þessum leik þá mun frammistaða einstakra lykilmanna vegna mjög þungt.



Hinn sautján ára gamli FH-ingur Gísli Kristjánsson er bæði með flest mörk (27) og flestar stoðsendingar (15) í einvíginu. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

Oddaleikurinn um titilinn er enginn venjulegur leikur og enginn leikmaður á vellinum á morgun þekkir það að vinna slíkan leik. Tveir í Vals-

liðinu voru hins vegar með þegar liðið tapaði oddaleik um titilinn í Hafnarfirði 2010 en það eru fyrirliðinn Orri Freyr Gíslason og markvörð-

urinn Hlynur Morthens. Óskar Bjarni Óskarsson, annar þjálfari Valsliðsins í dag, stýrði Valsliðinu á Ásvöllum þennan laugardag í maí 2010.

Á móti kemur að Valsmenn hafa alltaf verið bestir á úrslitastundu í vetur og þeir hafa þegar unnið einn oddaleik á úti-velli í þessari úrslitakeppni sem var á móti ÍBV í Vestmannaeyjum í 8 liða úrslitunum.

FH-ingar voru búnir að vinna sex heimaleiki í röð og höfðu ekki tapað og unnið 8 af 9 heimaleikjum sínum á árinu 2017 þegar þeir komu inn í lokaúrslitin á móti Val en hafa ekki verið líkir sjálfum sér í leikjunum í Kaplakrika. Nú er síðasti möguleikinn til að sýna sitt rétta andlit á sínum heimavelli.

Fréttablaðið fór yfir hverja leikstöðu fyrir sig og mat frammistöðu manna í úrslitaeinvíginu til þessa. Það er í höndunum á einhverjum af þessum leikmönnum að gera útslagið á úrslitastundu í Krikanum á morgun. ooj@frettabladid.is

lokað á laugardögum í sumar

SAMSUNG

SAMSUNG
SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

HTH AEG
BANG & OLUFSEN

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Glæsilegur

Hyundai Tucson

Fjór hjóladrifinn sjálfskiptur eða beinskíptur, bensín eða dísil



Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, framhjóladrifinn eða fjór hjóladrifinn með sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð. **Hyundai Tucson - 4wd, dísil, ssk. Verð frá 4.890.000 kr.**

Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Hyundai Tucson 2wd / Dísilvél 1,7 lítrar, 141 hestöfl, eldsneytisnotkun 4,9 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,9 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16



EASY

Hornsófi 2H3. Dökk- eða ljósgrátt áklæði. Stærð: 295 x 215 x 95 cm. Aukahlutir á mynd: Hnakka- og millipúðar

159.990 kr. ~~239.990 kr.~~



ELLY sófi og stóll

Þriggja sæta sófi og hægindastóll. Town dökkgrátt áklæði og dökk-rátt, dökkgrátt og dökkblátt sléttflauel. Stærð sófa: 183 x 82 x 85 cm

Sófi

69.990 kr. ~~99.990 kr.~~

Stóll

43.990 kr. ~~54.990 kr.~~

SMÁVARA Á TILBOÐI UM HELGINA Í HÖLLINI OG Á AMAZING HOME SHOW

SMÁVARAN OKKAR

15% AFSLÁTTUR AF ALLRI SMÁVÖRU UM HELGINA



H
HÚSGAGNA
HÖLLIN

Nýtt og spennandi
fyrir lifandi heimili



OLVIRIA

Heimófi með tungu. Hæðri 125. Minnsti tunga.
Grátt eða dökkgrátt áklæði. Stærð: 326 x 261 x 78 cm

269.990 kr.

~~369.990 kr.~~

Reykjavík
Bíldshöfði 20

Akureyri
Dalsbraut 1

Ísaförð
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísaförð
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Þú finnur nýja bælinginn okkar á
www.husgagnahollin.is

amazing
HOME SHOW

Vertu velkomin/n til okkar
á bása D9 og E12 sýningunni



Levanto hægingastóll í leðri.
Fáanlegur svartur, hvítur,
rauður, dökkbrúnn, koníaks-
brúnn, ljós- og dökk grár.

Levanto stóll
79.990 kr. ~~99.990 kr.~~

LEVANTO
Danskir hægingastólar
sem hafa slegið í gegn.
Hallanlegir með snúningi.
Stærð: 77 x 75 x 109 cm

Levanto skammell
19.990 kr. ~~24.990 kr.~~

Nýtt og spennandi fyrir lifandi heimili

BOYD
Þriggja sæta sófi.
Dökkgrátt sléttflauel áklæði.
Stærð: 215 x 87 x 78 cm



79.990 kr. ~~119.990 kr.~~



PALOMA
Hægingastóll frá Furninova. Laxa-
bleikt eða grátt slitsterkt áklæði.

59.990 kr. ~~79.990 kr.~~



UMBRIA
Hornsófi með tungu.
Hægri eða vinstri tunga.
Grátt eða dökkgrátt áklæði.
Stærð: 326 x 261 x 78 cm

269.990 kr. ~~369.990 kr.~~

IDdesign

ALBERTA
Borðstofustóll,
grátt eða svart
PVC áklæði.



6.490 kr. ~~8.990 kr.~~

DIMA
Borðstofustóll.
Svartur eða hví-
tur með viðarli-
tum löppum eða
allur svartur eða
allur hvítur.



8.990 kr. ~~12.990 kr.~~

EIFFEL
Eldhússtóll
með króm-
löppum. Litir:
Rautt, turkis,
grátt, svart
eða hvítt.



9.990 kr. ~~11.990 kr.~~

NEPTUN
Eldhússtóll.
Svartur eða
hvítur og
krómaðar
lappir.



6.990 kr. ~~11.990 kr.~~

ANDREW
Borðstofus-
tóll. Fæst í
bundnu leðri,
svörtu, hvítu
eða brúnu.



12.990 kr. ~~16.990 kr.~~

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með
fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

HÚSGAGNA
HÖLLIN

Græja hjólin fyrir sumarið

Margir taka hjólin sín aftur í notkun eftir veturinn um þessar mundir. Liðsmenn Dr. Bæk aðstoða reiðhjólæigendur fyrir utan Borgarbókasafnið í Sólheimum í dag, skoða hjólin þeirra og votta heilsu þeirra.

Stundum eru hjólin í skelfilegu ásigkomulagi,“ segir Sólver Sólversson, einn doktora Dr. Bæk teymisins, sem aðstoðar reiðhjólæigendur við að yfirfara hjól sín fyrir sumarið. Doktorarnir eru allir af vilja gerðir og gera ástandsskoðun fyrir utan Borgarbókasafnið í Sólheimum í dag. Þeir geta þó ekki gert við ónýtt hjól. „Fólk kemur kannski með barnahjól sem það álitur leiktæki en þetta eru farartæki sem þurfa að vera örugg,“ bendir Sólver á og gefur líka vinsamlegar ábendingar um hvað mætti betur fara.



**VIÐ HÖFUM TEKID HJÓL SEM ERU ALLS
EKKI ÖRUGG FARARTÆKI ÚR UMFERÐ.
VÆNTINGARNAR ERU OFT MIKLAR EN
VIÐ GETUM EKKI LAGAÐ MJÖG
SKEMMD HJÓL.**

Doktorarnir hafa þó tekið hjól úr umferð til að tryggja öryggi eigendanna. „Við höfum tekið hjól sem eru alls ekki örugg farartæki úr umferð. Væntingarnar eru oft miklar en við getum ekki lagað mjög skemmd hjól. Við gerum fyrst og fremst ástandsskoðun en græjum líka aðeins,“ segir Sólver.

Dr. Bæk kemur með farandskoðunarstöð með sér, pumpu, olíu og skiptilykla. Liðsmenn dr. Bæk verða með skoðunarstöð sína við bókasafnið kl. 11.00-14.00.

Hver skyldu vera algengustu mistök sem reiðhjólæigendur gera í viðhaldi hjóla sinna? „Það er mjög algengt að fólk maki olíu á keðjuna. Á olíuna safnast agnir af götunni og þannig verður löðrandi keðja að nokkurs konar þjöl sem eyðir tannhjólunum. Þá er líka algengt að fólk hafi annaðhvort of lítinn eða of mikinn þrýsting í dekkjum hjóllanna. Hámark og lágmark er tiltekið á dekkjunum. Það er gott að huga að því,“ segir Sólver. „Þá mæli ég með því að geyma hjólin inni til að varna ryði og fleiru.“

kristjanabjorg@frettabladid.is




Liðsmenn Dr. Bæk eru allir af vilja gerðir og gera ástandsskoðun á reiðhjólum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Hér biða börn við Breiðholtsskóla eftir að Darri Mikaelsson, einn doktoranna hjá Dr. Bæk, geri ástandsskoðun á hjólum þeirra. Sólver Sólversson segir foreldra þurfa að vanda sig við hjólreiðakaup því að barnahjól þurfi að vera örugg farartæki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**ERTU LÖNGU HÆTT/UR AÐ REYKJA EN
SITUR UPPI MEÐ SKEMMDIRNAR!**



Fyrir

Eftir

**ÞAÐ ER RAUNVERULEGA HÆGT AÐ
FJARLÆGJA REYKINGAHRUKKURNAR**

**PANTAÐU FRÍAN TÍMA
Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA
893-0098**



Snyrtistofan Hafblik

Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

HAM hitar upp fyrir Rammstein

Embættismannahljómsveitin HAM mun hita upp fyrir tónleika þýsku sveitarinnar Rammstein. Tónleikarnir fara fram í Kórnum í kvöld og verður talið í klukkan átta í kvöld.

Þetta er í annað sinn sem akkúrat þessar sveitir stíga saman á svið á íslensku grund. Það gerðist síðast árið 2001 í Laugardalshöll en þeir tónleikar eru greyptrir í miðtaugakerfi þeirra sem þá sáu. Má gera ráð fyrir að svipað verði uppi á teningnum í kvöld.

Nýtt lag með HAM, Vestur-Berlín, hefur fengið að óma um öldur ljósvakans síðustu daga en í pípunum er platan Söngvar um helvíti manna. Sveitin mun bjóða upp á nýtt efni í bland við eldri slagara á borð við Dauða hóru, Ingimar, Musculus og Partybæ á upphitunartónleikum í kvöld.




HAM flokkurinn er þéttur nú sem fyrr. MYND/MARINÓ THORLACIUS

VIÐ OPNUM Í KAUPTÚNI

23. MAÍ KL. 9.00

3
DAGAR Í OPNUM

Síðasta tækifæri til að skrá sig fyrir opnun og fá opnunartilboð og 1.500 kr. gjafabréf



Costco Wholesale er vöruhús og meðlimaklúbbur, sem leggur metnað sinn í að bjóða meðlimum sínum hágæða vörur og þjónustu á lágsta mögulega verðinu.

Fyrirtækjaaðild



Þér er heimilt að sækja um fyrirtækjaaðild, ef þú átt eða rekur fyrirtæki. Til þess að gerast meðlimur hjá Costco, og byrja að spara, er nauðsynlegt að framvísa kennitölu fyrirtækis.

Árgjald fyrirtækjaaðildar er **3800 kr.** með vsk og með aðildinni fylgir aukakort fyrir maka, sambýling eða fjölskyldumeðlim, 18 ára eða eldri, með sama heimilisfang.

Einstaklingsaðild



Öllum einstaklingum, 18 ára og eldri, er heimilt að sækja um einstaklingsaðild.

Árgjald einstaklingsaðildar er **4800 kr.** með vsk og með aðildinni fylgir aukakort fyrir maka, sambýling eða fjölskyldumeðlim, 18 ára eða eldri, með sama heimilisfang.



Sækið um aðild og fáðið gjafabréf í Costco og njótið sértíloboða!*

Skráning aðildarumsókna er hafin á www.costco.is

Skráningarskrifstofur í Kaupþúni eru opnar mánudaga til laugardaga 10-19 og sunnudaga 10-18.

Costco Iceland, Kaupþún 3, 210 Garðabær - Sími 532 5555 - Netfang costco@costco.is - www.costco.is

*Tilboðið gildir þegar þú sækir um aðild í Kaupþúni fyrir opnunardag. Tilboðið er einungis hægt að nýta fyrsta aðildarárið. Eitt gjafabréf er í boði fyrir hvert heimili. Tilboðið er ekki hægt að yfirfæra á aðra meðlimi og gildir ekki með öðrum tilboðum. Gjafabréfin er ekki hægt að innleysa fyrir reiðufé. Costco tekur við greiðslum í formi reiðufjár, kreditkorta eða debetkorta. Til þess að nýta tilboðið er nauðsynlegt að vera með aðild.

Matarhörfur Norðurlandabúa

Í Færeyjum hafa íbúar gott aðgengi að ferskum fiski á góðu verði. Í Danmörku er mikið úrval lífrænt ræktaðs grænmetis í höfuðborginni. Í Svíþjóð þykir erfitt að kaupa inn lítið magn í einu og hátt verð í verslunarkerðjum. Í Finnlandi hefur orðið bylting í vöruúrvali. Á Íslandi þykir úrval af fiskmeti lítið og verð á grænmeti hátt.

FÆREYJAR



Ferskur fiskur oftast á borðum

Urd Johannesen keypti inn fyrir eiginmann og tvo syni. Hún segir Færeyinga oftast vera með ferskan fisk á borðum og að sjálfbærni skipti þá miklu máli. Lífrænn matur verður sífellt vinsælli.

Fjölskyldan

Við erum fjögur í fjölskyldunni. Ég, maðurinn minn og tveir synir. Bernharður Wilkinson (66 ára), Urd Johannesen (50 ára) og synir, Hjalte F. Bachmann (22 ára) og William Wilkinson (13 ára).

Alltaf til í ísskápnunum

Mjól, jógúrt, smjör, egg, beikon, ostur, sulta, lýsi og lífrænt pylsu-álegg á brauð.

Morgunverður

Ég og maðurinn minn fáum okkur brauð með smjöri, osti og hunangi, drekkum sitrónuvatn og tókum inn lýsi. Hjalte fær sér egg og múslí með mjólk. William fær sér morgunkorn með mjólk eða jógúrt.



Oftast í kvöldmatinn

Kjúklingur, fiskur eða nautahakk með annaðhvort hrísgrjónum, kartöflum eða pasta með grænmeti eða salati.

Matarúrvalið hefur batnað mjög mikið síðustu fimm ári. Það er meira úrval af framandi mat og kryddi. Einnig hefur úrval af lífrænum mat batnað töluvert þótt enn megi gera betur, sér í lagi í minni bæjarfélögum í Færeyjum. Flestir hér kaupa lífræn egg, þau seljast mun betur en önnur egg. Úrval matar og grænmetis er betra í Þórshöfn en á fjarlægari eyjum. Fólk borðar mikið af fiski. Fiskurinn er mjög ferskur en hann er ekki hægt að kaupa í öllum búðum. Fólk veiðir hann ekki endilega sjálft í höfuðborginni eins og í minni plássum um eyjarnar. Það er meiri sjálfbærni utan borgarinnar og fólk þar hefur meiri aðgang að ferskum meti, bæði lambkjöti og fiski.

Kostnaður hár við innkaup

Kostnaður við matarinnkaup er mjög hár á innfluttum mat og heldur áfram að hækka að því virðist. Við sjáum auglýsingar um mat í Danmörku og það er rosalegur verðmunur. Kostnaður við nauðsynjar, svo sem mjólk, hefur einnig hækkað síðustu ár og það verður sífellt erfiðara fyrir barnmargar fjölskyldur að brauðfæða sig.

Það þarf að auka við úrval á lífrænum mat og vinna í lægra matvöruverði. Það þarf að hvetja fólk til að kaupa minna magn í einu og minnka matarsóun. Það er erfitt hér fyrir einstæða foreldra og eldri borgara að kaupa í matinn það magn sem það þarf.

NOREGUR



Brauð og rautt kjöt

Anne Gunn Halvorsen, rithöfundur og blaðamaður, eyddi heilu ári í að kynna sér helstu þætti lífsins, þeirra á meðal mat. Norðmenn borða mikið af brauði og rauðu kjöti. Niðurstaðan var að kjötát er varasamt.

Fjölskyldan

Við erum fjögur í fjölskyldunni. Ég, eiginmaður minn, Henny (4 ára) og Hav (2 ára).

Alltaf til í ísskápnunum

Mjól, súkkulaði, smjörliki, gúrka og pylsur úr lambkjöti.

Morgunverður

Brauð, brauð og brauð!

Oftast í kvöldmatinn

Við reynum að hafa kjötlausu mánudaga og borðum fisk að minnsta kosti þrisvar í viku svo við deyjum ekki ótímabærum dauðdaga!

Okkar glataði matvörumarkaður býður ekki upp á mjög góðan fisk svo við borðum oftast fiskibollur og fiskistauta og aðrar draslútgáfur af iðndarfiski. Ég vona að við fáum ekki krabbamein.

Matur og kvíði

Anne Gunn gaf nýverið út bókina *Livet og korleis leve det*, sem mætti snara yfir á íslensku: Lífið og hvernig á að lifa því. Bókin sló í gegn í Noregi. „Bókin samanstendur af fimm köflum, í hverjum þeirra reyni ég að kryfja hvað skiptir okkur mestu máli og hvernig við getum tekist á við það. Ég fjalla um ást, tímastjórnun, peninga, dauða og mat.“

Anne Gunn skrifaði bókina vegna þess að hún var þreytt á því að velta því fyrir sér hvernig hún ætti að lifa lífinu sem fullorðin manneskja. „Ég helgaði eitt ár í lífi mínu því að finna út úr þessu öllu saman. Ég hitti fjölmarga prófessora, vísindamenn, las tölfraði og tók viðtöl við venjulegt fólk, allir sögðu mér frá því hvernig þeir tækla lífið. Ég varð vitrari, minna kvíðin og hætti að eyða tíma í vangaveltur.“

Ég valdi að hafa einn kafla um mat vegna þess að ég les mikið um mat í fréttum sem valda mér kvíða. Allt var orðið svo hættulegt allt í einu. Þú ættir ekki að borða kjúkling vegna sýklalyfjaónæmis, þú ættir ekki að drekka limonaði eða borða jógúrt vegna mikils sykurrinnihalds. Rautt kjöt veldur krabbameini og brauð ætti aldrei að kaupa í verslunum. Þau eru alltof sölt (og einnig krabbameinsvalandi). Sem móðir tveggja drengja sem vilja vera á lífi þá leið mér eins og það væri ómögulegt að gera það rétta. Jafnvel grænmeti og ávextir



eru þaktir eiturefnum frá ógnvænlegum býlum í fjarlægum löndum. Svo ég ákvað að kafa í málið með aðferðum blaðamennskunnar. Til að komast að því hvað ég ætti í raun að vera hrædd við og forðast og það mikilvægasta, hvers væri öruggt að neyta.“

NIÐURSTAÐAN: Varist rautt kjöt! Ég hitti vísindamenn og kynnti mér tölfraði og uppgötvaði nokkuð mjög merkilegt. Við borðum heilnæmara fæði en nokkru sinni áður. Uppáhaldsprófessorinn minn í Noregi, Rune Blomhoff (Óslóarháskóla) sagði einnig að hann langaði ekki lengur að taka þátt í umræðu um hollustufæði í fjölmíðlum vegna þess að það þýddi slag við fólk með litla menntun og þekkingu (svo sem einkabjálfa, bloggara...)

Og jafnvel þótt hann hefði allar staðreyndir málsins, þá meðtaki fólk þær ekki. Ég komst einnig að því að það sem þú ættir að hræðast er rautt kjöt og að verða of þungur. Það er það sem dreypur þig, allt hitt skiptir ekki svo miklu máli.

DANMÖRK



Lífrænt ræktað grænmeti

Ann Odgaard Sørensen og fjölskylda borða mikið af lífrænt ræktaðu grænmeti og annarri matvöru. Hún segir úrval slíkrar fæðu gott í höfuðborginni en lítið í dreifbýli.

Fjölskylda

Ann (36 ára), Svend (1 árs), Karen (3 ára) og Peter (34 ára).

Alltaf til í ísskápnunum

Grænmeti, mjólk, jógúrt og ávextir.

Morgunverður

Haframjöl með mjólk eða rúgbrauð með osti.

Kvöldverður

Við borðum helst grænmeti og fisk og sjaldan kjöt. En aðallega borðum við alls konar grænmetisrétti.

Það er mjög mikill munur á því hversu miklu fjölskyldur eyða í mat eftir því hvort fólk býr í borg eða minni bæjum á borð við til dæmis Jótland. Og úrvalið er annað líka. Við borðum mikið af lífrænum mat og oftar grænmeti en kjöt. En þegar við heimsækjum

foreldra mína á Jótlandi þá eru lífrænar vörur ekki til, nema þá helst mjólk.

Ég vona að allar stórværslanir og bændur í Danmörku verði vistvæn, við verðum að hugsa betur um jörðina og það myndi bæta lífsgæði mín og allra annarra.

ÍSLENDINGUR Í DANMÖRKU



Hollara og ódýrara

Aníta Eldjárn býr í Kaupmannahöfn og segir Dani borða mun hollara fæði og hafa betra aðgengi að lífrænum mat á viðráðanlegu verði.

Fjölskylda

Aníta Eldjárn (31 árs).

Alltaf til í ísskápnunum?

Ég á alltaf nóg af ávöxtum og grænmeti, mjólk, rúgbrauð, pestó, hummus, lífrarkæfu, egg, morgunkorn og sóðavatn.

Morgunverður

Bananar, morgunkorn og kaffi.

Kvöldverður

Ég elda ekki mikið nema ég eldi með meðleigendum mínum. Þegar við eldum gerum við oftast mexíkóskan mat eða pasta. Ef ég borða ein er mál-tíðin mjög einföld: rúgbrauð, egg og grænmeti.

Ég myndi segja að maturinn hér sé mun hollari. Danir borða mikið rúgbrauð og hér er mun minna um hvítt brauð. Hér er líka hægt að fá nánast allt lífrænt og á viðráðanlegu verði. Hið gamla góða smørrebrød er líka mjög vinsælt og mun betri og hollari kostur en skyndibiti á Íslandi.



Það er mjög mikill munur á verði. Hér hef ég efni á að kaupa mun meiri og hollari mat. Ég á til dæmis alltaf ávexti og grænmeti sem er eitthvað sem ég leyfði mér minna að kaupa á Íslandi sökum verðs. Úrvalið er svipað en hér geturðu alltaf valið lífræna vöru sem er mikill kostur.

ÞÁ HEFJAST ÚTSKRIFTIR!



25%
vildar-
afsláttur

PINWORLD heimskort
með pinnum
VILDARVERÐ FRÁ: 4.649.-
Verð frá: 6.199.-



Ferðataska IT (55, 70, & 80 cm)
VILDARVERÐ FRÁ: 10.799.-
Verð frá: 17.999.-




25%
vildar-
afsláttur

HERE hnattlíkan
með pinnum
VILDARVERÐ FRÁ: 3.749.-
Verð frá: 4.999.-




25%
vildar-
afsláttur

CROSS Click
kúlutússpenni
VILDARVERÐ: 4.499.-
Verð: 5.999.-



20%
vildar-
afsláttur

501 Must-Visit Cities
VILDARVERÐ: 2.399.-
Verð: 2.999.-




20%
vildar-
afsláttur

Medicine
VILDARVERÐ: 3.999.-
Verð: 4.999.-




25%
vildar-
afsláttur

LAMY 2-in-1
kúlupenni & skrifblýantur
VILDARVERÐ: 5.729.-
Verð: 7.639.-



Íslensk öndvegisljóð
VILDARVERÐ: 5.599.-
Verð: 6.999.-



Undur Mývatns
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð: 3.999.-



Spámaðurinn
VILDARVERÐ: 2.699.-
Verð: 2.999.-



Út á spássíuna - Kjarval
VILDARVERÐ: 7.999.-
Verð: 9.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verzlunum. Gildistími vildarverða er til og með 21. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabreytl.

SVÍPJÓÐ 

Oft einfaldur og ódýr matur á borðum

Martine Westin og Ragnar Palacios búa í miðborg Stokk-hólms. Þau segja dýrt að kaupa inn í litlu magni í Svíþjóð. Oft er einfaldur og ódýr matur á borðum en stundum lúxusfæði í sérflokkum enda er Ragnar kokkur.

Fjölskylda

Á heimili mínu erum við tvö. Ég, Martine Westin (28 ára), og unnusti minn, Ragnar Palacios (31 ára).

Alltaf til í ísskápnnum

Mjólk, Coca-Cola, einhver tegund af osti, krydd eins og sambal oleg, karry-blöndur og bananar.

Morgunverður

Dæmigerður morgunverður hjá mér er jógúrt og hristingur með banana, prótínudufti og einhverju fleiru. Dæmigerður sænskur morgunverður er öðruvísi. Það myndi vera brauðsneið með osti, skinku og gúrku. Mjög sænskt!

Kvöldverður

Upp á síðkastið höfum við borðað mikið af pasta, af því það er ódýrt og einfalt. Unnusti minn er yfirkokkur á

veitingastað svo kvöldverðurinn er af mjög fjölbreyttu tagi og ekki alltaf einfaldur. Hann kemur heim með alls kyns góðgæti af veitingastaðnum, þannig að stundum erum við með finustu nautasteik eða risarækjur á miðvikudegi!

Matarverð í Svíþjóð er hátt, en ekki mjög hátt. Stærsti vandinn er að það er erfitt að kaupa inn í litlu magni. Því minna magn sem þú kaupir inn því dýrara er það. Ætli það sé ekki þannig alls staðar. Þannig verða innkaupin dýr, þegar lítið er keypt í einu til langs tíma. Verðið er mjög mismunandi á milli verslana. Það er gott, það má velja ódýrari kost, til dæmis verslunina Lidl. Ef fólk býr langt



frá borginni og býr aðeins nálægt ICA búð (dýrasta verslunarkeðjan í Svíþjóð) þá getur það leitt til mikils aukakostnaðar í innkaupum. Margar verslanir, ICA og COOP, eru reknar á einkaleyfum, sem þýðir að þær geta ráððið verðinu á vörum sínum. Úrval matar er gott í Svíþjóð og ég

er til dæmis himinlifandi með Saluhall, þar sem verslun með mat verður félagsleg upplifun.

Saluhall

Saluhall-matarmarkaðurinn er í stórrí byggingu í Östermalm-hverfinu í Stokkholmi. Þar hefur verið seldur matur frá árinu 1888, það finasta og besta sem Svíþjóð hefur upp á að bjóða. Þar er einnig fjöldi veitingastaða og kaffihúsa þar sem má fá sér dæmigerðan venjulegan sænskan heimilismat með sérstakri áherslu á sjávarfang. Nú standa yfir endurbætur á húsnæðinu og markaðurinn hefur tímabundið verið færður á Östermalmtorgið. Saluhall verður opnaður aftur í sama húsnæði árið 2018 og Svíar hlakka mjög til þess.

Innkaupakörfur Ann, Martine, Aníta, Anne, Tinna og Urd versluðu í matinn

Danmörk

Ann Odgaard keypti 15 vörur fyrir 208 danskar krónur eða rétt rúmlega 3.000 íslenskar krónur.

Í matarkörfunni var til dæmis:

- Hálf kíló af osti, 675 kr.
- Kíló af sykri, 254 kr.
- Fjórir smoothie-drykkir, 600 kr.

Aníta keypti 13 vörur fyrir 131,55 danskar krónur eða tæpar 2.000 íslenskar krónur.

Í matarkörfunni var til dæmis:

- Sex lífrænir bananar, 210 kr.
- Tómatar, 300 kr.
- Lítri af léttmjólki, 142 kr.

Svíþjóð

Martine keypti 18 vörur fyrir 391,68 sænskar krónur eða 4.474 íslenskar krónur.

Í matarkörfunni var til dæmis:

- Lítri af mjólki, 194 kr.
- Parmesanostur, Grana Padano, 559 kr.
- Ferskt pasta fyrir tvo, 251 kr.
- Jarðarber, 500 g, 285 kr.
- Bananar, 227 kr. kg.

Noregur

Anne Gunn keypti 80 vörur fyrir 259,846 norskar krónur eða 30.827 íslenskar krónur.

**Í matarkörfunni var til dæmis:**

- Sex egg á 246 kr.
- Perur, kílóíð á 273 kr.
- 2 lítrar af Fanta, 362 kr.
- 1 kíló gulrætur, 308 kr.

Ísland

Tinna keypti um 40 vörur fyrir 19.374 kr.

Í matarkörfunni voru til dæmis:

- 2 kg rauðar kartöflur, 699 kr.
- Agúrkur, 200 g, 350 kr.
- Íslenskir tómatar, 799 kr. kg.

Finnland

Sini keypti 11 vörur fyrir 35 evrur eða 3.913 íslenskar krónur.

Í matarkörfunni var til dæmis:

- Sex egg, 133 kr.
- 384 g af nautahakki, 597 kr.
- Íslenskt skyr frá MS, 133 kr.

Færeyjar

Urd keypti 20 vörur fyrir 587 fær-eysskar krónur eða 8.827 íslenskar krónur.

Í matarkörfunni var til dæmis:

- BKÍ kaffi, 500 g, 750 kr.
- Lífræn hunang, 901 kr.
- Gulrætur í bakka, 285 kr.

ÍSLAND 

Fiskur er lúxusvara á Íslandi

Tinna Bessadóttir og fjölskylda segja að úrvalið á Íslandi standist samanburð við stærri lönd. Fiskur sé hins vegar hálfgerð lúxusvara og verð ávaxta og grænmetis er allt of hátt.

**Fjölskyldan**

Við erum með svolítið sérstakt fjölskyldumynstur, eiginmaður minn Jón vinnur í tvær vikur erlendis og er svo heima í tvær vikur.

Þegar hann er heima erum við 6 til 7 í heimili. Á heimilinu fyrir utan mig og Jón eru María Ísól (8 ára) Haukur Birgir (10 ára) Gabriele Ýr (12 ára) Elena Dis (15 ára) og Brynhildur Ýr (20 ára). Sú elsta börðar ekki mjög oft hjá okkur og þær tvær vikur sem maðurinn minn vinnur erlendis erum við bara þrjár á heimilinu, ég, Elena og María.

Hvað er alltaf til í ísskápnnum

Við eigum alltaf til mjólki, samlokubrauð í frystinum, gróft brauð sem ég geymi í ísskápnnum, AB mjólki eða skyr, banana, avokadó, tómata, lauk, egg.

Morgunverður

Múslí eða Special K.

Kvöldverður:

Við borðum frekar fjölbreytt. Það er ekkert sérstakt mynstur. Ég reyni að hafa lax eða einhvern fisk í hverri viku, annars borðum við mikinn kjúkling og höfum oft lasanja, það er svo gott að eiga það til.

Eftir að hafa búið með fjölskyldunni bæði í Danmörku og á Ítalíu þá er ég bara nokkuð

ánægð með úrvalið á Íslandi, við fáum mat úr öllum átum og maður getur nokkurn veginn fengið hvað sem mann langar í. Í öðrum löndum er ekki endilega allt þetta val. Það er til dæmis mjög erfitt að vera með glútenþóla á Ítalíu!

Dýrt grænmeti

Verðið á grænmeti og ávöxtum er brýnt að lækka. Mér þykir það líka synd að neytendum á Íslandi hafi ekki meira val um ferskan fisk. Það eru aðeins tvær til þrjár tegundir í boði hverju sinni. Hann er líka hálfgerð lúxusvara, fiskur er ótrúlega dýr miðað við kjöt.

Hagkvæm innkaup

Kostnaðurinn við innkaup er misjafn. Hann er um 20.000 krónur á viku þegar við erum öll heima. En sjó til átta þúsund þegar við erum bara þrjár.

Eftir að hafa verið bæði einstæð móðir og hafa búið í Danmörku í námi þá hef ég lært hvernig á að halda matarkostnaði í lágmarki en geta samt sem áður leyft mér það sem ég vil.

Við kaupum til dæmis ekki mikið gos, kex eða sælgæti. Ef við gerum það þá er farin sér ferð til að kaupa það. Við erum með krakkana í íþróttum svo að við eigum alltaf til skyr, gróft rúgbrauð og ávexti, sem

er margfalt ódýrara og að mínu mati hollara en orkudrykkir og próteinstykki.

Ég hendi yfirleitt ekki mat og við erum dugleg að elda fyrir marga daga í einu og borða afganga. Annars eru oft afmæli hjá okkur og þá rýkur þetta auðvitað upp.

Inni í matarkörfunni tel ég ekki hreinsiefni eða pappir því það kaupir ég í Rekstrarvörum í stærri pakkningum.

Dýrir en góðir veitingastaðir

Á Íslandi er allt til, við erum mjög opin fyrir nýjungum og veitingastaðirnir okkar eru mjög góðir, það er næstum erfitt að hitta á lélegan veitingastað hér en þeir eru auðvitað allt of dýrir miðað við önnur lönd. Ég er ánægð með það að við höfum sagt bless við McDonalds og félaga.

Mörg heimili mættu alveg taka til í hollustunni að mínu mati en Íslendingar eru yfir heildina frekar upplýstir um hvað er hollt og hvað ekki. Ég kem reyndar úr kokkafjölskyldu og það er mikið um góðan mat í kring um mig en yfir heildina lítið held ég að Íslendingar séu líka duglegir að prófa nýja rétti og aðferðir, mér þykir til dæmis ótrúlega gaman að fara í saumaklúbb og sjá hvað vinkonur mínar eru að prófa.

FINNLAND 

Finnar elda allt í einum potti



Sini Koskenneppä er ein í heimili og borðar oftast heimagerðan mat, ferskt grænmeti og fisk. Í Finnlandi er rótargrænmeti vinsælt og hefðbundið hráefni. Úrval matvöru í Finnlandi hefur breyst mikið síðustu tíu ár.

Ég held að Finnar trúir því að matur sé dýr hér. En gæði grænmetis og ávaxta eru ótrúlega mikil, þegar haft er í huga hversu langa vegalengd þarf að flytja það hingað. Og það er líka orðið mjög gott og breitt úrval af framandi matvöru líka. Ég held að á síðustu tíu árum hafi úrvalið batnað til muna í matvöruverslun.

Fjölskylda

Sini Koskenneppä (34 ára).

Alltaf til í ísskápnnum

Mjólki, egg, jógúrt, selleri, grænkál, ostur og hummus.

Morgunverður

Egg, vefja með hummus og/eða jógúrt með berjum.

Kvöldverður

Ég borða mikið af heimagerðum mat, salat með mikið af kryddjurtum og mismunandi grænmeti, osti og humri. Ég borða mjög mikið af fiski og lítið af rauðu kjöti.

unum okkar hér. Ég veit ekki hvað ætti að bæta þar sem það er svo gott.

Erfiðar aðstæður til ræktunar

Finnar borða mikið af rótargrænmeti (kartöflur, næpur, gulrætur, rauðrófur og fleira), mjólkurvörur, egg og svinakjöt. Margir af okkar hefðbundnu réttum eru pottréttir og fiskréttir. Það tengist sögu okkar og erfiðum aðstæðum til ræktunar. Það hefur verið erfitt að rækta ferskt grænmeti hér annað en það sem vex neðanjarðar. Að elda stórar máltíðir í einum potti er mjög hefðbundið.

kristjanabjorg@frettabladid.is

**MARÍNERAÐAR MILLJÓNIR
Í GRILLVEISLUNA ÞÍNA**

45

MILLJÓNIR

POTTURINN STEFNIR Í 45 MILLJÓNIR Í DAG



LEIKURINN OKKAR



ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is



Íslensk getspá er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.



Natthawat og Svavar eyða mestum sínum tíma saman á Ban Kúnn og eru alls ekki ósattir við það hlutskipti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ást við fyrstu sýn

Fyrir þrettán árum hittust **Natthawat Voramool** og **Svavar G. Jónsson** á bar í miðborg Reykjavíkur. Þeir hafa verið saman síðan og reka nú vinsælan taílenskan stað á Völlunum í Hafnarfirði, Ban Kúnn. Natthawat mætir fordómum vegna upprunans með brosi og finnst lífið gott á Íslandi.

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Þeir Natthawat Voramool og Svavar G. Jónsson eru mættir snemma til vinnu á Völlunum í Hafnarfirði þar sem þeir reka taílenska staðinn Ban Kúnn, það hafa þeir gert saman í um fjögur ár. Þeir undirbúa hádegisönnuna en staðurinn er afar vinsæll þótt hann sé í jaðri höfuðborgarsvæðisins. Taílenski fáninn stendur úti á stétt og blaktir í köldu vorroki, sterkur kryddilmur berst frá staðnum og út á götu.

Natthawat vill fá að gefa bæði ljósmyndara og blaðamanni að borða. Finnst annað ómögulegt og þótt það sé enn miður morgunn þá er ekki hægt að neita. Hann býður upp á það thai eftir uppskrift langömmu sinnar. Það thai sósan er fjölskylduleyndarmál, segir hann. Fjölskylda Natthawats hefur rekið veitingastað í Taílandi í nokkrar kynslóðir. „Ég lærði af systur minni, systir mín af móður okkar, móðir mín af ömmu og svo framvegis,“ segir Natthawat.

Hökutoppurinn mátti fjúka!

Natthawat og Svavar fundu ástina fyrir þrettán árum á bar í Reykjavík. Það er óhætt að segja að það hafi verið ást við fyrstu sýn. „Við hittumst bara niðri í miðbæ Reykjavíkur, á Kaffi Kósý,“ segir Natthawat frá. „Mér fannst hann glæsilegur, hann var sko ekki jafnfeitur og hann er í dag,“ segir hann og hlær. „Hann gekk til mín og bauð mér



ÉG STARFAÐI Í BANKA

Í FIMMTÁN ÁR SEM ÚT-

LÁNAFULLTRÚI. ÉG HÆTTI

ÞVI STARFI OG FÓR AÐ

KENNA, ÉG GERÐI ÞAÐ Í

SJÖ ÁR ÁÐUR EN ÉG FLUTT-

IST TIL ÍSLANDS.

Natthawat Voramool

upp á bjór. Mér fannst hann sætur. Við náðum strax saman, hann gaf mér hring þarna í fyrsta sinn sem við hittumst. Svavar er líka góður maður, hjálpsamur. En hann var með hökutopp sem ég lét hann raka af sér! Það var algjört skilyrði,“ segir Natthawat stríðinn.

„Já, já,“ segir Svavar. „Ég sat þarna inni í horni í rólegheitum og var að fá mér einn bjór. Svo kom hann inn og það geislaði af honum. Og það geislar af honum enn í dag. Við höfum verið saman síðan þá og giftum okkur fljótlega.“

Natthawat kom til Íslands í heimsókn til bróður síns ári áður en hann hitti Svavar. „Ég var fyrst efins um að lífið væri gott hér en skipti um skoðun strax. Hér er svo gott fólk, ég kann vel við veðrið og hreina loftið og ég ákvað fljótlega að setjast að hér,“ segir Natthawat.

„Hann er með svolítið ofnæmi og astma, loftið hér er gott fyrir hann,“ segir Svavar alúðlega. „Hann er nýkominn frá Taílandi og það var eiginlega af heitt fyrir hann. Hann var oft að hringja, svefnlaus vegna hitans á næturnar.“

Lífið betra á Íslandi

Draumur Natthawats var að stofna eigið fyrirtæki. Hann er menntaður viðskiptafræðingur og kennari. „Ég starfaði í banka í fimmtán ár sem útlánafulltrúi. Ég hætti því starfi og fór að kenna, ég gerði það í sjö ár áður en ég fluttist til Íslands. Lífið var gott í Taílandi, en bara allt öðruvísi. Það eru aðrar kröfur gerðar. Mér finnst hins vegar lífið betra á Íslandi,“ segir Natthawat og horfir ástúðlega til Svavars.

Svavar er stoltur af manni sínum. „Hann vann mikið til að fjármagna nám sitt, hann hefur unnið mikið alla sína ævi. Ef þú átt ekki ríka fjölskyldu að baki þá getur fólk þurft að heyja harða baráttu fyrir sínu. En honum tókst þetta vel, menntaði sig vel og var í góðri stöðu,“ segir Svavar sem segir einnig frá því að Natthawat hafi hætt í bankanum til að annast veikan föður sinn. „Hann fór út á land til að kenna og annast föður sinn. Hann hefur verið duglegur alla ævi. Nú erum við saman í þessu.“

Svavar var lengi í lögreglunni og hefur fengist við ýmis störf þar til hann endaði í veitingarekstri á Völlunum. „Ég hef nú gert eitt og annað. Ég var í lögreglunni í mörg ár, svo var ég þjónustustjóri hjá öryggisgæslufyrirtæki og gæslumaður hjá stjórnarráðinu. Ég hef aðallega verið í öryggisbransanum. Síðan var ég prófdómari í ökuþrófum.“

Hvers vegna hætti hann í lögreglunni?

„Það var nú bara að ég og konan þáverandi ætluðum að hætta vaktavinnu. Vaktavinnan var erfið. Lögreglustarfið hefur alltaf verið erfið, en ég vildi ekki vera lögreglumadur í dag.“

Ban Kúnn Þýðir „heima hjá þér“ á tailensku. „Við viljum að fólkinu líði eins og heima hjá sér. Viljum hafa fallegt og snyrtilegt í kringum okkur og viljum að fólk finni að það sé velkomið. Og það vilji koma aftur,“ segir Svavar. „Svo erum við alltaf hér. Það eru fá skipti þar sem hefur verið eldað heima síðan við opnuðum staðinn, þannig að þetta er víðeigandi heiti á staðnum,“ segir hann.

Það eru nú ekki allir sem þola að vinna svona saman? „Það hvessir nú stundum. Við erum báðir með mikið skap,“ segir Svavar og Natthawat kinkar kolli. „En við erum nokkuð sammála um það sem við erum að gera hér. Það hefur gengið vel.“

Upphafið á sautjándanum júní

Veitingastaðurinn varð í raun til í kringum hátíðarhöld á sautjándanum júní í Hafnarfirði. „Fyrir átta árum ákvað Natthawat að taka þátt í Austurgötu-hátíðinni á sautjándanum júní og elda tailenskan mat heima og selja,“ segir Svavar. „Hann sagði mér að ef maturinn myndi ekki seljast þá þyrfti ég að borða hann.“

Svavar fékk enga afganga. Natthawat seldi allt sem hann hafði eldað á klukkutíma og Svavar var sendur í margar ferðir til að kaupa meira kjöt og núðlur. „Svona byrjaði þetta, þetta hratt okkur af stað,“ segir Svavar sem á þessum tíma var atvinnulaus og leitaði sér að einhverju áhugaverðu að gera. „Við færum veitingastaðinn heim til okkar í Austurgötuna á sautjándanum júní og í ár tókum við þátt í áttunda sinn.“

„Fyrsta árið var ég með tíu kíló af mat sem seldist upp á klukkustund. Á næsta ári byrjaði ég með tuttugu kíló en samt seldist allt upp aftur. Það var grenjandi rigning en fólk stóð í röðum og beið eftir matnum. Svavar þurfti að fara í alveg jafn margar ferðir í búðina,“ segir Natthawat og hlær.

„Fólk sagðist hafa beðið í heilt ár eftir því að fá aftur góðar núðlur. Við kláruðum allt kjötið og sérkryddið í búðinni,“ segir Svavar.

„Á síðasta ári var ég með 70 kíló af svínakjöti og 100 kíló af kjúklingi, það seldist allt upp,“ segir Natthawat.

„Þetta er dásamlegur dagur, við hlökkum alltaf jafnmikið til, það er ekkert stoppað!“ segir Svavar.

Blómasúpa fyrir veikan mann

Munirnir inni á staðnum eru nærri allir frá Taílandi og afar ræktarlegar plöntur sem Natthawat á heiðurinn af að dekstra við. Stór bananaplanta er til þrýði í einu horninu. „Natthawat er með græna fingur. Hann ræktar kryddjurtir heima sem við notum hér, basiliku, steinselju, kóríander og myntu og fleira. Allt sem hann leggur sig við, það blómstrar,“ segir Svavar.

„Ég trúir því að matur sé mikilvægur, hann getur læknað okkur,“ segir Natthawat. „Ég nota bara ferskt grænmeti og kryddjurtir, ég myndi aldrei nota frosið hráefni. Ég þoli ekki slíkt. Í Taílandi vitum við að hver jurtt hefur sinn mátt og tilgang. Kóríander er gott fyrir hjartað til dæmis,“ segir hann og segist stundum benda fólki sem er að glíma við heilsufarsvandamál á hvað það geti borðað til að bæta líðan sína.

„Einu sinni þegar ég var mjög mikið veikur þá eldaði hann handa mér sérstaka blómasúpu,“ segir Svavar og brosir til Natthawats.

„Ég elda fyrir aðra það sem ég myndi elda fyrir sjálfan mig. Það er svona ákveðinn kærleikur í þessu,“ segir Natthawat sem hefur reitt fram fyrir blaðamann og ljósmyndara tvo rétti. Annars vegar það thai sem er vinsælasti rétturinn á matseðlinum og nam tok sem er ekki á matseðlinum. „Fólk kemur hingað og vill fá ekta tailenskan mat, rétti sem það smakkaði ef til vill á ferðalagi um Taíland, við verðum við því,“ segir Svavar.

Hvað finnst þér um íslenskan mat, Natthawat? „Mér finnst vöðalega gott að fá mér saltkjöt. Ég borða líka mikið af lambakjöti, sérstaklega þegar við



Nam tok, réttur með svínakjöti sem er ekki að finna á matseðlinum. Fólk má hins vegar vel biðja um hann.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Svavar förum út að borða. Ég borða í raun allan íslenskan mat. Það er kannski helst skata sem ég er ekki sérstaklega hrifinn af.“

„Hann borðar þorramat og allt,“ segir Svavar og rifjar upp sögu af þorrablótí. „Það stóð kona fyrir aftan hann í biðröðinni að hlaðborðinu. Hún hallaði sér að honum og hvíslaði: Veistu hvað þetta er, vinur?“

Mætir fordómum með brosi

Natthawat segir íslenskt samfélag hafa breyst. Tailendingum sé tekið opnum örmum. Hann verður æ sjaldnar fyrir fordómum vegna uppruna síns en þegar það hendir segist hann taka því með brosi á vör.

„Fyrst þá nisti það að hjartarótum. Núna mæti ég fordómum með brosi og tek þá ekki nærri mér. Ég vann einu sinni á Hrafnistu við að gefa öldruðum að borða. Þá neituðu sumir þeirra að taka við matnum frá mér og sögðu: Nei, við borðum ekki mat frá svörtum manni. Ég hef líka orðið fyrir aðkasti niðri í bæ. Mér sagt að fara af því ég er með dökkan hörundslit. Ég er ekki einu sinni með sérlega dökkan húðlit,“ segir Natthawat og skoðar á sér hendurnar. „En það er svolítið síðan, Tailendingum er tekið vel á Íslandi í dag og þeir hafa aðlagast vel hér. Við finnum bara fyrir vináttu og virðingu fólks í dag.“



Öllum nýjum Bosch og Siemens kæli- og frystiskápum fylgir gjafabréf í Kjötkompaní að verðmæti 30.000 kr.

Komdu og gríptu tækifærið.

Við tókum vel á móti þér.



Gildistími er frá 17. maí til 22. maí.

Opið virka daga frá kl. 8.30 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 14.



Í öllum Siemens og Bosch kælskápum er skúffa sem tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta.

Í sumum skápnum er svokölluð kjötskúffa þar sem finna má kaldasta svæðið í skápnum. Hentar fyrir ferskt kjöt, ferskan fisk, drykki og eldaða rétti.



SMITH & NORLAND

Noátúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

GERÐU ALLT KLÁRT FYRIR
SUMARIÐ HJÁ OKKUR 20.-21. MAÍ

SPORTDAGAR

Fjölbreyttar og sportlegar kynningar
í göngugötu, spennandi keppnir og
glæsileg verðlaun fyrir bestu tilprifin.
Frábær tilboð í fjölmörgum verslunum
alla helgina.

DAGSKRÁ Í DAG

- kl. 11-17 PÚTTKEPPNI
- kl. 11-14 DRIVE-KEPPNI
- kl. 13 BMX BRÓS SÝNING
- kl. 14-17 NÁNDARKEPPNI
- kl. 14 KEPPNI Í HVER HANGIR LENGST!

Meðal vinninga eru snjallúr frá Eirberg, peysa og
vesti frá 66°N, peysa og regnjakki frá ZO-ON,
gjafabréf í verslunina Augað, gjafabréf í golfhermi
GKG og gjafakort í Kringluna.

ALLA LAUGARDAGA

10-18

ALLA SUNNUDAGA

13-18

GLÆSILEG TILBOÐ ALLA HELGINA

10-50%

GLÆSILEG TILBOÐ

<p>25% af sportlegum herra-, dömu- og barnaskóm</p> <p>Timberland</p>	<p>20% af öllum íþróttatoppum</p> <p>LINDEX</p>	<p>20% af völdum hlaupafatnaði</p> <p>66° NORÐUR</p>		
<p>25% af öllum fatnaði, skóm og annarri sportvöru.</p> <p>ÚTILÍF</p>	<p>20% af golffatnaði</p> <p>BOSS HUGO BOSS</p>	<p>20% af golffatnaði</p> <p>Mathilda Kringlunni</p>	<p>20% af golffatnaði</p> <p>fierra GARÐURINN -klæðir þig vel</p>	<p>15% af öllum golfskóm</p> <p>eCCO®</p>
<p>20% af sólgleraugum</p> <p>augað</p>	<p>20% af Garmin snjallúrum og heyrnartólum</p> <p>vodafone</p>	<p>20% af jógvörum</p> <p>JNDJKA</p>	<p>20% af völdum vörum</p> <p>CINTAMANI WWW.CINTAMANI.IS</p>	<p>20% af TomTom snjallúrum, Brooks hlaupaskóm og öðrum íþróttavörum</p> <p>Eirberg LÍFSTÍLL</p>
<p>50% af Freista golfpeysum og Sigrá regnjökkum</p> <p>ZO·ON ICELAND</p>	<p>30% af öllum skóm</p> <p>UNDER ARMOUR</p>	<p>20% afsláttur af hlaupaskóm</p> <p>SKECHERS</p>	<p>20-30% afsláttur af íþróttaleikjum</p> <p>GAME STRÖM</p>	<p>20% af Contigo sportbrúsum og öðrum drykkjarmálum</p> <p>byggtogbuio Kringlunni</p>
<p>20% af jógafatnaði</p> <p>ORG</p>	<p>25% af FALKE 4 Grip íþróttasokkum</p> <p>cobra</p>	<p>20% af ferðamálum og brúsum</p> <p>DÚKA</p>	<p>20% af öllum flöskum</p> <p>hrím</p>	<p>15% af öllum vatnsbrúsum</p> <p>epal DESIGN</p>
<p>15% af völdum vörum</p> <p>FINNSKA BÚÐIN</p>	<p>25% af völdum bætiefnum</p> <p>Heilsuhúsið 1979</p>	<p>30% af sjávarréttasúpu</p> <p>Kaffi K Klassík</p>	<p>20% af öllum salötum</p> <p>PIZZERIA Café Bleu BRASSERIE</p>	<p>10.000 kr. afsláttur af Polar V650 hjólatölvu með púlsmæli</p> <p>NOVA</p>
<p>20% af völdum vörum</p> <p>Galla BUXNABÚÐIN</p>	<p>20% af 2nd One Miley buxum í dömudeild</p> <p>gallerisautjón</p>	<p>20% af Carhartt Sidpant í herradeild</p> <p>gallerisautjón</p>	<p>TILBOÐ á Bullboxer strigaskóm</p> <p>gs skór</p>	<p>20% af Lola Cruz strigaskóm</p> <p>Kultur</p>
<p>20% af sportlínum J. Lindeberg</p> <p>Kultur menn</p>	<p>10-15% 15% af öllum skóm, 10% af hjólabrettum og plötum</p> <p>SMASH</p>	<p>TILBOÐ valdar vörur frá Nike og Adidas</p> <p>URBAN</p>	<p>20% af öllum skóm frá New Balance</p> <p>focus</p>	<p>30% afsláttur af öllum úlpum</p> <p>ZIKZAK TÍRUKHÚS</p>

„Er líf okkar tilraun?“

Snæbjörn Áki Friðriksson nýr formaður Átaks segir stjórnvöld þurfa að girða sig í brók. Fatlaðir séu þreyttir á loforðum um sjálfsgöð mannréttindi. „Við viljum efndir og úrræði. Okkar líf snýst um að bíða og vona.“

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Raddir fatlaðra þurfa að heyrast meira í samfélaginu,“ segir Snæbjörn Áki Friðriksson sem var kjörinn nýr formaður Átaks, félags fólks með þroska- hömlun, í aprilmánuði.

Hann er oftast kallaður Áki. Hann er 27 ára gamall og fyrsti karlmaðurinn til að gegna stöðunni frá stofnun félagsins.

„Við eigum 25 ára afmæli á næsta ári sem við ætlum að fagna.“

Þetta er í fyrsta skipti í sögunni sem karlmaður er formaður, akkúrat öfugt kannski við það sem er að gerast annars staðar í samfélaginu. Þetta eru spennandi tímar.

Ég vil að okkur sé tekið eins og öðru fólki í samfélaginu. Ég mun berjast fyrir þessu með Átaki og við ætlum að gera ofboðslega marga góða hluti saman,“ segir Áki.

„Við ætlum í frekara erlent samstarf, efla stoltgönguna og stækka félagið. Í dag eru um 200 manns í félaginu en ég veit að það er ungt fólk og fólk á landsbyggðinni sem þarf að virkja til liðs við okkur.“

Það er eitthvað sem ég mun vinna að. Það er stefna mín sem formaður að fá fleiri til liðs við okkur og að grunnmannréttindi okkar verði virt eins og þau eru kynnt í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra. Mér finnst einnig mikilvægt að halda í sjálfstæði samtakanna Átaks. Við viljum starfa á okkar forsendum, en ekki annarra samtaka, til að mynda þroskahjálpar. Raddir okkar þurfa að heyrast á okkar forsendum en ekki foreldra eða ófatlaðra.“



Áki hefur þurft að yfirstiga margar hindranir í lífinu og nýtir sér reynsluna í baráttu fyrir fatlaða. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



ÉG VAR ÓHEPPINN, ÉG

VAR MEÐ KENNARA SEM

REFSAÐI MÉR. HÚN SLÓ

Í BORDIÐ MEÐ PRIKI EF

ÉG GERÐI EKKI ÞAÐ SEM

HÚN SAGÐI. REIDDIST MÉR

ÞEGAR ÉG GERÐI MISTÖK.

seint að ég þyrfti að nota heyrnartæki. Ég held að ég hafi verið orðinn tíu ára gamall. Ég var óheppinn, ég var með kennara sem refsaði mér. Hún sló í borðið með priki ef ég gerði ekki það sem hún sagði. Reiddist mér þegar ég gerði mistök. Ég varð oft hræddur og leiður. En svo fékk ég heyrnartæki og gleraugu sem hjálpaði mér mikið.

Ég hef farið í mjög marga skóla. Ég byrjaði í Ísaksskóla í almennum bekk hjá þessari konu. Hún var að detta á eftirlaun og var í stofunni við hliðina á einum besta kennara fyrr og síðar, Herdís Egilsdóttur. Ég hefði viljað lenda hjá þeirri góðu konu,“ segir hann og segir erfitt til þess að hugsa hvað fólk þurfi stundum á því að halda að vera heppið til að njóta góðrar skólagöngu.

Eftir að Áki fékk heyrnartæki og gleraugu gekk honum betur í námi.

„Það var ákveðið að láta mig hætta þar og ég fór í Waldorfskólann. Það gekk vel en þar var námið listatengt sem var ágætt. En þetta var vöðalegt sveitasamfélag og skólinn fyrir ofan Heiðmörk. Svo var ég orðinn ofgamall til að vera þar og þá fór ég í Engidals-skóla. Þar lærði ég að lesa. Ég fór í sérdeild með aðstoð með námi og annað. Það var vel haldið utan um námið, Guðni hét hann sem stýrði deildinni á þessum tíma og þar var ég heppinn,“ segir Áki.

„Eftir Engidals-skóla tók Öldutúnskóli við. Þar var ég aftur í sérdeild sem mér þótti fint. Ég lenti samt í einelti í þessum skóla og í ómurlegu atviki sem ég var lengi að glíma við. Ég var í fótbolta og tæklaði heldur skapmikinn strák sem var með mér í bekk. Hann brást illa við, ræðst á mig og hélt hníf upp að hálsinum á mér. Þetta var skelfilegt og erfitt lífsreynsla sem ég þurfti að byggja mig upp frá. Ég þurfti að hætta að vera hræddur. Það er bara svoleiðis,“ segir Áki sem er sannarlega kominn yfir unglingsárin í Öldutúnskóla í dag.

Á stærð við smjörlikisstykki

Áki er er fæddur fjórum mánuðum fyrir tímamann. „Ég átti að fæðast í febrúar árið 1991 en fæddist fjórum mánuðum fyrir eða þann 8. október 1990.“

Ég var á stærð við smjörlikisstykki, ég var um 340 grömm. Ég þurfti að ganga í gegnum margar aðgerðir, til dæmis á öndunarvegi. Og hef alla tíð þurft að fara í sjúkrahjálfun til þess að bæta lífsgæðin. Svo hef ég fengið aðstoð í námi,“ segir Áki um sjálfan sig.

Foreldrar Áka eru Margrét Ákadóttir og Friðrik Gunnar Berndsen. „Mamma er leikkona og pabbi selur fisk í Evrópu. Ég hef búið á mörgum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrst í Reykjavík, svo í Hafnarfirði. Ég man fyrst eftir mér á Bræðraborgarstígnum. Ég hef alltaf notið þess að vera til og átt góða vini og kunningja. Flest allir á Íslandi eiga mestmegnis kunningja og svo fáeina góða vini. Ég á trausta vini. Mér finnst það alveg frábært og það er eitthvað sem maður á að nýta vel,“ segir Áki um vinátuböndin sem hann hefur búið að alla ævi.

Leiður í Ísaksskóla

Áki hóf skólagönguna í Ísaksskóla í almennum bekk. „Það uppgötvaðist

Hætti í skóla og fór til Asíu

Áki reyndi að halda áfram námi. Það gekk ekki þrautalaust fyrir sig. „Ég ákvað að fara í Menntaskólann í Kópavogi. Þar var tilraunabraut fyrir þá sem vildu halda áfram námi frá sérbrautum. Ég lenti í stríðni þar. Þá var verið að setja óæskilegt efni í tölvuna og svona. Mér leið ekki sérlega vel þar. Það fór svo að skólinn fékk ekki fjármagn og ég þurfti að hætta,“ segir Áki sem segir fatlaða búa við það að það sé sífellt verið að breyta um stefnu í námi. Því sé skólaganga fatlaðra oft brotin.

„Þá lagðist ég í ferðalög með pabba um Asíu. Það var nú meiri skóli en margt annað.“

Við förum um Tailand og á fleiri staði og dvöldum lengi þar.“

Skemmtilegt að grilla fyrir vinna

Þegar Áki var kominn á unglingsár fluttist hann til ömmu sinnar og afa. Nokkrum árum síðar hóf hann búsetu í íbúð sem hann fékk úthlutað í Skip-holti.

„Ég var um sextán ára gamall þegar ég flutti til ömmu og afa. Ég hef alltaf

Uppboð í yfir 20 ár

Listmunauppboð

í Gallerí Fold

mánudaginn 22. maí, kl. 18

Á uppboðinu verður gott úrval verka samímalistamanna ásamt fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.



Valfríður Pálsson

Forsýning í Gallerí Fold alla helgina

laugardag kl. 11–16, sunnudag kl. 12–16, mánudag kl. 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is



Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

átt svolitíð athvarf þar og ég flutti þangað af því að mamma fór út í nám.

Það var fínt að búa hjá þeim, en eins og gengur um ungt fólk á þessum aldri þá vildi ég auðvitað meira frelsi.

Svo tók ég bílpróf. Ég hafði trú á mér í það að ég gæti gert það. Það gekk mjög vel. Ég tók bara allan þann tíma sem ég þurfti. Ég fékk fyrst úthlutað íbúð í Skipholti og þar bjó ég í fjögur ár. Síðan fékk ég íbúðina sem ég bý í dag í Árbænum. Mér finnst voða fínt að búa einn og bjóða vinum í mat þegar hentar. Mér finnst gaman að elda. Skemmtilegast finnst mér að grilla fyrir félagan. Ég geri það allt árið þótt mér finnst skemmtilegt að sólin sé farin að skína,“ segir Áki sem segist heppinn. Staða margra félaga hans í Átaki sé hörmuleg þegar kemur að húsnæðismálum.

Stjórnvöld girði sig í brók

„Húsnæðismálin eru í skelfilegu ástandi. Það er talið að það séu á milli 400-500 manns á biðlista hjá Reykjavíkurborg. Þar erum við bæði að tala um fatlaða og ófatlaða. Stjórnvöld verða að fara að girða sig í brók. Það er ekki í lagi að fótluðu fólki sé boðið að búa með fólki sem það þekkir ekki. Eða það sé flutt á milli staða eftir því hvernig efnahagurinn er í samfélaginu.

Ófötluð manneskja myndi ekki láta sér lynda þetta. Fatlað fólk á rétt á því að búa þar sem það vill með þeim sem það vill búa með,“ segir Áki og nefnir nokkur dæmi.

„Ég þekki sjálfur nokkra sem búa heima hjá foreldrum sínum. Og nokkra sem hafa gert það alla sína ævi. Þá fær ein félagskona í Átaki ekki að ráða því hvernig og hvar hún býr og stendur í baráttu. Fólk er oft skikkað til að gera hitt og þetta til að þjóna samfélaginu. Það á auðvitað ekki að bjóða fótluðu fólki að búa á einhverjum hópheimilum af því það hentar öðrum eða er hagkvæmt. Fólk á bara að fá að ráða því sjálf.“

Brestir á vinnumarkaði

Atvinnumálum fatlaðra segir Áki ekki síður brýnt að greiða úr. „Það er skelfilegt hvað verndaðir vinnustaðir eru að borga lág laun. Það er eitthvað sem þarf að skoða. Það er líka alvarlegt að fatlaðir á sumum vinnustöðum virðast ekki vera að fá greidd laun heldur er skammtaður einhver vasapeningur eftir hentisemi eða geðþótta. Þetta viðgengst þrátt fyrir að fjallað hafi verið ítarlega um málin í fjölmiðlum,“ bendir Áki á og segir hluta vandans mega rekja til lítils eftirlits með þjónustu til fatlaðra. „Það myndi hjálpa að hafa þjónustuna í bæjarfélögunum en ekki langt í burtu. Í fjarlægð frá mannlífi.“

Brotin skólaganga fatlaðra

Nú um þessar mundir hvíla menntamálin þungt á meðlimum í Átaki. Nýverið var skorið niður í myndlistarnámi til fatlaðra. „Það er ömurlegt hvað við þurfum stöðugt að berjast fyrir jafnrétti til náms. Við höfum ekki gott aðgengi að námi. Skólaganga okkar er í flestum tilfellum brotin. Þetta á bara að vera í lagi. Við eigum rétt á að mennta okkur, finna okkar styrkleika og fylgja áhugamálum okkar. Ég myndi vilja læra eitthvað í háskólanum. Ég hef hins vegar ekki haft tækifæri til að klára stúdentsprófið. Ég myndi vilja fá aðstoð við það, klára prófið með utanumhaldi. Fá að vera í námi á mínum tíma með rétttri aðstoð. Það vantar algjörlega úrræði og þannig hefur það verið í tugi ára,“ segir Áki.

„Það er líka ekki nóg að lofa endalaust upp í ermina á sér. Við viljum efnidir og úrræði. Okkar líf snýst alltaf um að biða og vona. Vona að árfærið verði gott svo að það sé hægt að virkja eitthvað úrræði handa okkur.

Mér finnst ófatlaðir stundum finnst það allt í lagi að lif okkar fatlaðra sé einhver tilraun. Við erum alltaf í endalausni tilraunaverkefni, maður bara spyr sig er lif okkar tilraun?“

Vill skoða Tryggingastofnun

Hann skorar einnig á mikilvægar stofnanir, svo sem Tryggingastofnun, að leita til Átaks. Bæði til fræðslu og til þess félagsmenn Átaks geti bent þeim á hvernig þjónustan geti verið



Áki finnst gaman að grilla og bjóða vinum í heimsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR


betri. „Mig langar til að skoða Tryggingastofnun og hvernig má bæta það kerfi. Ég myndi vilja að það væri leitað til okkar um ýmis málefni er okkur varða. Við þurfum að standa saman,“ leggur Áki áherslu á. Hann segir marga félagsmenn í Átaki lenda í vandræðum við að þiggja þjónustu frá Tryggingastofnun og vilji bæta úr því.

Lífssögur mikilvægar

Áki er sannfærður um að það styrki baráttu fatlaðra að ófatlaðir hlusti á lífssögur þeirra. Þemað í stoltgöngunni í ár eru lífssögur fatlaðs fólks. „Ég mun segja fyrstur frá og hlakka bara til. Vil bara hvetja aðra til að vera með og þá sem vilja styrkja okkur að hafa samband. Þetta er mitt hjartans mál.


Öll eigum við okkar lífssögu, fatlaðir og ófatlaðir. Þetta er mín.“

Áki segist standa í þakkaraskuld við fjölskyldu sína. Hann reiðir sig oft á systur sína, Helgu Arnardóttur, dagskrárgerðarkonu sem starfar í Kastljósi. „Hún á stóran þátt í því að hvetja mig Áfram í lífinu. Mamma líka, þær báðar hafa gefið mér góð ráð í gegnum árin. Ég hlusta á ráð frá þeim og líka vinum, félögum og félagsmönnum í Átaki því ég ætla að leggja allt í sölnar til þess að efla starfið í Átaki,“ segir Áki sem segir félagið vera með vandaða og góða dagskrá sem fleiri ættu að sækja. „Við ætlum líka að halda í sjálfstæði félagsins og vera stolt og sýnileg. Láttum ekkert brjóta okkur niður!“




Landsvirkjun


ORKU RANNSÓKNA SJÓÐUR




1




2




3




4




5



6



7



8

STUÐNINGUR Í 10 ÁR

Opinn fundur í Veröld, Hüsi Vigdísar
24. maí kl. 14 – 16.

→ Skráning á landsvirkjun.is

Dagskrá

- Yfirlit yfir starfsemi Orkurannsóknasjóðs 2007–2017
Sveinbjörn Björnsson, formaður stjórnar Orkurannsóknasjóðs.
- Kynning nokkurra rannsóknaverkefna sem sjóðurinn hefur styrkt:

- 1 Guðrún Gísladóttir. Vistkerfisbreytingar á hálendi norðan Langjökuls síðustu árpúsund.
- 2 Einar Sveinbjörnsson. Vetraris á Þingvallavatni.
- 3 Jóhannes Sturlaugsson. Gönguhegðun urriða í Efra-Sogi og Úlfjótsvatni.
- 4 Hrund Ó. Andradóttir. Umhverfisrannsóknir í Lagarfljóti.

- 5 Guðrún Marteinsdóttir. Vistfræðileg tengsl ferskvatnsrennslis til sjávar og hrygningar og klaks þorsks.
- 6 Yan Lavallée Sigurdur Markússon flýtur. Mechanical and permeability constraints for improved geothermal reservoir exploitation at Krafla, Iceland.
- 7 Jóhann Örlygsson. Next Generation Biofuels from Protein-rich Biomass.
- 8 Tómas Jóhannesson. Mælingar á yfirborði og yfirborðsbreytingum íslenskra jökla með leysimælingum.

→ Pallborðsumræður um hlutverk sjóðsins.

Uppljóstrarinn sem Obama frelsaði fyrir

Chelsea Manning var leyst úr haldi 28 árum á undan áætlun fyrir í þessari viku. 22 ára gömul nýtti hún sér stöðu sína innan Bandaríkjahers til að ljóstra upp um árásir Bandaríkjanna á saklausa borgara.

Snæros Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is

Fyrstu skref frelsisins!!“ Þessi skilaboð birti Chelsea Manning á Twitter-aðgangi sínum á miðvikudag undir mynd af glænýjum svarthvítum Converse-skóm. Síðar sama dag mátti sjá Chelsea fagna frelsinu með langþráðri pitsusneid og um nóttina köldu kampavinsglasi.

Chelsea Manning var dæmd í 35 ára fangelsi árið 2013 í tuttugu ákæruliðum. Hún var sakfelld fyrir að leka hundruðum þúsunda leynilegra gagna, meðal annars um hernaðaraðgerðir Bandaríkjahers í Írak og Afganistan. Gögnin innihéldu meðal annars myndband sem varð sem áfall fyrir heimsbyggðina en það sýndi bandaríska hermenn ranglega tilkynna um árás á sig og réttlæta þar með árás úr lofti á saklausa borgara.

Myndbandið var tekið úr þyrllu bandarískra hermanna þann 12. júlí 2007 þar sem þyrllur sveimuðu yfir Bagdad og sýndi þrjár árásir. Í fyrstu árásinni létu sjö manns lífið, þar á meðal blaðamaður á vegum Reuters. Annar blaðamaður á vegum Reuters, Saeed Chmagh, slasaðist. Seinni árásin beindist að bílstjóra sem reyndi að koma Chmagh til bjargar. Í þeirri árás létust blaðamaðurinn og bílstjórinn. Tvö börn bílstjórans, sex og níu ára, slösuðust.

Í þriðju árásinni hófu hermennirnir skothrið á byggingu með svokölluðum AGM-114 Hellfire eldflaugum.

Chelsea Manning gegndi herþjónustu í Írak tveimur árum síðar í upplýsingadeild hersins sem greinandi. Hún hafði aðgang að háleynilegum skjölum og skýrslum hersins. Manning leið illa í hernum, lýsti vonleysi og einmanaleika á samfélagsmiðlum og mætti seint og illa til vinnu. Mánuði eftir að hún kom til Íraks setti hún sig í samband við Wikileaks.

Eftir aðeins þrjá mánuði í starfi hafði Manning lekið hundruðum þúsunda leynilegra skjala Bandaríkjahers til samtakanna og varpað ljósi á stríðsglæpi og pyndingar hersins í Írak, Afganistan og Guantanamó fangelsinu.

Chelsea var handtekin fimm mánuðum síðar eftir að hakkarinn Adrian Lamo sagði til hennar. Nokkrum dögum áður, þann 22. maí, hafði hún játað lekann við Lamo í netspjalli. Tímaritið Wired birti samtalið eftir að Adrian hafði sagt til Manning.

Brot úr samtali Lamo og Manning. Manning var skráð sem Bradass87:

21 maí 2010

Bradass87: Hæ

Hvað segirðu gott?

Ég er greinandi upplýsinga hjá hernum, staðsett í Austur-Bagdad og bið þess að vera send heim vegna „aðlögunaravanda“.

Þú ert örugglega upptekinn...


Ef þú hefur fordæmalausan aðgang að leynilegum skjölum í fjórtán tíma á dag, sjö daga vikunnar í rúmlega átta mánuði, hvað myndir þú gera?

Nokkrum tímum síðar sendi Bradass87 link á Wikipedia-grein um Wikileaks þar sem fjallað var um loftárásina í Bagdad og sagði „Þetta er það sem ég geri fyrir vini mína.“

22 maí 2010

Bradass87: Ég trúir ekki að ég sé að fara að játa þetta fyrir þér.

Ég hef verið einangruð svo lengi... Mig langaði bara að vera almennileg, lifa eðlilegu lífi... en atburðir neyddu mig til að finna út leið til að lifa af... nógu klár til að vita hvað gengur á en of hjálparlaus til að gera nokkuð í því... það tók enginn eftir mér :(



Manning var handtekin í maí 2010 og dæmd árið 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Manning segir Lamo að hún hafi látið Wikileaks í té hundruð þúsunda skjala. Lamo spyr hvaða hneyksli skjölin gætu afhjúpað og Manning bendir á eitt.

Bradass87: Það var eitt sem var í raun prufa. Leynilegt skjal frá bandaríska sendiráðinu í Reykjavík um Icesave frá 13. janúar 2010.

Niðurstaðan var sú að íslenski sendiherrann í Bandaríkjunum var kallaður heim og rekinn.

Lamo: Eitthvað sem á eftir að birtast?

Bradass87: Ég þyrfti að spyrja Assange.

Lamo: Af hverju þarftu að bera það undir hann?

Bradass87: Ég þarf þess ekki... Ég vil bara að efnið fari út... Ég vil ekki vera hluti af því.

Ég er heimildamaður, ekki sjálfboðaliði.

Ég meina, hátt settur heimildamaður... og ég hef skapað samband við Assange... En ég veit ekki mikið meira en hann segir mér, sem er mjög lítið.

Það tók mig fjóra mánuði að staðfesta að manneskja sem ég var í samskiptum við væri í raun Assange.

Lamo setti sig í samband við bandarísk heryfirvöld og sagði að Manning hefði sagst hafa lekið myndbandinu af loftárásinni. Hann sagði ástæðuna fyrir því að hann sagði til Manning vera þá að mannslíf væru í húfi. Manning væri á stríðssvæði að reyna að soga upp eins mikið af leynilegum upplýsingum og hún gæti.

Manning var handtekin 27. maí 2010 og dæmd fyrir brotin þremur árum síðar. Hún var vistuð í einangrun vegna sjálfsvígshugsana eða tilrauna til sjálfsvígs á meðan á fangelsisvist hennar stóð, varð reglulegur greinahöfundur hjá The Guardian árið 2015 og hefur þar skrifað um frelsi til upplýsinga, stríð og tíma sinn innan veggja fangelsisins.

Manning er laus úr haldi sem heimsfrægur uppljóstrari og fagnað af samfélagi hinsegin fólks. Hún er álitin svikari á meðal margra bandarískra hermanna og ihaldsmanna í Bandaríkjunum. Hún hefur gefið til kynna að hún vilji búa í Maryland í Bandaríkjunum en aðeins tímunn mun leiða í ljós hvað hún tekur sér fyrir hendur.

Hver er Chelsea Manning?

Chelsea Elizabeth Manning er 29 ára bandarískur ríkisborgari sem var dæmd fyrir að leka hundruðum þúsunda hernaðargagna, meðal annars um stríðsglæpi Bandaríkjahers í Írak og Afganistan. Hún er 157 cm á hæð og um 48 kíló. Chelsea er transkona, fædd Bradley Edward Manning í Oklahoma. Móðir hennar er velsk en faðir hennar fyrrverandi bandarískur hermaður.

Systir Manning, Casey Manning, bar vitni fyrir dómi um að báðir foreldrar þeirra væru alkóhólistar og móðir þeirra hefði drukkið itrekað og mikið á meðan hún bar Chelsea undir belti. Sérfræðingur á vegum Bandaríkjahers segir að andlitsdrættir Chelsea beri þess merki að hún þjáist af heilkenni sem einkennir börn sem hafa þurft að þola mikla drykkju móður í móðurkviði. Fólk með slík einkenni getur verið lágvaxið og létt með lítið höfuð, lélega samhæfingu hreyfinga, lága greind, hegðunarvandamál og sjón- og heyrnartruflanir. Þeir sem haldnir eru heilkenninu eru líklegri til að lenda upp á kant við lögin, taka áhættu eða eiga við neysluvanda.

Samkvæmt vitnisburði fyrir dómi var Chelsea vanrækt og fékk einungis barnamat og mjólk fram til tveggja ára aldurs. Eldri systir Chelsea virðist hafa verið hennar helsti umsjónaraðili frá fæðingu.

Manning flutti fjórtán ára gömul til Wales, heimalands móður sinnar. Þar hefur henni verið lýst sem einstakri, skoðanaglaðri, pólitískri og mjög gáfaðri. Áhugi hennar á tölum og upplýsingatækni var fljótt orðinn ljós.

Sautján ára gömul flutti hún á ný til Bandaríkjanna og fékk starf hjá hugbúnaðarfyrrtæki. Yfirmaður hennar hjá fyrirtækinu hefur lýst því hvernig hún lokaði sig af á köflum og samskiptin reyndust of erfið til að hún héldi starfinu. Þá eru til gögn um að Manning hafi hótad stjúpmóður sinni með hníf eftir rífrildi um aðgerðarleysi hennar í kjölfar atvinnumissisins.

Á meðan á herþjónustunni stóð lýsti hún einangrun, vonleysi og einmanaleika og tók bræðiskast sem varð til þess að hún var snúin niður af samstarfsmönnum sínum og átti á hættu að missa heimild sína í leynigögn hersins. Mánuði síðar lak hún hundruðum þúsundum hergagna til Wikileaks.



KOMDU

Í

KOLAPORTIÐ

- dásamleg deild samfélagsins

OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 - 17

Chelsea Manning - Frá hlýðni herþjónustunnar til öryggisfangelsis

Október 2007

Manning gengur til liðs við Bandaríkjaher, þá 19 ára að aldri.

Október 2009

Manning fer til Íraks og gegnir þar sama starfi og faðir hennar í hernum, að greina uppýsingar hersins um andstæðing sinn. Það er á þeim vettvangi sem Manning fær aðgang að háleynilegum upplýsingagagnagrunni hersins.

Nóvember 2009

Manning setur sig í samband við WikiLeaks. Tilefnið er að samtökin höfðu skömmu áður lekið 570 þúsund skjölum sem tengdust hryðjuverkaárásinni á Tvíburaturnana, sem átti sér stað ellefta september 2001.

Janúar 2010

Manning sendir Wikileaks hundruð þúsunda gagna frá Írak og Afganistan nettengd í verslun Barnes & Noble í Maryland á meðan hún er í leyfi frá störfum.

5. apríl 2010

Wikileaks birtir myndbandið fræga af íröskum borgurum og blaðamönnum Reuters stráfelldum af bandarískri byrju. Tvö ung börn lifðu af árásina með alvarlega áverka. Atvikið átti sér stað í júlí 2007. Reuters hafði reynt, en án árangurs, að fá aðgang að myndbandinu síðan ársin átti sér stað. Á myndbandinu sést hvernig bandarískir hermenn tilkynntu ranglega að hafa orðið fyrir skotárás og rétt-

lættu þannig árásina. Allir sem urðu fyrir árásinni voru óvopnaðir.

27. maí 2010

Manning er handtekin á herstöð í Bagdad og færð í fangelsi í Kúveit.

5. júní 2010

Manning er ákærð fyrir að leka gögnumum.

25. júlí 2010

The Guardian, The New York Times og aðrir stórir fjölmiðlar birta

ítarlegar greinar um stríðið í Afganistan, byggðar á gögnum frá Manning.

22. október 2010

Öll gögnin frá Írak, sem Manning lak, eru gerð opinber. Þar koma fram upplýsingar um dauða óbreyttra borgara, pyndingar, og aðra stríðsglæpi.

24. apríl 2011

Gögnin um Guantanamo fangelsið eru gerð opinber af The Guardian

og The New York Times. Gögnin eru hluti af þeim skjölum sem Manning lak til Wikileaks.

28. febrúar 2013

Manning játar fyrir dómi að hafa lekið hernaðarlegum gögnum en neitar tólf ákæruliðum, meðal annars að hafa aðstoðað óvininn. Hún var síðar sýknuð af síðastnefndu ákærinni.

21. ágúst 2013

Manning hlýtur 35 ára fangelsis-

dóm. Degi síðar tilkynnir hún að hún hyggist gangast undir kynleiðréttingarferli og beri eftirleidis nafnið Chelsea Manning.

17. janúar 2017

Barack Obama Bandaríkjaforseti stýttir dóminn yfir Manning og tilkynnir um að henni skuli sleppt fjórum mánuðum síðar.

17. maí 2017

Chelsea Manning er sleppt úr haldi. **byggt á umfjöllun the Guardian*

MENNINGAR- NÆTURPOTTUR

Menningarnótt verður haldin 19. ágúst næstkomandi. Við auglýsum eftir umsóknum um styrki úr Menningarnæturpotti Landsbankans.

Auglýst er eftir áhugasömum og frumlegum hugmyndum til þess að fylla inn í viðburðalandslag Menningarnætur 2017. Veittir eru styrkir á bilinu 100 – 500.000 kr. til hópa og einstaklinga, úr Menningarnæturpotti Landsbankans.

Landsbankinn hefur verið máttarstólpi hátíðarinnar frá upphafi og er potturinn samstarfsverkefni hans og Höfuðborgarstofu. Allur fjárstuðningur bankans rennur til listamanna, sem koma fram á Menningarnótt.

Hægt er að sækja um á www.meningarnott.is.

Opið er fyrir umsóknir til 23. maí.

Menningarnótt er þátttökuhátíð sem allir borgarbúar skapa og upplifa saman, á torgum og götum miðborgarinnar, í bakgörðum, söfnum, kirkjum og kaffihúsum, verslunum og fyrirtækjum — og ekki síst í húsunum í bænum.

Í ár verður áhersla lögð á að styrkja viðburði sem tengjast svæðinu í kringum Hlemm. Tengingin er þó ekki skilyrði fyrir styrkveitingu. Tekið er vel á móti öllum umsóknum.

Nánari upplýsingar veita viðburðastjórar Höfuðborgarstofu

í síma 411 6000 og á menningarnott@reykjavik.is.



ÉG TRÚI EKKI AÐ ÉG

SÉ AÐ FARA AÐ JÁTA

ÞETTA FYRIR ÞÉR

Ný mynd af
chelsea manning

MENNINGARNOTT.IS





LAUGARDAGUR 20. MAÍ 2017

Helgin



Mikið mun mæða á Arnari Geir, trommu-leikara HAM, í kvöld þegar sveitin hitar upp fyrir þýsku rokksveitina Rammstein.

helgin →4



Fyrir þarmaflóruna þína

www.icecare.is



MYND/ERNIR

Vandræðalega glaðlyndur

Lárus Blöndal eða Lalli töframaður, eins og hann er þekktastur, fer aldrei í fýlu og lætur bjartsýnina stjórna lífi sínu. Hann er í Reykjavík Kabarett og er vinsæll veislustjóri enda mikill gleðigjafi jafnt með börnum og fullorðnum. →2

Elin
Albertsdóttir
elin@365.is



Lalli töframaður hefur töfrað fram ævintýri Borgarleikhússins undanfarna daga fyrir börn í efstu bekkjum leikskóla borgarinnar. Um tvö þúsund börn hafa kynnst þessum töfraheimi og Lalli segir að einstök gleði hafi ríkt í húsinu. Með honum voru Vísinda-Villi og Vala. „Þetta voru áhugasamir og þakklátir gestir,“ segir hann. „Það var eiginlega ótrúlegt hvað krakkarnir voru meiri háttar.“

Lalli starfar í leikmunadeild Borgarleikhússins en fær útrás fyrir skemmtikraftinn í sjálfum sér sem töframaður. Hann kemur fram með Reykjavík Kabarett sem hefur gert allt vitlaust á Græna herberginu í vetur. Sýningin er ætluð fullorðnum og þar sem alltaf er fullt út úr dyrum verður hún flutt yfir á Rosenberg í júní.

Töfrakassinn heillaði

Lalli segist hafa byrjað að æfa töframanninn þegar hann var sex ára. „Bróðir minn átti töfrakassa sem ég féll gjórsamlega fyrir. Það varð eiginlega ekki aftur stúið eftir að ég komst í kassann,“ segir hann, en Hilmar Guðjónsson leikari er bróðir Lalla. „Það var eitthvað rosalegt við það að vera lítill en framkvæma síðan óskiljanlega hluti. Gera sjónhverfingar sem öðrum fannst skrítnar. Ég var örugglega óþolandi krakki því ég þurfti alltaf að vera að sýna töfrabrögð. Foreldrar mínir þurftu að horfa á ansi margar sýningar,“ segir hann. „Fyrsta launaða giggið mitt var í barnaafmæli þegar ég var tólf ára. Þá var ég orðinn fagmaður í þessu.“ Bætir hann við léttur í bragði. „Í rauninni eru það ekki töfrabrögðin sjálf sem skipta öllu máli heldur að hafa sjálfur gaman af því að vera með fólki. Ég áttaði mig á því þegar ég var átján ára að það yrðu engir töftrar ef ég hefði ekki gaman af því að skemmta,“ útskýrir Lalli.

Byr til dót

En verður hann þá aldrei full eins og aðrir? „Ég er vandræðalega bjartsýn og glaðlynd manneskja,“ svarar hann. „Ég er alltaf í góðu skapi. Ljósu punktarnir í lífinu eru alltaf fleiri en þeir dökku, það er vísindalega sannað. Mér finnst mjög skemmtilegt að vera í vinnunni minni sem leikmunagerðamaður. Ég er alltaf að búa til eitthvað nýtt dót. Það kemur einhver með hugmynd til mín og ég útfæri hana. Ég nota aldrei orðin nei, ég get ekki. Verkefni eru til að leysa þau, það er ekki flókið. Ég er lærdur smiður og er töframaður og sameinaði síðan þá þekkingu í þessu starfi,“ segir Lalli sem hefur aldrei haft löngun til að verða leikari. „Ég vil ákveða sjálfur



Lalli töframaður er líka leikmyndagerðarmaður í Borgarleikhúsinu. MYND/ERNIR



Lalli töframaður á sviðinu í Borgarleikhúsinu þar sem hann skemmti leikskólabörnum í Reykjavík.

hvað ég segi á sviðinu og helst að vera fyndinn. Ég er frekar skemmtikraftur en leikari,“ segir hann.

Kabarett fyrir fullorðna

Lalli og Margrét Erla Maack ákváðu síðasta haust að setja á fót kabarett fyrir fullorðna. „Það var enginn kabarett til á Íslandi. Við ákváðum því að búa hann til. Við fengum gott fólk með okkur sem var alveg til í að taka þátt í kabarett. Við höfum fengið frábærar viðtökur og það er alltaf rosalega gaman. Það verður einhvern veginn ólýsanleg stemming í salnum.

Núna erum við búin að sprengja utan af okkur og ætlum í rýmri sal með stærra sviði. Við verðum alla fimmtudaga á Rosenberg í júní. Sýningarnar eru allar mismunandi enda margir gestir sem koma aftur og aftur. Við erum stundum með gestaatriði, stundum leynigest. Þar sem við erum með fullorðins kabarett þá göngum við skrefinu lengra og pempíugangur er bannaður. Það eru engar drama-drottningar í Reykjavík Kabarett. Þetta er lífandi, sjónræn sýning með fjöðrum og magnaðri tónlist.“ Lalli lætur ekkert stoppa sig og í

„Þar sem við erum með fullorðins kabarett þá göngum við skrefinu lengra og pempíugangur er bannaður. Það eru engar drama-drottningar í Reykjavík Kabarett.“

Lárus Blöndal



sumarkomu er nóg að gera á alls kyns uppakomum um allt land. Það eru sumarhátíðir, bæjarhátíðir og hátíðir í fyrirtækjum. Þetta er tíminn,“ segir Lalli. „Það er alltaf þörf fyrir fólk sem vill vera skemmtilegt. Ég hef rosalega gaman af þessu starfi og nýt mín til fulls í þessu hlutverki. Í leikhúsinu erum við að undirbúa næsta leikár. Við erum til dæmis að aðlaga leikmyndina í Elly fyrir stóra sviðið. Þetta verður bara flottara næsta haust,“ segir Lalli.

Þegar hann er spurður hvað sé á dagskrá um helgina, svarar hann. „Ég ætla að skemmta á árs hátíð hjá leikskólakennurum. Það er svolítið fyndið eftir að hafa verið með leikskólabörnum alla vikuna. Einnig mun ég koma fram á fjölskylduskemmtun í stóru fyrirtæki. En síðan ætlum við sem komum að leikskólasýningunum að halda frumsýningar- og lokasýningarpartí. Þar fyrir utan missi ég ekki af enska boltanum.“

Í símaskránni er Lalli titlaður uppistandari, skemmtikraftur, töframaður og jólasveinn. Lalli var reyndar hissa þegar blaðamaður spurði um jólasveinatilinn. „Er ég enn titlaður jólasveinn? Ég var löngu búinn að óska eftir að sá titill yrði tekinn út. En já, ég breytist stundum í jólasvein í desember,“ segir þessi bjartsýni og glaðlyndi skemmtikraftur, töframaður og jólasveinn.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:
365 miðlar
Ábyrgðarmaður:
Svanur Valgeirsson

Umsjónarmenn efni: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Solveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

Leiðsöguskólinn

Draumastarfið í draumalandinu Kannt þú erlend tungumál?

Ef þér finnst gaman að ferðast um Ísland og umgangast erlenda ferðamenn þá gæti leiðsögunám verið fyrir þig.

Leiðsögunám er fjölbreytt og skemmtilegt og getur opnað dyr að áhugaverðu og krefjandi starfi í vaxandi atvinnugrein.

► INNRIÐUN STENDUR YFIR TIL 23. MAÍ. Sjá mk.is

Leiðsöguskólinn í Kópavogi
Sími: 594 4025



Stundar hreyfingu án verkja

Sigurður átti orðið erfitt með fjallgöngur vegna verkja, en stefnir núna á IronMan í sumar eftir að hann fór að taka inn Amínó Fiskprótín Liðir.

Sigurður Ólafsson kynntist Amínó Fiskprótín Liðir eftir ábendingu frá fjölskyldumeðlimi sem vissi að hann var búinn að glíma við ónot í hnjám. Sigurður hefur alla tíð verið duglegur að stunda einhvers konar hreyfingu, en fyrir um það bil fimm árum fór að bera á verkjum í hnjám.

„Árið 2012 byrjaði ég að stunda fjallgöngur í töluvert miklum mæli en það eina sem skyggði á ánægjuna voru verkir sem ég fór að finna fyrir þegar leið á göngurnar,“ segir Sigurður.

„Þegar ég byrjaði að taka þátt í Landvættaprógrammi hjá Ferðafélagi Íslands haustið 2015, þar sem mikið er um hlaupa- og hjólaæfingar, fór enn meira að bera á þessum verkjum. Eftir að hafa reynt ýmsar vörur prófaði ég Amínó Fiskprótín Liði. Mjög fljótlega tók ég eftir gríðarlega miklum mun. Þetta er í fyrsta skipti sem ég tek fæðubótarefni sem algjörlega breytir aðstæðum mínum þannig að ég get stundað hreyfingu án verkja,“ segir hann.

„Haustið 2016 byrjaði ég að æfa fyrir IronMan keppni sem verður haldin í Kaupmannahöfn seinni-part sumars 2017. Æfingaálagið er töluvert mikið og ef ekki væri fyrir Amínó Fiskprótín Liði þá væri ég ekki að ná sama magni af æfingartímum í viku.“

Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda IceProtein® ásamt öðrum lífvirkum efnum. Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr hafinu við Ísland. Það inniheldur sæbjúga (cucumaria frondosa) og IceProtein® (vatnsrofin þorskrótín). Skrápurinn samanstendur að mestu leyti af brjóski og er því mjög ríkur af kollageni en einnig lífvirka efninu chondroitin sulphate sem verndar liði fyrir skemmdum og örvar endurbyggingu á skemmdu brjóski.

Fyrir utan að innihalda kollagen og chondroitin sulphate er sæbjúga-extraktið ríkt af sinki,



Sigurður Ólafsson getur sannarlega mælt með Amínó Liðir.



Amínó Liðir hefur gjörbreytt aðstæðum mínum og nú get ég stundað hreyfingu án verkja.

joði og járn sem og bólguefjandi efnun sem nefnast saponin. Auk sæbjúgna og IceProteins® innihalda Amínó Liðir túrmerik, D- og C-víta-

mín og mangan. Rannsóknir hafa sýnt að vatnsrofin fiskprótín, eins og eru í IceProtein®, auka upptöku á kalki úr meltingarvegi og styðja þannig við liðaheilsu. Kollagen, chondroitin sulphate, D- og C-vítamín og mangan eru allt efni sem eru mikilvæg fyrir liðaheilsu. Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda þorskrótín, ásamt öðrum lífvirkum efnun sem styðja við eða auka heilsuþætandi virkni þorskróttanna.

Að sögn dr. Hólmfríðar Sveins-

dóttur, stofnanda og framkvæmdastjóra PROTIS ehf., sem framleiðir Amínó® vörulínuna, er fiskprótínið unnið úr hágæða hráefni sem fellur til við flakavinnslu á íslenskum þorski. „Markmiðið er að hámarka nýtingu á einstakri náttúruauðlind og bæta lýðheilsu.“

Fæst í apótekum, heilsuverslunum og í heilsuhillum stórmarkaða. Nánari upplýsingar má finna á www.icecare.is.

Fæðubótarefni sem stuðlar að betri heyrn

Vita Ear TM fæðubótarefnið frá New Nordic er ætlað til að viðhalda góðri heyrn. Óþægindi vegna skertrar heyrnar geta haft áhrif á lífsgæðin.

Inniheldur

- Jurtablönduextrakt úr berki franskra barrtrjáa sem styrkir og viðheldur góðri heyrn.
- Gingko biloba sem eykur blóðflæði í hárfinum æðum til eyrans.
- Magnesium sem viðheldur jafnvægi rafvaka í líkamanum.
- 1 tafla á dag.
- Fæst í apótekum og heilsuverslunum.

Vita Ear inniheldur Gingko biloba sem eykur blóðflæði.



Vita Ear fæst í apótekum og heilsuverslunum.

Heilbrigð melting með Active Liver

Þegar lífinu er lifað til fulls er auðvelt að finna fyrir því og það sést á fólki. Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lífrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur veldur miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallsins. Matur, sem neytt er nú á dögum, inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. „Við erum ekki vön þeim. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lífrinni erfitt að viðhalda eðlilegum efnaskiptum og niðurbroti á fitu. Sem betur fer eru það ekki einungis prótein sem geta örvað lifrarstarfsemi,“ útskýrir Ólöf Rún Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri hjá IceCare.

Active Liver inniheldur náttúrulegu jurtirnar túrmerik og svartan pipar. Einnig ætíðistil og mjólkurþistil sem eru þekktir fyrir að stuðla að eðlilegri starfsemi lifrarinnar og gallsins. Einnig inniheldur Active

Liver kólin sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum, viðheldur eðlilegri starfsemi lifrarinnar og stuðlar að eðlilegum efnaskiptum að því er varðar amínósýruna hómósýstein.

Góður árangur

Jóna Hjálmaradóttir hefur notað Active Liver í nokkra mánuði með góðum árangri. „Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er úr náttúrulegum efnun og ég hef fulla trú á að náttúruvefinn í vörunni stuðli að eðlilegri lifrarstarfsemi. Ég er sjúkraliði að mennt og er meðvitað um líkamsstarfsemi og veit að fita getur safnast á lífrina, þess vegna vildi ég prófa.“

Hún segist fljótt hafa fundið mun á sér. „Ég fékk fljótlega aukna orku og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri



Active Liver virkar vel fyrir Jónu.

þyngd, enda inniheldur Active Liver kólin sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum. Ég er í vinnu þar sem ég þarf að vera mikið á ferðinni, ég er í góðu formi, og hef trú á að Active Liver virki fyrir mig. Einnig finn ég mikinn mun á húðinni, hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli

með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um að halda meltingunni góðri,“ segir Jóna. Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lífrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is





Ný plata HAM, Söngvar um helvíti manna, kemur út í næsta mánuði.

Mikil tilhlökkun

Mikið mun mæða á Arnari Geir, trommuleikara HAM, í kvöld þegar sveitin hitar upp fyrir þýsku rokksveitina Rammstein.

20% AF ÖLLUM



RODEO SÓFI 4RA SÆTA
TILBOÐSVERÐ 198.000,-

EININGARSÓFUM



HORSÓFI NORDIC 262 X 262CM
TILBOÐSVERÐ 256.000,-

habitat

TEKK
COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT
SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-LAU KL. 10-18
OG SUN KL. 13-17
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS



„Við höfum undirbúið okkur nokkuð vel, unnið heimavinnuna og gert viðeigandi æfingar,“ segir Arnar Geir. MYND/ERNIR

Starri Freyr
Jónsson
starri@365.is



Þýska rokksveitin Rammstein heldur tónleika í Kórnum í kvöld en sveitin heimsótti Ísland síðast sumarið 2001 þegar hún hélt tvenna tónleika í Laugardalshöll fyrir fullu húsi æstra aðáenda. Tónleikarnir boðuðu einnig nokkur tímamót fyrir hljómsveitina goðsagna-kenndu, HAM, sem hafði lagt upp laupana sumarið 1994 með eftirminnilegum lokatónleikum í Tunglinu sáluga. Hún hitaði upp fyrir Rammstein á báðum tónleikumum við góðar undirtektir tónleikagesta sem margir voru að sjá sveitina í fyrsta skipti á tónleikum. Liðsmenn HAM endurtaka leikinn í kvöld og hita upp fyrir Rammstein og um 16.000 tónleikagesta þar sem bæði eldri perlor fá að hljóma í bland við nýrri lög sem m.a. munu prýða nýja plötu sveitarinnar sem kemur út í næsta mánuði.

Tónleikarnir í kvöld leggjast mjög vel í meðlimi HAM að sögn Arnars Geirs Ómarssonar, trommuleikara sveitarinnar. „Við höfum undirbúið okkur nokkuð vel, unnið heimavinnuna og gert viðeigandi æfingar. Planið er að spila nýtt efni af Söngvar um helvíti manna sem kemur út í júní, í bland við vel valda eldri slagara. Svo lesum við salinn og reynum að koma sjálfum okkur á óvart. Það verður líka gaman að sjá sýninguna hjá Rammstein; sprengingar, ljósasjón og rokk í hæsta metnaðarflokki, þetta getur ekki klikkað.“

Beðið um heyrnina

Nú þegar hafa tvö lög af nýju plötunni farið í spilun. Fyrst lagið Vestur-Berlín, sem var gefið út í mars og sat m.a. á toppi X-listans í fjórar vikur og svo lagið Þú lýgur að mér, sem fór í spilun fyrr í vikunni. Arnar segir vinnsluferli nýju

plötunnar svipað og á plötunni Svik, harmur og dauði sem kom út árið 2011. „Nýja platan var tekin upp á einni helgi í september á síðasta ári eftir stífa undirbúningsvinnu þar sem efnið var hnoðað og mótað. Eins og undanfarna áratugi kemur Sigurjón yfirleitt með ágætlega mótaðar lagasmíðar sem við vinnum áfram með þangað til sátt ríkir um endanlega útkomu. Planið er að halda útgáfutónleika í júní og í framhaldinu munum við vera eitthvað á ferðinni í sumar, t.d. spila á Græna hattinum á Akureyri og á Eistnaflugi í júlí.“

Á morgun gerir Arnar ráð fyrir að eyða deginum í rólegri slökun með fjölskyldunni. „Eftir tónleika fara yfirleitt fyrstu mínútur dagsins í að biðja almættið um heyrnina á ný. Svo kemur hún yfirleitt og maður jafnar sig eftir árekstur tónlistar við skynfærin. Sunnudeginum verður eytt í góðri slökun, óhollum morgunverði og svo gerir fjölskyldan eitthvað stuð saman, kannski rót, sauna, hjólreiðar og trampólín.“

Aldrei leiðinlegir kunnar

Fyrir utan að vera trommuleikari í HAM, Apparat Organ Quartet og Rassi rekur Arnar teiknistofuna og allra handa fyrirtækið Helsinki. „Það tekur mestan minn tíma ásamt hefðbundnu fjölskyldulífi þar sem við konan mín reynum að ala upp tvo dásamlega villinga sem reyna á helstu mörk eins og vera ber. Hjá Helsinki vinn ég m.a. við hönnun á ásynd fyrirtækja, auglýsingar, hugmyndavinnu og alls konar skemmtileg grafísk verkefni. Sem dæmi má nefna að útlit á Iceland Airwaves undanfarin tvö ár er unnið hjá mér. Stefnan er að vinna aldrei með leiðinlegum kunnnum og það hefur gengið eftir hingað til. Fyrir það er ég afar þakklátur. Þar fyrir utan er ég að reyna að þróa með mér miðaldra Lycra hjólreiðamann, garðvinnuæfingar og aukinn áhuga á stórvirkum vinnuvélum.“



HAM hefur sjaldan verið betri. F.v.: Flosi Þorgeirsson, S. Björn Blöndal, Sigurjón Kjartansson, Arnar Geir Ómarsson og Óttarr Proppé. MYND/MARINO THORLACIUS

Fylgstu með á
Facebook - Lindex Iceland
#lindexiceland

Kjól,
4999,-

LINDEX

we make fashion feel good



Ljósmyndasýningin Madagaskar – mora mora verður opnuð í ljósmyndastúdíói Jóns Páls að Snorrabraut 56a á næstu dögum.



Veidimennirnir á rifinu veiddu risasæskjaldböku sem allir þorpsbúar gæddu sér á um kvöldið.



Breytti sýninni á lífið

Hjónin Jón Páll og Dóra með veidimönnum sem þau sigldu með um rifinu.

Ljósmyndarinn Jón Páll Vilhelmsson opnaði í vikunni ljósmyndasýninguna Madagaskar – mora mora þar sem hann sýnir myndir sem hann tók á ferðalagi sínu um Madagaskar.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Jón Páll hélt til Madagaskar með eiginkonu sinni Dóru Albertsdóttur í byrjun árs. „Við giftum okkur fyrir tveimur og hálfu ári og áttum alltaf eftir að fara í brúðkaupsferð. Við vorum dálitinn tíma að ákveða hvert skyldi haldið en langaði þó bæði að fara aðeins út fyrir þægindarammann, fara annað en til Evrópu og Bandaríkjanna,“ segir Jón Páll. Þau höfðu velt ýmsum stöðum fyrir sig en þegar hugmyndin um Madagaskar kom upp vissu þau bæði að þar væri niðurstaðan komin.

Þau hjónin töldu sig vita eitt og annað um Madagaskar enda einlægir aðdáendur BBC þáttanna með David Attenborough. Þau komust hins vegar að því að þau vissu nánast ekki neitt. „Við ákváðum meðvitað að láta landið koma okkur á óvart og skoðuðum því ekki neitt fyrirfram á netinu. Höfðum reyndar ráðið okkur leiðsögumann sem var afar skynsamlegt enda töluð franska í landinu. Líklega hefði maður þó átt að undirbúa sig aðeins meir en við gerðum enda er þetta þriðja heimsríki, tíunda fátækasta land heims, og því dálítið menningarsjokk fyrir okkur.“

Engin leið að forðast fólk

Hugmynd Jóns Páls og Dóru var að skoða sem mest náttúru landsins en forðast fólk, borgir og bæi. „Þar kom í ljós hversu lítið við vissum enda búa 25 milljónir manna á eyjunni og ekkert sem heitir að forðast fólk,“ segir Jón Páll og hlær. Ferðamenn voru þó fremur fáir á þessum tíma enda regntímabil. „Stundum vorum við eina fólkið á þeim hótélum sem við gístum á.“

Á þeim tveimur vikum sem hjónin dvöldu á Madagaskar ferðuðust þau um fjögur þúsund kílómetra. „Við vorum mun meira á ferðinni en við höfðum ætlað. Til dæmis fórum við 900 km aðra leið til að ég næði myndum af baobabtrjám.“

Ekki hægt að dæma

Meðal þess sem hjónin tóku sér fyrir hendur var að sigla á eintrjáníngum á rífi og heimsækja þorp þar sem búa innan við hundrað manns. „Íbúarnir flytja þorpið eftir því sem veiði gefst á rifinu,“ lýsir Jón Páll en þau urðu til dæmis vitni að því þegar veidimennirnir sneru úr veiðiferð með risastóra sæskjaldböku. „Leiðsögumaðurinn sagði að hún mynd fæða alla íbúa þorpsins það kvöldið. Við það vöknudu blendnar tilfinningar. Annars vegar vissum við að þetta var dýr í útrýmingarhættu en hins vegar skildum við vel þetta fátæka fólk sem var glatt yfir að geta borðað vel.“

Breytti lífssýninni

Jón Páll og Dóra þurftu að leita sér læknaaðstoðar eftir að þau veiktust við að borða illa soðin egg. „Við fórum á heilsugæslustöð sem var mjög sérstök upplifun. Eftir þá reynslu kunnum við mun betur að meta íslenska heilbrigðiskerfið,“ segir Jón Páll og bætir við að raunar hafi ferðin öll vakið þau til vitundar um misjafna stöðu fólks í heiminum. „Við Íslendingar erum svo uppteknir af ómerkilegum lúxusvandamálum miðað við það sem íbúar Madagaskar þurfa að takast á við. Við horfum því öðrum augum á lífið núna.“

Ljósmyndasýningin Stritið á Madagaskar

Ferðin til Madagaskar var ekki ljósmyndaferð þótt Jón Páll hafi verið með myndavélina á lofti. „Ég var með lágmarksgræjur og skildi tölvuna eftir heima. Ég ætlaði mest að taka myndir af náttúrunni en þegar til kom var það fólkið sem kom mér mest á óvart. Ég fór að taka myndir af því og úr urðu flottar myndir af lífinu á Madagaskar,“ segir Jón Páll sem opnaði sýningu í stúdíói sínu við Snorrabraut 56a í vikunni. „Þetta eru þrjár seríur sem ég kalla stritið á rifinu, stritið á akrinum og stritið við veginn,“ segir hann og býður alla velkomna.

Lager- og sýnishornasala

Herrafatnaður
(jakkaföt – skyrtur- bolir o. fl.)

Dömufatnaður
(Jakkar, kjólar, buxur o.fl.)

Rúmföt • Handklæði • Lök

19.-20. maí


flottar vörur á frábæru verði



Opið aðeins þessa daga

Föstudagur
frá kl. 13-19

Laugardagur
frá kl. 12-17



RÚN
HEILDVERSLUN
EDDA
HEILDVERSLUN

Höfðabakka 9, 110 Reykjavík | run@run.is | www.run.is | www.eddaehf.is

Spennandi störf hjá Fjárvakri



Fjárvakur leitar að öflugum starfsmönnum í þjónustudeild og upplýsingatæknideild.

ÞJÓNUSTUDEILD sér um lokafrágang í uppgjörum viðskiptavina og dreifist ábyrgð á bókhaldi viðskiptavina á milli þjónustustjóra deildarinnar.

UPPLÝSINGATÆKNIDEILD sér um rekstur og þróun fjárhagsupplýsingakerfa Fjárvakurs og notendabjónustu til starfsmanna og viðskiptavina.

LÖGGILTUR ENDURSKOÐANDI FORSTÖÐUMAÐUR

Starfssvið

- Ábyrgð á daglegum rekstri og starfsmannahaldi þjónustudeildar
- Yfirumsjón með verkefnum deildar
- Ábyrgð á bókhaldi ákveðinna viðskiptavina
- Stefnumótun deildar og virk þátttaka í stefnumótun fyrirtækisins
- Yfirumsjón með skipulagningu og þróun ferla
- Þátttaka í ýmsum umbótaverkefnum
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni í samráði við framkvæmdastjóra

Hæfniskröfur

- Viðskiptafræðimenntun af endurskoðunar- eða fjármálasviði
- Löggilding í endurskoðun
- Reynsla af störfum á endurskoðunarskrifstofu
- Reynsla af bókhaldi og uppgjörum stærri fyrirtækja
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Færni í samskiptum og stjórnun

VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR AÐALBÓKARI/ÞJÓNUSTUSTJÓRI

Starfssvið

- Ábyrgð á bókhaldi ákveðinna viðskiptavina
- Lokafrágangur í mánaðar- og árshlutauppgjörum
- Frágangur gagna til skattayfirvalda
- Skil á bókhaldi til endurskoðunar
- Úrvinnsla tölulegra upplýsinga fyrir stjórnendur
- Þátttaka í ýmsum umbótaverkefnum
- Upplýsingagjöf til viðskiptavina
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni í samráði við forstöðumann

Hæfniskröfur

- Viðskiptafræðimenntun
- Mikil reynsla af bókhaldi, afstemmingum og uppgjörum
- Reynsla af vinnu á endurskoðunarskrifstofu er kostur
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Mikil þjónustulund og færni í samskiptum

TÖLVUNARFRÆÐINGUR VERKEFNASTJÓRI

Starfssvið

- Þarfagreining og forritun á veflausnum fyrir starfsmenn og viðskiptavini
- Dagleg þjónusta við notendur hugbúnaðarkerfa Fjárvakurs
- Umsjón og skipulagning á uppfærslu og þróun kerfa og lausna
- Skipulagning og framkvæmd námskeiða fyrir starfsmenn og viðskiptavini varðandi kerfi og nýjungar
- Bilanavakt og neyðarþjónusta við notendur
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni í samráði við deildarstjóra

Hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði tölvunarfræði eða sambærilegu námi
- Vefhugbúnaðargerð í Microsoft .NET umhverfi (C#, VB og ASP)
- Þekking á SQL gagnagrunnum
- Þekking í JQuery, JavaScript, CSS, XML og X/HTML/5
- Mjög góð Excel þekking
- Þekking á DNN kostur
- Þekking og reynsla af fjárhagskerfum og/eða bókhaldi er kostur
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Mikil þjónustulund og færni í samskiptum



Fjárvakur er dótturfyrirtæki Icelandair Group og hefur sérhæft sig í umsjón fjármálaferla fyrir meðalstór og stór fyrirtæki frá árinu 2002. Hjá fyrirtækinu starfa um 140 manns á Íslandi og í Eistlandi og skiptist þjónustan í fjármálaþjónustu, starfsmannaþjónustu og flugmiðaþjónustu.

Áhersla er lögð á gott starfsumhverfi, starfsánægju og starfsþróun.



Umsóknir

Umsóknir skal fylla út á heimasíðu Fjárvakurs fjarvakur.is undir Laus störf. Umsóknarfrestur er til 29. maí.

Nánari upplýsingar gefur mannauðsstjóri Fjárvakurs, Halldóra Katla Guðmundsdóttir, halldora@fjarvakur.is. Öllum umsóknum er svarað og farið er með þær sem trúnaðarmál.



FJÁRVAKUR
Icelandair Shared Services • Icelandairhúsinu
Reykjavíkflugvelli • 101 Reykjavík
Sími: 5050 250 • fjarvakur@fjarvakur.is

FJÁRVAKUR



Reykjavíkurborg
Upplýsingatæknideild

Verkefnastjóri á sviði upplýsingatækni

Viltu taka þátt í að móta og nútímavæða eitt stærsta upplýsingatækniumhverfi landsins?

Óskað er eftir öflugum verkefnastjóra með haldbæra reynslu og menntun sem nýttist við stjórnun verkefna á sviði upplýsingatækni. Framundan eru fjölbreytt, skemmtileg og krefjandi verkefni fyrir ýmsar starfseiningar borgarinnar.

Upplýsingatæknideild Reykjavíkurborgar rekur eitt stærsta tölvunet landsins með hartnær 10.000 útstöðvum fyrir um 25.000 notendur. Framundan eru fjölmörg spennandi verkefni sem felast m.a. í innleiðingu skýjalausna og annarra nýjunga á sviði upplýsingatækni til þess að nútímavæða tæknilega innviði, auka skilvirkni og hagræðingu í rekstri.

Helstu verkefni:

- Fagleg stýring verkefna á sviði upplýsingatækni hjá Reykjavíkurborg.
- Þátttaka í þróun verkefnastjórnunarferlis upplýsingatæknideilda.
- Greining þarfa og þátttaka í gerð útboðslýsinga.
- Ýmis áætlana- og skýrslugerð.

Hæfniskröfur:

- Háskólagráða á sviði verkefnastjórnunar, tölvunarfræði, verkfræði, viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýttist í starfi.
- Reynsla af stjórnun verkefna á sviði upplýsingatækni.
- Þekking á reglum um opinber innkaup er kostur.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, á íslensku og ensku.
- Skipulag í vinnubrögðum.
- Drifkraftur, frumkvæði og metnaður til að ná árangri og þróast í starfi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 6. júní 2017.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veita Jón Ingi Þorvaldsson, deildarstjóri upplýsingatæknideilda í síma 7700077, netfang: jon.ingi@reykjavik.is.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglar það margbreytilega samfélag sem borgin er.



FÓÐURBLANDAN

Fóðurbílstjóri

Fóðurblandan óskar eftir fóðurbílstjóra í fóðurafræðisluteymi fyrirtækisins.

Helstu verkefni:

- Dreifing lausafóðurs og smávara til viðskiptavina skv. dreifingaráætlun.
- Dagleg forskoðun á bifreið fyrir ferðir.
- Afferming bíla í samræmi við dreifingaráætlunir.
- Samskipti við samstarfsmenn og viðskiptavini.
- Tengiliður viðskiptavina við sölusvið.
- Þrif og almenn umhirða á bifreið.

Hæfniskröfur:

- Talar íslensku
- Meirapróf, C, C1E og CE
- Yfir 5 ára reynsla í akstri flutningabifreiða
- Þekking á office hugbúnaði
- Stundvísi og sjálfstæð vinnubrögð
- Býr á stór-Reykjavíkursvæðinu

Óskað er eftir að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Daði Hafþórsson, framkvæmdastjóri framleiðslusviðs, dadi@fodur.is

Fóðurblandan er rótgróið og öflugt framleiðslu- og þjónustu-fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á áburði og fóðri fyrir landbúnað, fiskeldi og húsdýr. Því til viðbótar selur Fóðurblandan ýmis konar rekstrarvöru fyrir landbúnað s.s. girðingar, girðingarefni og smávöru. Fóðurblandan rekur þrjár verslanir, á Selfossi, Hvolsvelli og Egilsstöðum sem og öfluga vefverslun. Fyrirtækið er leiðandi á sínu sviði og eitt það öflugasta í þjónustu við bændur hér á landi. Hjá fyrirtækinu starfa um 50 manns.

Nánari upplýsingar: www.fodurblandan.is

RAFMOGNUMÐ STÖRF

LANDSNET

SAMRÁÐSFULLTRÚI

Við vinnum að því að skapa sátt um hlutverk og starfsemi fyrirtækisins í íslensku samfélagi. Við leggjum áherslu á að eiga frumkvæði að stöðugu samtali við hagsmunaaðila sem einkennist af hreinskilni, ábyrgð, víðsýni, gagnkvæmri virðingu og samstarfsvilja. Til að vinna með okkur að bættu samtali auglýsum við eftir samráðsfulltrúa til að bættast í hóp öflugra starfsmanna Landsnets. Um er að ræða nýtt starf sem felur í sér ferðalög innanlands.

Helstu verkefni

- Upplýsingagjöf og samskipti við hagaðila.
- Undirbúningur, stýring og eftirfylgni funda með hagaðilum.
- Mótun nýrra vinnubragða við að auka samtal við samfélagið.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi.
- Framúrskarandi samskipta- og samstarfsfærni.
- Haldgóð reynsla við fundastjórnun stærri funda.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Mikil færni til að tjá sig skipulega bæði í ræðu og riti.

SÉRFRÆÐINGUR Í GREININGUM Á VIÐSKIPTAUMHVERFI

Við viljum þróa raforkumarkaðinn á Íslandi til að mæta þörfum framtíðarinnar og leitum að öflugum einstaklingi í starf sérfræðings í greiningum á viðskiptaumhverfi. Starfið felur í sér þátttöku í greiningarvinnu á rekstri og þróun á viðskiptaumhverfi okkar, með áherslu á viðskiptaskilmála Landsnets, áhættugreiningu og raforkumarkaðsmál.

Helstu verkefni

- Greining áhrifa á breytingum samninga og viðskiptaskilmála á gjaldskrá.
- Greining á tækifærum í þróun raforkumarkaðar.
- Þátttaka í vinnu vegna viðskiptaskilmála flutningskerfisins.
- Greining og vöktun á raforkuviðskiptum Landsnets.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í verk- eða viðskiptafræði eða skyldum greinum.
- Reynsla af sambærilegum verkefnum.
- Hæfni í greiningu og túlkun gagna.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Mikil samskipta- og samstarfsfærni.

Umsóknarfrestur er til og með 3. júní 2017.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um stöfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um. Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Nánari upplýsingar veitir **Audur Bjarnadóttir** (audur.bjarnadottir@capacent.is).

Um Landsnet

Við flytjum raforku á Íslandi og stýrum uppbyggingu flutningskerfisins. Við sjáum fyrir okkur rafvædda framtíð sem er í takt við samfélagið og höfum sett okkur það markmið að tryggja örugga afhendingu á raforku til framtíðar og að ná sátt um þær leiðir sem farnar verða. Við viljum taka tillit til þarfa samfélagsins á hverjum tíma og sýnum ábyrgð í umgengni við náttúruna. Við berum umhyggju hvert fyrir öðru og viljum skapa góðan vinnustað með spennandi verkefnum. Við höfum að leiðarljósi gildin okkar: samvinnu, ábyrgð og virðingu.

Matorka

Starfsmenn í fiskeldi

Matorka óskar eftir að ráða starfsmenn í fiskeldi. Viðkomandi aðilar þurfa að hafa þekkingu og/eða mikinn áhuga á fiskeldi og löngun til að starfa á því sviði. Staðsetning Matorku er í Grindavík. Búseta á svæðinu er æskileg.

Umsóknarfrestur

31. maí

Helstu verkefni

Vinnan felst í fjölbreyttum fiskeldisstörfum, svo sem fóðrun, skráningum, eftirliti og almennum viðhalds störfum. Skemmtileg vinna sem hentar bæði körlum sem konum. Hreinlæti og góð umgengni mikilvæg.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/5025

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og/eða reynsla sem tengist starfinu mikill kostur.
- Kunnátta í meðferð fiskeldis og tækjabúnaðar mikill kostur.
- Skipulagshæfileikar og metnaður í starfi.



landbased aquaculture

Matorka er fiskeldisfyrirtæki með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Fyrirtækið notast við nýjustu eldistækni í framleiðslu sinni, og öll starfsemi fyrirtækisins er umhverfisvæn.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Norðurorka

Gæða-, umhverfis- og öryggisstjóri

Norðurorka hf. óskar eftir að ráða Gæða-, umhverfis- og öryggisstjóra. Leitað er eftir öflugum einstaklingi í krefjandi umbótastarf þar sem reynir á samskiptahæfni, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.

Umsóknarfrestur

30. júní

Helstu verkefni

- Rekstur og þróun gæðakerfis.
- Ábyrgð á umbótastarfi.
- Greining og vöktun á árangri í gæða-, umhverfis- og öryggismálum.
- Fræðsla í gæða-, umhverfis- og öryggisstjórnunarmálum.
- Samskipti við vottunaraðila.
- Umsjón með ytri og innri úttektum.
- Innleiðing staðla í samræmi við starfsemi og áherslur fyrirtækisins.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/5090

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Skipulögð vinnubrögð, frumkvæði og heilindi.
- Þekking á og/eða menntun í starfsumhverfi orku- og veitufyrirtækja er kostur.
- Einstök hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð færni í að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð tungumálakunnátta í íslensku og ensku er skilyrði.



Norðurorka hf. þjónustar heimili og atvinnulíf með vinnslu og dreifingu á heitu vatni og neysluvatni og rekstri dreifikerfis raforku og fráveitu. Fyrirtækið rekur rafveitu og fráveitu á Akureyri, hitaveitu og vatnsveitu á Akureyri, Hrísey, Eyjafjarðarsveit og á Svalbarðsströnd. Þá rekur Norðurorka hf. hitaveitu á Ólafsfirði, Hörgársveit, Grenivík og í Fnjóskadal. Norðurorka hf. starfar samkvæmt vottuðu gæðakerfi ISO 9001.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

Viðskiptafræðingur – endurskoðun

Traust endurskoðunarfyrtæki óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling með reynslu af vinnu við endurskoðun, reikningsskil og/eða bókhald. Sjálfstæði í starfi, fagleg vinnubrögð og samstarfshæfileikar eru nauðsynlegir kostir.

Í boði er gott starf, í góðum hópi sérfræðinga, hjá traustu fyrirtæki miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. **Vinnutími er samkomulag.**

Sjá nánar á www.intellecta.is

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

365 óskar eftir góðu fólki

MARKAÐSRÁÐGJAFI ÚTVARPSAUGLÝSINGA

365 auglýsir eftir duglegum, jákvæðum og hugmyndaríkum einstaklingi með reynslu af auglýsingasölu.

Helstu kröfur:

- Reynsla af sölumennsku er skilyrði
- Sjálfstæði í starfi og hæfni til að vinna í hópi
- Rík þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð
- Þekking á íslensku viðskiptalífi
- Góð almenn tölvukunnátta

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á: www.365.is undir „laus störf“.

365 hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 2. júní 2017. Stefnt er að því að umsækjandi hefji störf sem fyrst.

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksyningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365

VILTU SLÁST Í HÓPINN?

Við erum að stækka og því viljum við bæta nokkrum eldklárum og úrræðagóðum starfsmönnum í hópinn!

Arctic Trucks er þjónustufyrirtæki sem vinnur að lausnum fyrir fólk sem hefur áhuga á jeppum og ferðalögum. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í jeppabreytingum og er þekkt vörumerki á því sviði víða um heim.

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

BIFVÉLAVIRKJAR Á ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

Vegna stækkunar á þjónustuverkstæði okkar leitum við að vönum bifvélavirkjum til að sinna fjölbreyttum verkefnum. Menntun í bifvélavirkjun er skilyrði og reynsla æskileg.

STARFSMAÐUR Á BREYTINGAVERKSTÆÐI

Við leitum að starfsmanni með góða þekkingu en ekki síst brennandi áhuga á jeppum og jeppabreytingum. Iðnmenntun, t.d í bílasmíði, er kostur.

SÉRFRÆÐINGUR Á FJÁRMÁLASVIÐI

Vegna aukinna umsvifa leitum við að starfsmanni með sérhæfingu í kostnaðargreiningu og eftirliti.

Helstu verkefni:

- Kostnaðar - og afkomugreining
- Umsjón með áætlanagerð
- Umsjón með uppgjörum
- Skýrslugerð til yfirstjórnar
- Innleiðing bókhaldsferla

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun í viðskiptafræði
- Starfsreynsla af fjármálasviði
- Góð tölvukunnátta, t.d. Dynamics NAV og Excel
- Nákvæm, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð enskukunnátta

UMSJÓNARMAÐUR BÍLAFLOTA

Okkur vantar lipran og þjónustulundaðan umsjónarmann bílaflota fyrir Arctic Trucks Experience, sem býður „self-drive“ ferðir um hálendi Íslands, sjá www.atx.is.

Helstu verkefni:

- Umsjón með bílaflota
- Aðstoð við skipulagningu og rekstur ferða
- Utanumhald um eignir deildarinnar
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur

- Áhugi og þekking á jeppum
- Mjög góð enskukunnátta
- Bílpróf
- Þjónustulund, frumkvæði og sjálfstæði

Nánari upplýsingar um störfin veitir Hallveig Andrésdóttir í síma 540 4911.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á umsokn@arctictrucks.is.

Umsóknarfrestur er til 29. maí.

ARCTIC TRUCKS ÍSLAND EHF.
KLETTHÁLSI 3
110 REYKJAVÍK
www.arctictrucks.is



Sölustjóri

Við óskum eftir að ráða öflugan sölustjóra til að starfa í hröðu og krefjandi starfsumhverfi hjá ört vaxandi fyrirtæki.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Ábyrgð á daglegri sölu rekstrarvara
- Umsjón með solumönnum
- Skipulagning söluaðgerða
- Gerð söluáætlana og eftirfylgni með þeim
- Gerð mánaðarlegra uppgjöra
- Önnur verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Árangursrík reynsla af sölustörfum
- Reynsla af sölustjórnun æskileg
- Frumkvæði og metnaður
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum



Upplýsingar veitir:

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út
á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 29. maí nk.



Viðskiptastjóri

Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans auglýsir laust til umsóknar starf viðskiptastjóra fyrirtækjaviðskipta. Verkefni deildarinnar lúta að vinnu við útlánaferli, ráðgjöf og þjónustu við viðskiptavini.

Helstu verkefni

- » Umsjón með samskiptum við fyrirtæki í viðskiptum
- » Greining lánsúmsókna fyrirtækja og rekstraraðila
- » Mat á greiðslugetu fyrirtækja og rekstraraðila
- » Skýrslugerð og önnur undirbúningsvinna lánsúmsókna fyrir lánafundum
- » Flutningur mála á lánafundum
- » Mat og eftirlit á tryggingum og veðandlögum
- » Öflun nýrra viðskiptasambanda

Hæfni og menntun

- » Viðskiptafræði eða sambærilegt háskólanám sem nýtist í starfi
- » Reynsla af rekstri og/eða útlánamálum fyrirtækja
- » Markviss vinnubrögð og góð tölvukunnátta
- » Framúrskarandi samskiptafærni og þjónustulund

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Arnbjörn Már Rafnsson, forstöðumaður Bíla- og tækjafjármögnunar, í síma 410 4821 og Bergþóra Sigurðardóttir, starfspróunarstjóri, í síma 410 7907.

Umsókn merkt *B&T*-viðskiptastjóri fyrirtækja fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is. Umsóknarfrestur er til og með 1. júní nk.





Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið - Höfuðborgarstofa
Verkefnastjóri ferðamála

Viltu markaðssetja áfangastaðinn Reykjavík?

Höfuðborgarstofa leitar að metnaðarfullum verkefnastjóra til þess að leiða stefnumótun stofnunarinnar á sviði markaðsmála með það að markmiði að efla enn frekar ímynd Reykjavíkur sem áfangastaðar.

Verkefnastjóri ber ábyrgð á gerð markaðsáætlana, innleiðingu þeirra og eftirfylgni. Hann er jafnframt ábyrgur fyrir sam-hæfingu markaðsmála stofnunarinnar og gegnir lykilhlutverki við öflun og greiningu markaðsupplýsinga. Í starfinu felst umtalsverð samvinna við aðila innan og utan Reykjavíkurborgar.

Um nýtt starf er að ræða hjá Höfuðborgarstofu. Áherslur starfsins byggja á Ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar og starfs-áætlun Höfuðborgarstofu á hverjum tíma.

Starfið krefst:

- Háskólamenntunar sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun á sviði markaðsmála er ótvíræður kostur.
- Að lágmarki 3ja ára reynsla á sviði markaðsmála. Þekking og reynsla af ferðabjónustutengdu markaðsstarfi er kostur.
- Hæfni til að afla og greina upplýsingar og koma á framfæri með skýrum hætti.
- Mikils frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum auk framúrskarandi skipulagshæfileika.

- Færni og getu til að vinna undir álagi og sinna mörgum viðfangsefnum í einu.
- Þekkingar á sviði upplýsingatækni.
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum.
- Mjög góðrar kunnáttu í íslensku jafnt sem ensku og hæfni til að tjá sig vel í ræðu og riti.

Kjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar veitir: Áshildur Bragadóttir forstöðumaður Höfuðborgarstofu, ashildur.bragadottir@reykjavik.is, sími 411 6012.

Vakin er sérstök athygli á markmiðum starfsmanna- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem er að finna á www.reykjavik.is

Umsóknarfrestur er til og með 28. maí nk.

Umsóknir skulu sendar á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.

Hlutverk Menningar- og ferðamálasviðs er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Sviðinu tilheyrir menningarstofnanir Reykjavíkurborgar; Borgarbóksafn Reykjavíkur - menningarhús, Borgarsögusafn Reykjavíkur og Listasafn Reykjavíkur.

Höfuðborgarstofa ber ábyrgð á heildarkynningu Reykjavíkur á sviði ferðamála innanlands og utan, rekur upplýsingamiðlun til ferðamanna og sér um skipulag og framkvæmd stærstu borgarhátíðanna í Reykjavík



Sölufulltrúi fasteigna

Óskum eftir að ráða fasteignasölunema og löggilta fasteignasala í sölustarfsemi.

Mjög góð skipti prósentu.
Allar nánari upplýsingar veitir Þorbjörn Pálsson, framkvæmdastjóri, löggiltur fasteignasali.
thorbjorn@alltfasteignir.is

Bæjarhrauni 12 Hafnarfirði sími 560-5500 • Víkurbraut 46, Grindavík sími 426-8890



ÓSKUM EFTIR BAKARA OG BAKARANEMA Í BAKARÍÐ HJÁ JÓÍ FEL

Óskum eftir að ráða strax bakara og bakaranema. Vinsamlega sendið umsókn á joifel@joifel.is

Holtagarðar - Smáralind - Kringlan - Garðabær - Hringbraut
www.joifel.is

Ert þú drífandi stjórnandi?



Hefur þú leiðtoga-hæfileika?



Viltu starfa í hröðu og metnaðarfullu umhverfi?



Viltu takast á við spennandi þróunarverkefni?



Hefur þú brennandi áhuga á gagnamálum?

Við leitum að metnaðarfullum og drífandi stjórnanda til að verða liðstjóri gagnahóps á upplýsingatæknisviði sem fæst við umfangsmikil gagnaverkefni á sviði fjármála og áhættustýringar. Liðstjóri þarf að búa yfir drifkrafti, leiðtoga-hæfileikum og getu til að miðla framtíðarsýn.

Helstu verkefni

- Leiðir og ber ábyrgð á hugbúnaðarþróun teymis gagnaforritara, tekur þátt í forritun og stýrir vinnu við ETL ferla
- Ber ábyrgð á tæknilegri hönnun og veitir teyminu leiðsögn um tæknilegar útfærslur
- Stýrir og forgangsraðar vinnu teymisins og tryggir samskipti við hagsmunaaðila

Hæfniskröfur

- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Reynsla af stjórnun hugbúnaðarteyma og Scrum aðferðafræði er æskileg
- Viðamikil þekking á hönnun og smíði gagnalausna
- Reynsla úr fjármálaumhverfi er kostur
- Gott vald á rituðu og mæltu máli, bæði íslensku og ensku
- Háskólapróf sem nýtist í starfi

Frekari upplýsingar um starfið veitir Guðrún Helga Hamar forstöðumaður, sími 444 6926, netfang guðrun.hamar@arionbanki.is.

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí 2017. Sótt er um starfð á arionbanki.is.

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Arion banki er líflegur og spennandi vinnustaður. Við vinnum með viðskiptavinum okkar að því að búa í haginn fyrir framtíðina. Við ræktum jákvæðan starfsanda og leggjum áherslu á að starfsfólk okkar þroskast og þróist í starfi með markvissri fræðslu og þjálfun. Straumlínustjórnun er hluti af daglegri menningu með stöðugum umbótum og samvinnu allra starfsmanna. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans mál og árið 2015 hlutum við Jafnlaunavottun VR.

Saman látum við góða hluti gerast.



Fjölbreytt störf í boði hjá VIRK

Sérfræðingur

Við leitum að öflugum sérfræðingi með þekkingu á tölfræði og gagnavinnslu auk menntunar og reynslu sem nýtist við þróun og rannsóknir á sviði starfsendurhæfingar.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Starfið felur í sér verkefni á sviði gagnagreininga, rannsókna og þróunar í samvinnu við sérfræðinga VIRK og annarra fagaðila

Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda, lýðheilsu eða heilsuhagfræði
- Reynsla og þekking á tölfræði og gagnagreiningu
- Reynsla og þekking á faraldsfræðilegum rannsóknum er mikill kostur
- Þekking á endurhæfingu, heilbrigðis- og félagsþjónustu eða vinnumarkaði er kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfni og jákvætt viðmót
- Skipulagshæfni, sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti

Læknaritari

Við leitum að löggiltum læknaritara til starfa á mats- og þjálfunarsviði VIRK.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Samskipti við fagaðila og einstaklinga í þjónustu
- Skráning og vinnsla með upplýsingar í gagnagrunni VIRK
- Umbóta- og þróunarstörf
- Almenn skrifstofustörf
- Önnur verkefni

Menntunar- og hæfnikröfur

- Menntun sem löggiltur læknaritari
- Víðtæk reynsla og þekking á starfi læknaritara
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfni
- Mjög gott tölvulæsi
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 3. júní 2017.

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og einnar blaðsíðu kynningarbréf þar sem á kerfisbundinn hátt er gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur starfsins.

Fulltrúi í þjónustuveri

Við leitum að lausnamiðuðum og þjónustulunduðum fulltrúa til starfa við þjónustuver á upplýsingatæknisviði VIRK. Um nýtt starf er að ræða og kemur viðkomandi til með að taka þátt í mótun á nýju þjónustuveri.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Þjónusta og leiðsögn við starfsfólk VIRK, ráðgjafa, fagaðila og einstaklinga í þjónustu
- Símsvörun og netspjall
- Aðkoma að innleiðingu á nýju upplýsingakerfi VIRK
- Umbótastarf
- Önnur verkefni

Menntunar- og hæfnikröfur

- Mjög góð tækni- og tölvuþekking
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Rík þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Lausnamiðuð og jákvætt viðhorf
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Gott vald á íslensku

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu. VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði og er leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar. Að VIRK standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekanda á vinnumarkaði.

VIRK er metnaðarfullur vinnustaður þar sem lögð er áhersla á jákvæðan starfsanda og sterka liðsheild. VIRK kappkostar að skapa jákvæða menningu með traustu fagfólki. Gildi VIRK eru fagmennska, virðing og metnaður og er starfsfólk hvatt til að hafa gildin að leiðarljósi í störfum sínum.

Nánari upplýsingar um VIRK er að finna á virk.is

Upplýsingar veita:

Leifur Geir Hafsteinsson
leifurgeir@hagvangur.is

Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is



Góð störf hjá traustu fyrirtæki

Sölumaður

Smith & Norland, Nóatúni 4, vill sem fyrst ráða sölumann til starfa í heimilistækjaverslun fyrirtækisins.

Starfið felst í afgreiðslu og sölu heimilistækja og almennri ráðgjöf.

Leitað er að jákvæðum, ábyrgðafullum og kraftmiklum starfsmanni sem hefur gaman af mannlegum samskiptum. Reynsla af sölustörfum æskileg.

Góð framkoma, snyrtimennska og reglusemi eru skilyrði.

Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.

Umsóknarfrestur er til og með 4. júní.

Áhugasamir sendi umsókn á jonni@sminor.is eða skili slíki á skrifstofu fyrirtækisins.

Vinsamlega tilgreinið hvaða starf er sótt um.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu fyrirtækisins, www.sminor.is.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Sumarafleysingarstörf

Smith & Norland leitar eftir traustu starfsfólki í eftirfarandi sumarafleysingarstörf:

Starfsmaður í vöruafgreiðslu og önnur lagerstörf.

Starfið felst í vörumóttöku og aðstoð við útkeyrslu vörusendinga til viðskiptavina auk tengdra lagerstarfa. Viðkomandi þarf að hafa bílpróf.

Starfsmaður á þjónustuverkstæði.

Starfið felur í sér aðstoð við viðgerðir, þjónustu og afgreiðslu vegna heimilistækja og annað sem því tengist. Rík þjónustulund, snyrtimennska og reglusemi eru skilyrði.

Sölumaður í heimilistækjaverslun.

Starfið felur m.a. í sér kynningu og sölu heimilistækja, símtækja, lýsingarbúnaðar og önnur skyld störf. Góð framkoma, snyrtimennska og reglusemi eru skilyrði.

Sölumaður í rafbúnaðardeild.

Starfið felur m.a. í sér kynningu og sölu á raflagnaefni og öðrum rafbúnaði sem og ýmis önnur verkefni. Góð framkoma, snyrtimennska og reglusemi eru skilyrði.

Umsóknarfrestur er til og með 28. maí.



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

VERKEFNASTJÓRI Á VERKEFNASTOFU

Helstu verkefni eru almenn stjórnun verkefna, s.s. undirbúningur, skipulagning, áætlanagerð, eftirlit og eftirfylgni. Fræðsla og stuðningur við aðra verkefnastjóra, ásamt samskiptum við innri og ytri viðskiptavini. Verkefnastjóri vinnur náið með forstöðumanni við stefnumótandi verkefni og innleiðingu á hugmyndafræði verkefnastjórnunar hjá Isavia.

Menntun og hæfniskröfur:

- Viðskiptafræði, verkefnastjórnun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af vinnu við stefnumótandi verkefni er kostur
- Góð þekking og reynsla af verkefna- og breytingastjórnun
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni, frumkvæði og nákvæmni í vinnubrögðum
- Þekking á SharePoint er kostur

Upplýsingar um starfið veitir Hrönn Ingólfssdóttir, forstöðumaður verkefnastofu þróunar og stjórnunar, í netfanginu hronn.ingolfsdottir@isavia.is.



Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunur eigi sér stað.



Hringur er flugumferðarstjóri í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík. Hann er hluti af góðu ferðalagi.




ISAVIA

STARFSSTÖÐ:
REYKJAVÍK

UMSÓKNARFRESTUR:
28. MAÍ 2017

UMSÓKNIR:
ISAVIA.IS/ATVINNA



Vilt þú vera hluti af framsæknu teymi Slippsins Akureyri?

Vegna aukinna umsvifa leitum við að kraftmiklum málmiðnaðarmönnum til að taka þátt í krefjandi og spennandi verkefnum.

Verkstjóri í vélsmiðju

Óskum eftir að ráða kraftmikinn og metnaðarfullan aðila í starf verkstjóra á vélsmiðju okkar. Um er að ræða 100% starf

Verkstjóri er lykilmaður í skipulagningu og stjórnun einstakra verka og sem slíkur afar mikilvægur við að uppfylla óskir og væntingar viðskiptavina fyrirtækisins. Verkstjóri ber ábyrgð á að verk séu unnin á sem hagkvæmasta hátt, að fagmennsku sé gætt og að gæðakröfum sé fullnægt. Verkstjóri er næsti yfirmaður starfsmanna viðkomandi deildar og ber ábyrgð á starfsmannahaldi deildarinnar.

Helstu verkefni:

- Stjórnun og skipulagning verka.
- Stjórnun starfsmanna deildarinnar.
- Umsjón með húsnæði, tækjum og áhöldum deildarinnar.
- Umsjón með skráningu starfsmanna, vélavinnu og efnis.
- Gerð mannaflaáætlana.
- Efnisúttegungun.
- Varahlutaúttegungun.
- Gæðastjórnun og gæðaeftirlit.
- Umsjón með að farið sé eftir öryggisreglum og að fyllsta öryggis sé gætt á vinnusvæðinu

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarabréf eða hærra stig menntunar í vélvirkjun eða vélstjórn.
- A.m.k. 5 ára reynslu í greininni.
- Hafa gott vald á íslensku og ensku í tali og riti. Kunnátta í einu norðurlandamáli kostur.
- Áhersla er lögð á hæfni í mannlegum samskiptum, þjónustulipurð, snyrtimennsku, skipuleg vinnubrögð, sjálfstæði í starfi og fagmennsku hvívetna.

Umsóknarfrestur er til 28. Maí

Vélvirkjar/vélstjórar

Starfssvið vélvirkja:

- Vélaviðgerðir skipa
- Þrýsti- og vökvalagnir
- Uppsetning búnaðar
- Aðrar tilfallandi vélaviðgerðir

Rennismiðir

Starfssvið rennismiða

- Viðgerðir á vél- og vinnslubúnaði í skip.
- Smíði á íhlutum í eigin framleiðslu.
- Íhlutir í flokkara og teljara fyrir fiskeldi

Stálsmiðir

Starfssvið stálsmiða:

- Nýsmíði
- Stálviðgerðir skipa
- Almenn plötu-, stál- og rörasmiði

Smiðir í ryðfríu efni

Starfssvið smiða á ryðfrírri deild

- Smíði á vinnslubúnaði í matvælavinnslu
- Smíði á ýmsum framleiðsluvörum.
- Uppsetning vinnslulína/búnaðar innanlands sem og erlendis.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sveins- eða meistarabréf í viðkomandi iðngrein
- Reynsla af CNC vélum kostur í starf rennismiða
- Faglegur metnaður og öguð vinnubrögð
- Stundvísi og áreiðanleiki
- Frumkvæði, sjálfstæði og útsjónarsemi í vinnubrögðum
- Sterk öryggisvitund
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Hvað veitum við:

- ✓ Góðan aðbúnað hjá metnaðarfullu fyrirtæki í stöðugri sókn
- ✓ Samkeppnishæf laun
- ✓ Kraftmikinn og góðan hóp samstarfsfólks
- ✓ Starfsþjálfun og símenntun

Slippurinn Akureyri er leiðandi fyrirtæki á sviði málmiðnaðar á Íslandi og býður heildarlausnir í málmiðnaði og véltækni með sérhæfingu í endurnýjun og viðhaldi á skipum, ásamt hönnun og framleiðslu á vinnslubúnaði fyrir sjávarútveg

Nánari upplýsingar veitir Kristján Heiðar Kristjánsson, khk@slipp.is eða 460-2900
Sótt er um á www.slipp.is

SLIPPURINN AKUREYRI EHF. • NAUSTATANGA 2 • 600 AKUREYRI • SÍMI: 460 2900 • WWW.SLIPP.IS

 **Slippurinn**
AKUREYRI

FAGMENNSKA - METNAÐUR - HAGKVÆMNI



Értu góð/ur sölumaður

Sölufulltrúi - fullt starf

Við leitum að þjónustuliprum einstaklingum til sölu- og þjónustustarfa í fullt starf. Viðkomandi þarf að hafa næmt auga fyrir straumum og stefnum sem og framsetningu húsgagna og gjafavöru. Reynsla af sölu húsgagna og gjafavöru er kostur. Vinnutími: Mán. - fös. 11 - 18:30 einnig vinna um helgar sé þess óskað. Aldurstakmark er 20 ár.

Sumarstarf / Helgarstarf

Við leitum að þjónustuliprum einstaklingum til sölu- og þjónustustarfa í sumar. Leggjum áherslu á snyrtimennsku, reglusemi og metnað fyrir að skila árangri í starfi. Aldurstakmark er 18 ár.

Áhugasamir geta sótt um á www.ILVA.is
Umsóknarfrestur til og með 26. maí



Útideild

AFA JCDecaux óskar eftir að ráða einstakling í útideild fyrirtæksins. AFA JCDecaux sér um viðhald og rekstur á strætóskýlum, upplýsingastöndum og salernum á höfuðborgarsvæðinu. Vinnutími er 08.00 – 15.30.

Kostir.

1. Rafmagns kunnátta
2. Lyftara próf
3. Laghentur
4. Geta unnið sjálfstætt

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Vinsamlegast sendið ferilskrá á Einar.Hermannsson@afajcdecaux.is



Ritari í 50% starf



Hjálpræðisherinn á Íslandi auglýsir eftir ritara í 50% starf. Viðkomandi þarf að hafa góða færni á íslensku og einu Norðurlandtungumáli bæði í ræðu og riti. Ritari þarf að hafa góða þekkingu á helstu ritvinnsluforritum eins og word og excel, sýna frumkvæði og jákvæðni og geta unnið bæði sjálfstætt og í teymi.

Umsóknarfrestur er til 1. júní.

Umsóknir með ferilskrá skal senda á island@herinn.is
Spurningum varðandi starfið er svarað hjá Hjálpræðisherinum í síma 5460177.

Hjálpræðisherinn er kristlegt trúfélag og þess er vænst að umsækjendur treysti sér til að vinna í samræmi við gildi Hersins.



RÚV er fjölmiðill í almannabágu með það hlutverk að vekja, virkja og efla. Hjá RÚV starfar öflugur og samhentur hópur sem segir mikilvægar sögur úr umhverfi okkar, rýnir samfélagið á gagnrýnn hátt og þróar nýjar leiðir til frásagnar.

Við leitum að liðsauka sem vinnur með okkur að áherslum nýrrar stefnu RÚV til 2021.

Umsóknarfrestur er til og með 5. júní 2017.

Upplýsingar um störf og skil umsókna er að finna á www.ruv.is/laus-storf.

Við hvetjum konur jafnt sem karla og fólk af ólíkum uppruna til að sækja um starfið.

www.ruv.is

Við leitum að liðsauka RÚV 2021

UNG – RÚV verkefnastjóri Skrifstofa útvarpsstjóra

Í nýrri stefnu RÚV til 2021 heitum við því að bæta og auka þjónustu við fólk á aldrinum 15-29 ára. Við leitum að drífandi, hugmyndaríkum og skipulögðum einstaklingi í 100% starf við að leiða þá vinnu þvert á miðla RÚV.

Vefritstjóri/ aðstoðarframleiðandi Fréttastofa

Við leitum að vefritstjóra og aðstoðarframleiðanda sem verður hluti af hinu nýja teymi sem vinnur að rannsóknum, þróun hugmynda, úrvinnslu gagna, framleiðslu og gerð sjónvarps- og vefefnis.

Dagskrárframleiðandi Fréttastofa

Við leitum að dagskrárframleiðanda í nýjan fréttaskýringabátt. Dagskrárframleiðandinn verður hluti af nýju teymi sem vinnur að rannsóknum, þróun hugmynda, úrvinnslu gagna, framleiðslu og gerð sjónvarps- og vefefnis.

Aðstoðarframleiðandi Fréttastofa

Við leitum að aðstoðarframleiðanda (skriftu) í 100% starf við fréttavinnslu og útsendingu fyrir útvarp, sjónvarp og vef. Starfsmaðurinn verður hluti af teymi sem stýrir fréttavinnslu fréttastofunnar.



Fjársýsla ríkisins óskar eftir að ráða verkefnastjóra og gæðastjóra

Fjársýsla ríkisins auglýsir tvær nýjar, spennandi og krefjandi stöður. Um framtíðarstörf er að ræða í fjölbreyttu og lifandi umhverfi. Innleiðing nýrra laga um opinber fjármál stendur nú yfir, sem leiðir til mikilla breytinga í verklagi stofnunarinnar og viðskiptavina hennar. Áhersla er lögð á bætt vinnubrögð, aukna fagmennsku og hagkvæmni í rekstri.

Fjársýslan er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála.

Stofnunin veitir fjármálatengda þjónustu til ríkissjóðs og ríkisaðila og annast umsýslu fjármuna.

Þá hefur hún yfirumsjón með bókhaldi og uppgjörum ríkissjóðs og tryggir tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins.

Fjársýslan leggur áherslu á liðsheim, starfsánægju, gagnkvæma virðingu og gott starfsumhverfi með öflugum hópi starfsmanna.

Góður starfsandi, fjölskylduvænt vinnuumhverfi og að starfsfólk hafi tækifæri til að þróast í starfi er í fyrirrúmi hjá Fjársýslunni.

Nánari upplýsingar um stofnunina er að finna á www.fjs.is

Gæðastjóri

Leitað er eftir áhugasömum, jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingi í stöðu gæðastjóra. Gæðastjóri heyrir undir fjársýslustjóra.

Hlutverk gæðastjóra er að efla gæðastarf Fjársýslunnar og stuðla að bættri skilvirkni í þjónustu og einföldun verkferla. Stofnunin hefur sett sér að innleiða verklag sífelldra umbóta og er ráðning gæðastjóra lykilþáttur í því. Gæðastjóri mun leiða saman ólíka þætti í starfseminni og koma með tillögum um úrbætur í verklagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

Rýning og skráning verkferla
Vinna að einföldun ferla og aukinni skilvirkni
Samræming og yfirumsjón með gæðavinnu
Ábyrgð á gerð og viðhaldi handbóka og leiðbeininga
Úttektir á fylgni við ferla og annar stuðningur við innra eftirlit
Vinna að eflingu vitundar um kröfur viðskiptavina FJS
Ýmis önnur verkefni þ.m.t. þátttaka í jafnlaunavottunstarfi FJS

Hæfnikröfur

Háskólapróf sem nýtist í starfi
Góð þekking og reynsla á sviði gæðastjórnunar
Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
Framúrskarandi samskipta- og samstarfshæfileikar
Frumkvæði, metnaður til að ná árangri og tileinka sér nýjungar
Góð íslensku- og enskukunnátta
Góð almenn tölvufærni
Reynsla af verkefnastjórnun æskileg

Nánari upplýsingar veitir

Ragnheiður Gunnarsdóttir - ragnheidur.gunnarsdottir@fjs.is
s.545-7500

Verkefnastjóri

Leitað er eftir áhugasömum, jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingi í stöðu verkefnastjóra á þróunar- og þjónustusviði.

Fjársýslan annast rekstur og umsjón nokkurra stærstu tölvukerfa landsins, sem bjóða upp á margvíslega möguleika til að bæta rekstur ríkisins.

Helstu verkefni og ábyrgð

Þróun og umsjón með verkefnum tengdum upplýsingatæknikerfum ríkisins
Hafa forystu við að hagnýta nýjustu tækni til bæta ferla og vinnubrögð
Þátttaka í innleiðingu á nýju þjónustuborði og þjónustugátt
Önnur verkefni í samráði við forstöðumann þróunar- og þjónustusviðs

Hæfnikröfur

Háskólapróf sem nýtist í starfi
Góð þekking og reynsla af verkefnastjórnun
Góð þekking á upplýsingatæknimálum
Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
Framúrskarandi samskipta- og samstarfshæfileikar
Frumkvæði, metnaður til að ná árangri og tileinka sér nýjungar
Góð íslensku- og enskukunnátta

Nánari upplýsingar veitir

Stefán Kjærnested - stefan.kjaernested@fjs.is
s.545-7500


Frekari upplýsingar er varða bæði störfin

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármálaráðherra og Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðs hafa gert.

Umsóknarfrestur er til og með **9.6.2017**.

Sótt er um störfin rafrænt á www.starfatorg.is

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Starfshlutfall er 100%



**Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi**
www.hagvangur.is



Mýrdalshreppur

Skrifstofustjóri Mýrdalshrepps

Mýrdalshreppur auglýsir stöðu skrifstofustjóra sveitarfélagsins lausa til umsóknar. Leitað er að metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi til að stýra skrifstofu hreppsins. Meginverkefni skrifstofustjóra eru yfirumsjón með fjármálum sveitarfélagsins og bókhaldi. Skrifstofustjóri er staðgengill sveitarstjóra og vinnur náið með honum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, viðskiptafræðimenntun æskileg
- Þekking og reynsla af fjármálum og bókhaldi sveitarfélaga, (Navision)
- Góð samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Leitað er að hæfileikaríkum og metnaðarfullum einstaklingi í þetta starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Laun skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Ásgeir Magnússon sveitarstjóri í síma 487-1210 eða 898-3340. Umsóknir má senda á netfangið sveitarstjóri@vik.is eða á heimilisfangið Mýrdalshreppur Austurvegi 17 870 Vík.

Umsóknarfrestur er til 6. júní n.k.

Vík í Mýrdal

Fjölskylduvænt samfélag í fallegu umhverfi.

Mýrdalshreppur er um 570 manna sveitarfélag. Í Vík er öll almenn þjónusta svo sem leik-, grunn-, og tónskóli, heilsugæsla, dvalar- og hjúkrunarheimili og frábær aðstaða til allrar almennrar íþróttaiðkunar.

Náttúruferðir er rómuð í Vík og nágrenni og samgöngur greiðar allt árið. Ferðaþjónusta er öflug og vaxandi í sveitarfélaginu og fjölbreyttir möguleikar á því sviði fyrir fólk með ferskar hugmyndir.

Mýrdalshreppur - Austurvegi 17 - 870 - Vík - Sími 487 1210

VAKA

Vakahf. óskar eftir starfsfólki í framtíðarstörf og sumarafleysingar.

Bílstjóri

Hæfniskröfur:

- Meirapróf
- Stundvísi og snyrtimennska
- Góð mannleg samskipti
- Þjónustulund
- Óguð vinnubrögð
- Vinnuvélaréttindi kostur
- Þarf að geta hafið störf sem fyrst

Áhugasamir sendi inn starfsumsókn ásamt ferilskrá á starf@vakahf.is merkt: Bílstjóri.
- Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar

Móttaka

Óskum eftir starfsmanni á skrifstofu okkar.

Hæfniskröfur

- Góð almenn tölvukunnátta
- Færni í mannlegum samskiptum
- Þarf að geta hafið störf sem fyrst

Vinnutími 12-17 aðra vikuna og 12-18 hina.

Áhugasamir sendi inn starfsumsókn ásamt ferilskrá á starf@vakahf.is merkt: Móttaka.
- Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

STAÐA RÁÐGJAFI Á SVIÐI MÁLS OG LÆSIS

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir laust til umsóknar starf ráðgjafa á sviði máls og læsis. Ráðgjafinn mun starfa í Miðju máls og læsis, sem heyrir undir skóla- og frístundasviði. Hlutverk Miðju máls og læsis er að veita ráðgjöf um þróun faglegra starfshátta til að stuðla að hvetjandi mál- og læsisumhverfi fyrir börn í leikskólum, grunnskólum og á frístundamiðstöðum. Ráðgjafar Miðju máls og læsis skipuleggja einnig símenntun á sviði máls og læsis fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi.

Undir skóla- og frístundasviði heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar og starfsemi Námsflokka Reykjavíkur, skólasafnamiðstöðva og skólahljómsveita. Næsti yfirmaður ráðgjafa er skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Veita starfsfólki í skóla- og frístundastarfi ráðgjöf og stuðning við að þróa markviss vinnubrögð til að efla málþroska og læsi barna.
- Veita ráðgjöf um virkt tvítyngi, kennslu í íslensku sem öðru máli og málþroska- og lestrarvanda.
- Skipuleggja og annast fræðslu fyrir starfsfólk um mál og læsi.
- Skipuleggja og annast fræðslu fyrir foreldra í samstarfi við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi.
- Samstarf við sérfræðiþjónustu skóla á þjónustumiðstöðvum.

Hæfniskröfur

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Háskólamenntun á framhaldsstigi æskileg.
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum í grunnskóla æskileg.
- Reynsla af verkefnum varðandi mál og læsi.
- Reynsla af ráðgjöf við grunnskóla æskileg.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi og skipulögð vinnubrögð.

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um þekkingu og reynslu af vinnu með mál og læsi, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf grunnskólakennara, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt eða tekið þátt í og annað er málið varðar.

Umsóknarfrestur er til og með 3. júní 2017.

Um er að ræða fullt starf og verður ráðið í stöðuna frá 1. ágúst 2017. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á vefsíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar um starfið veitir Dröfn Rafnsdóttir, verkefnastjóri, og Guðlaug Sturlaugsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, í síma 411 1111.

Netföng: drofn.rafnisdottir@reykjavik.is / guðlaug.sturlaugsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Hefur þú það sem þarf?

Bandalag íslenskra skáta óskar eftir því að ráða framkvæmdastjóra Grænna skáta.

Um framtíðarstarf er að ræða.

Tilgangur starfs

- Afla fjár fyrir Bandalag íslenskra skáta.
- Rekstur Grænna skáta ehf. og Skátabúðarinnar ehf.
- Stjórna starfsemi og vera málsvari fyrirtækisins út á við.
- Sinna öðrum fjáröflunar- og samfélagsverkefnum skátahreyfingarinnar.

Ábyrgðar- og stjórnunarsvið

- Daglegur rekstur beggja eininga.
- Dagleg umsýsla, áætlanagerð, markaðs- og kynningarmál, fjármál og starfsmannahald.
- Samskipti við birgja, viðskiptavinum og aðra hagsmunaaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Stjórnunarreynsla er skilyrði.
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, eiga auðvelt með samskipti og sýna frumkvæði í starfi.
- Leitað er að einstaklingi sem getur tekið þátt í almennum störfum fyrirtækisins ef á þarf að halda.
- Leitað er eftir einstaklingi sem getur stýrt og unnið með einstaklingum með skerta starfsgetu.

Umsóknarfrestur er til 26. maí. Umsóknum skal skilað til framkvæmdastjóra Bandalags íslenskra skáta á netfangið: hermann@skatar.is

Grænir
SKÁTAR
www.dosir.is

Við leitum að duglegum og jákvæðum einstaklingum í sölu og afgreiðslustörf í verslun okkar á Laugavegi.

Um er að ræða **fullt starf** (80-100%)

og **helgarstarfsmenn** (aðra hverja helgi, aukal. álagstímum).

**HEIÐARLEIKI, STUNÐVÍSI, REYKLEYSI,
GÓÐ MANNLEG SAMSKIPTI OG
RÍK ÞJÓNUSTULUND ERU SKILYRÐI.**

Umsókn ásamt mynd og ferilskrá sendist á olga@ullarkistan.is fyrir 26.maí 2017



Ullarkistan
www.ullarkistan.is

RafdíS ehf óskar að ráða rafvirkja /nema með reynslu í vinnu. Verktaki / launþegi.

Allar upplýsingar í síma 845-7711 Hermann.

Einnig hægt að senda umsókn og ferilskrá á netfangið hermannraf@gmail.com

RAFDÍS
Löggiltur rafverktaki
www.rafdis.is



HÓPBÍLAR

Melabraut 18 - 220 Hafnarfirði - Sími 599-6000

Hópbílar óska eftir að ráða bifreiðastjóra í akstur hjá ferðaþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra á höfuðborgarsvæðinu

Starfshlutfall: fullt starf / hlutastarf.

Dagsetning ráðningar: Sem fyrst.

Vinnutími: Eftir samkomulagi.

Hæfniskröfur: Rúturéttindi (ökuréttindaflokkur D eða D1). Rík þjónustulund og góð mannleg samskipti. Hreint sakavottorð.

HVETJUM KONUR JAFNT SEM KARLA TIL AÐ SÆKJA UM

Hægt er að senda inn umsóknir á gusti@hopbilar.is eða palmar@hopbilar.is. Einnig hægt að hafa samband við Agúst í síma 8220073.



MOSFELLSBÆR



VARMÁRSKÓLI
MOSFELLSBÆR

Laus störf næsta skólaár 2017-2018

Deildarstjóri sérkennslu á unglingsstigi í 50% stjórnun og 50% kennslu Kennarar óskast á unglingsstig, miðstig og yngsta stig

- Náttúrufræði (líffræði, eðlis- og efnafræði)
- Íslenska
- Sérkennsla

- Umsjónarkennslu í 4. og 5. bekk
- Listkennslu (dans, tónmennt, leiklist) (möguleiki á hlutastarfi)

Stuðningsfulltrúar og frístundaleiðbeindendur óskast til starfa frá og með 15. ágúst nk.

Aðstoðarmatráður í mótuneytiseldhús óskast frá og með 15. ágúst nk. Vinnutími frá 8-14.

Skrifstofustjóri frá og með 10. ágúst (vinnutími frá 8-16)

Frekari upplýsingar veita Þórunna Rósa Ólafsdóttir og Þórhildur Elfarsdóttir skólalastyrur í síma 525 0700 eða 899 8465 / 863 3297. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið [thoranna\(hja\)varmarskoli.is](mailto:thoranna(hja)varmarskoli.is) eða [thorhildur\(hja\)varmarskoli.is](mailto:thorhildur(hja)varmarskoli.is).

Umsóknarfrestur um öll störf er til 4. júní 2017.

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um. Það sakar ekki að hafa samband og heyra í okkur.

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

Skemmtilegur og lifandi vinnustaður

Vínbúðin leitar að þjónustuliprum einstaklingum sem eru tilbúnir að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu í jákvæðu starfsumhverfi.



Aðstoðarverslunarstjóri á höfuðborgarsvæðinu

Helstu verkefni og ábyrgð

- Þjónusta við viðskiptavini
- Sala, birgðahald og umhirða búðar
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Eftirfylgni þjónustu- og gæðastefnu fyrirtækisins
- Verkstjórn í fjarveru verslunarstjóra

Starfshlutfall er 100%.

Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunarstörfum
- Reynsla af verkstjórn
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta er nauðsynleg og þekking á Navision kostur

Afgreiðsla í Vínbúðum á höfuðborgarsvæðinu

Helstu verkefni og ábyrgð

- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

Hæfniskröfur

- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur
- Almenn tölvukunnátta

Starfsfólk óskast bæði í fullt starf og 50% tímabundið starf til eins árs, þar sem vinnutími er 16.30-20.30 virka daga. Í Vínbúðunum er að jafnaði unnið annan hvern laugardag.

Nánari upplýsingar veitir Guðrún Símonardóttir – starf@vinbudin.is, 560 7700.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og sakavottorðs er krafist.

Umsóknarfrestur er til og með 6. júní nk. Umsóknir óskast fylltar út á vinbudin.is.

Gildi ÁTVR eru LIPURD – ÞEKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurd, þekkingu og ábyrgð.



Jafnlaunaúttekt
PwC
2016



VÍNBUÐIN



Krambúð

Skólavörðustíg

- Hlutastörf um kvöld og helgar**

Krambúðin er verslun sem býður upp á það allra nauðsynlegasta í matvöru og leggur mikla áherslu á að leysa þarfir viðskiptavina sem eru á hraðferð.

Lagt er upp með að viðskiptavinir geti orðið sér úti um þær vörur sem þarf til heimilisins hverju sinni á hagstæðu verði. Fyrir fólk sem vantar skyndilausnir þá er boðið uppá bakað á staðnum, tilbúna rétti, samlokur, tilbúin salöt, Take-Away kaffi o.fl. o.fl.

Krambúðin Skólavörðustíg er með 24/7 opnun og kemur þannig til móts við þá sem eru á ferðinni utan hefðbundins opnunartíma matvöruverslana.

VILTU VINNA Á SPENNANDI STAÐ?

Krambúðin á Skólavörðustíg leitar nú að öflugum starfskröftum í eftirtalin störf.


- Hlutastörf um kvöld og helgar**

Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri og geta hafið störf sem fyrst.

Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni, reglusemi og árvekni í hvívetna.

Allar nánari upplýsingar veitir Valdís Hrönn Sigmarsdóttir verslunarstjóri á staðnum eða í síma 775-6010.

Umsóknir sendist á skolavordustigur@krambud.is
Umsóknarfrestur er til 28. maí nk.

Sölu og upplýsingafulltrúi

Sölu og upplýsingafulltrúi hjá Around Iceland. Meðal verkefna er sala og bókanir á tilbúnum ferðum og upplýsingagjöf til ferðamanna. Starfsmaður mun tryggja góða þjónustu og símsvörun hjá Around Iceland ásamt ýmsum sérverkefnum í samráði við yfirtjón.

Við leitum að söludrifnum og jákvæðum einstaklingi í krefjandi og skemmtilegt sölu- og afgreiðslustarf fyrirtækisins. Starfshlutfall: Fullt starf / hluta starf. Vinnutími: Eftir samkomulagi.

Ábyrgð og helstu verkefni:
Sala á þjónustu.
Samskipti við erlenda og innlenda viðskiptavina.
Sala til erlendra og innlendra viðskiptavina.

Kröfur um menntun og hæfni:
Brennandi áhugi fyrir að veita framúrskarandiþjónustu. Góð tölvuþekking.
Framúrskarandi ensku- og íslensku kunnátta skilyrði. Menningarläsi, sjálfstæði og frumkvæði.
Jákvæðni og sveigjanleiki.
Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Pálmar Sigurðsson, palmar@aroundiceland.is. Umsóknarfrestur er til 28. maí, 2017. Öllum umsækjendum verður svarað og farið er með umsóknir sem trúnaðarmál.

- Gestrisni er okkur í blóð borin - starfsfólk AROUND ICELAND

Around Iceland, Laugavegur 18, 101 Reykjavík, www.aroundiceland.is

VIÐ BÆTUM Í HÓPINN

SPENNANDI ATVINNUTÆKIFÆRI HJÁ EINU STÆRSTA BÍLAUMBOÐI LANDSINS



ÞJÓNUSTUFULLTRÚI Í ÞJÓNUSTUVER

Við leitum að starfsmanni í þjónustuver. Viðkomandi þarf að vera mjög sterkur í mannlegum samskiptum og með mikla þjónustulund. Starfið felst í símsvörun þar sem veittar eru upplýsingar til viðskiptavina, stofnun verkbeiðna og sölu varahluta.

Hæfniskröfur:

- Þekking og áhugi á bílum
- Mjög góð tölvufærni
- Stundvísi
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð

BIFREIÐASMIÐUR

Vegna aukinna umsvifa leitum við að bifreiðasmið á rétttingverkstæði okkar að Viðarhöfða 4. Viðkomandi þarf að vera tölvufær þar sem unnið er í rafrænu umhverfi og hluti þjálfunar og endurmenntunar er rafrænn.

Í boði er vinnuástaða sem uppfyllir ströngustu kröfur og staðla frá BMW, Land Rover og Jaguar. Endurmenntun til að viðhalda þekkingu og tileinka sér nýjustu tækni ásamt möguleika á sérhæfingu eftir getu og áhuga.

Hæfniskröfur:

- Bifreiðasmiði
- Tölvufærni
- Bílpróf
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð eru nauðsyn

Sótt er um störfin á heimasíðu BL, www.bl.is/atvinna

Nánari upplýsingar veitir Anna Lára Guðfinnsdóttir, starfsmannastjóri, anna@bl.is
Umsóknarfrestur er til 28. maí nk.

BL leitast við að ráða starfsmenn sem hafa metnað til þess að skara fram úr og veita framúrskarandi og faglega þjónustu í samvinnu við samheldinn og sterkan starfsmannahóp.

Öflug námskeiðs- og fræðsluáætlun viðheldur kunnáttu og eflir þekkingu starfsmanna á nýjustu tækni vörumerkjanna. Starfsmenn fá vottaðar staðfestingar eða gráður, skv. stöðlum vörumerkjanna.

Hjá BL er mjög virkt starfsmannafélag og einstök fyrirtækjamenning sem við erum afar stolt af.



ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi

Ístak er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Fyrirtækið var stofnað árið 1970 og hefur séð um ýmsar framkvæmdir, svo sem virkjanir, stóriðjuver, jarðvinnuverk, hafnarframkvæmdir, vega- og brúargerð auk flugvalla. Enn fremur húsbýggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Ístak er dótturfélag Per Aarsleff Holding a/s sem er leiðandi verktaki með yfir 4.500 starfsmenn í ýmsum heimsálfum.



Spennandi störf í boð

Vegna góðrar verkefnastöðu leitar Ístak að hæfu og dugmiklu fólki sem vill taka þátt í að styrkja innviði fyrirtækisins og vera hluti af öflugum starfsteymi Ístaks.

Ístak er eitt stærsta verktakafyrirtæki landsins með sterkan bakgrunn og hefur markað sig sem samfélagslega ábyrgt fyrirtæki á verktakamarkaði. Ístak hefur tekið í notkun BIM/VDC tækni í framkvæmdum sínum og framundan eru mörg spennandi verkefni á mörgum sviðum. Við hvetjum alla áhugasama um að sækja um starf hjá okkur.

MÚRARI

Í starfinu felst öll almenn múrvinna, steypuviðgerðir og fagleg ráðgjöf.

Leitað er að aðila sem:

- hefur haldgóða reynslu í múriðn.
- er stundvís og reglusamur.
- sýnir vönduð vinnubrögð.

TÆKNIFÓLK OG VERKEFNASTJÓRAR

Tæknifólk hjá Ístaki sinnir ýmsum störfum, allt frá faglegri ráðgjöf, mælingum, eftirliti með gæða- og öryggismálum að stjórnun vinnustaða og verkefnastjórn.

Leitað er að aðilum sem:

- hafa menntun sem nýtist í starfi.
- hafa reynslu af mannvirkjagerð og byggingariðnaði.
- eru liprir í samskiptum.
- sýna frumkvæði og geta unnið sjálfstætt.

KRANASTJÓRNENDUR

Kranastjórnandi óskast til að stýra turnkrana á höfuðborgarsvæðinu.

Leitað er að aðila sem:

- hefur gild vinnuvélaréttindi í flokki A.
- hefur gild ökuréttindi í flokki B. Meirapróf er kostur.
- hefur haldgóða reynslu af stjórnun turnkrana.
- er stundvís og reglusamur.

SMÍÐIR Í MÆLINGAVINNU

Leitað er að smíðum til starfa við húsbýggingar í mælingavinnu.

Leitað er að aðilum sem:

- hafa mikla reynslu af mótauppslætti og almennri smíðavinnu.
- eru stundvísir og reglusamir.
- sýna vönduð vinnubrögð.
- geta unnið vel í hóp.



VERKSTJÓRAR

Verkstjórar hjá Ístaki starfa við stjórnun framkvæmda á byggingasvæðum. Verkstjórar bera ábyrgð á vinnusvæðinu og stjórnun framleiðslu. Einnig hafa þeir yfirumsjón með gæða og öryggismálum í samvinnu við verkefnastjóra. Leitað er að aðilum sem:

- hafa mikla reynslu af stjórnun framkvæmda.
- hafa hæfileikann til að hvetja aðra.
- geta gert áætlanir og fylgt þeim eftir.
- eru stundvísir og skipulagðir.
- sýna vönduð vinnubrögð.

MANNAUÐSFULLTRÚI

Vilt þú starfa í lífandi mannauðsdeild þar sem þú munt starfa við fjölbreytt og spennandi verkefni? Leitað er að einstaklingi til að starfa við ráðningar, úrlausn kjaramála, skipulagningu og endurbætur á ferlum, öflun gagna, greiningu og framsetningu á þeim.

Leitað er að aðila sem:

- hefur menntun sem nýtist í starfi.
- hefur haldgóða reynslu af ráðningum og öðrum mannauðsmálum.
- er skipulagður og sýnir öguð vinnubrögð.
- er jákvæður og vinnur vel í hóp.
- hefur góðan hæfileika til að greina töluleg gögn og setja þau fram á skipulagðan hátt.
- hefur mjög góða tölvukunnáttu.
- hefur góða ensku kunnáttu og kostur er að hafa góða kunnáttu á norðurlandamáli eða pólsku.

IÐNNEMAR

Hjá Ístaki eru laus pláss fyrir iðnnema í mismunandi iðngreinum, þó aðallega múr og tréiðn. Hægt er að sækja um stöðu sem nemi hjá Ístaki á heimasíðu undir laus störf.

Nánari upplýsingar fást hjá Ístaki í síma 5302700 og á netfanginu mannaudur@istak.is.

Sækja má um störf in á www.istak.is – undir Starfsumsókn.

Markaðsfulltrúi

Tækniskólinn leitar að jákvæðum einstaklingi til starfa í markaðs- og kynningardeild. Viðkomandi verður að hafa brennandi áhuga á markaðsmálum, samfélagsmiðlum og auglýsingagerð. Starfið felst m.a. í teymisvinnu þegar kemur að viðburðum og kynningum sem skólinn tekur þátt í og tengslum við atvinnulífið.

Starfssvið

- Umsjón með auglýsingagerð
- Auglýsingar á samfélagsmiðlum
- Vefumsjón
- Bæklingagerð
- Samskipti við samstarfsaðila
- Hugmyndavinna og stefnumótun
- Önnur tilfallandi störf við deildina

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Sköpunargleði, frumkvæði og jákvæðni
- Þekking og reynsla af grafskri hönnun
- Þekking og reynsla af markaðssetningu með samfélagsmiðlum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Þekking á InDesign, Photoshop og Illustrator er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Sveinn Jóhannesson í síma 665-1155.

Umsóknarfrestur er til og með 27.maí. Umsóknir og ferilskrá sendist á osj@tskoli.is. Fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

**ALZHEIMER
SAMTÖKIN**

Starfsmaður óskast í Maríuhús

Maríuhús er dagþjálfun fyrir einstaklinga með heilablun og er staðsett í Blesugróf.

Starfsfólk Maríuhúss er að leita að nýjum samstarfsaðila, um er að ræða fullt starf frá 1. september næstkomandi.

Markmið starfsins í Maríuhúsi er að viðhalda færni og auka vellíðan þeirra skjólstæðinga sem þangað koma. Umönnun og þjálfun er sinnt á þverfaglegum grundvelli sem miðar að því að einstaklingurinn sé þar ávallt í öndvegi. Við leggjum áherslu á samvinnu og gleði í öllum okkar störfum.

Við leitum að starfsmanni sem hefur færni til að vera til staðar fyrir aðrar manneskjur og er skapandi í því að gera daglegt líf öruggt, fjölbreytt og gleðiríkt. Reynsla af sambærilegu starfi er kostur.

Laun samkvæmt kjarasamningum Eflingar.

Umsóknarfrestur er til 28. maí.

Nánari upplýsingar veitir Ólína Kr. Jónsdóttir, forstöðumaður í síma 534 7100 og olina@alzheimer.is



FAST
Ráðningar
www.fastradningar.is



Forstöðumaður barnaverndar

Fjölskyldusvið Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða forstöðumann barnaverndar sem jafnframt er framkvæmdastjóri barnaverndarnefndar Eyjafjarðar.

Um er að ræða 100% starf og æskilegur ráðningartími er frá 1. september 2017.

Starfssvið er eftirfarandi:

- Stjórnar og ber ábyrgð á vinnslu barnaverndarmála á Fjölskyldusviði og er yfirmaður sérfræðinga barnaverndar.
- Vinnur fyrir barnaverndarnefnd Eyjafjarðar og ber ábyrgð gagnvart henni á því að framkvæma þær ákvarðanir sem nefndin tekur.
- Ber ábyrgð á starfs- og fjárhagsáætlanagerð að því er viðkemur barnavernd, í samvinnu við sviðsstjóra Fjölskyldusviðs.
- Sér um ársskýrslugerð fyrir barnavernd og vinnur að ýmsum forvarnar og þróunarverkefnum skv. gildandi starfs- og framkvæmdaáætlun.
- Tekur auk stjórnunar þátt í vinnslu barnaverndarmála.

Hæfniskröfur eru:

- Háskólapróf í sálfræði eða félagsráðgjöf og viðeigandi starfsleyfi á Íslandi. Önnur menntun getur komið til greina svo sem embættispróf í lögfræði.
- Reynsla af vinnu í barnaverndarmálum er kostur.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnáætlun.
- Reynsla af stjórnun er æskileg.
- Starfið krefst góðrar hæfni til stjórnunar og innleiðslu nýrra vinnubragða.
- Mikill sveigjanleiki og framúrskarandi samskiptahæfni er nauðsynleg.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.

Umsóknarfrestur er til og með 5. júní 2017

Akureyri
OL LÍFSINS GÆÐ

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001



Yfirlæknir á sviði eftirlits

Embætti landlæknis óskar eftir að ráða lækni til að vinna að eftirliti með þjónustu heilbrigðisstarfsmanna og -stofnana. Um er að ræða fullt starf en möguleiki á hlutastarfi. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem reynir á almenna þekkingu í læknisfræði, samskiptahæfni og fagmennsku.

Helstu verkefni

Af hverju ertu að þessu? Hvað ertu að gera núna? Og hann sagði gjarnan við mig, biðdu bara í tuttugu ár því þessir hlutir yfirleitt eldast vel.

En það er eitt við Flata ruslið sem ég hef stundum reynt að útskýra og það er að faðir minn benti á hvað það er gríðarlega mikil vinna sem liggur að baki segjum t.d. sigarettupakka. Það þurfti að búa til pappirinn í miklu ferli og síðan var hönnunin með öllum sínum hönnuðum, prentunin með öllum sínum sérfræðingum og svo framvegis. Þannig að það var gríðarlega mikill tími og hugvit hjá mörgum sem lá að baki einum svona pakka og svo var honum bara hent. Þetta er svona ein af útskýringum hans á því af hverju hann tók upp á því að safna þessu, flokka og skrásetja.

Það er þannig gríðarleg saga sem maður flettir í gegnum þegar maður skoðar verkið og þó að ruslið sé notað og útflatt þá áttar maður sig aðeins á abstrakti fegurðinni í þessu þar sem þetta liggur í sinni möppu. En það var erfitt að safna þessu því það mátti engu henda. Það þurfti mikinn aga til þess að gera þetta og það var eitt af einkennum Dieters. Þessi mikla þrautseigja.“

Kynslóðir og uppskera

Synir Björns, Oddur og Einar, unnu með honum að því að setja upp veitingahúsið, bókabúðina og sýninguna og það gleður Björn að þarna sé komin þriðja kynslóð dótagerðarmanna.

„Já, það hefur æxlast þannig. Ég ytti þeim ekki í þetta, heldur er þetta svipað því þegar ég fór að vinna með föður mínum eftir að ég var rekinn úr Mynd- og handiðaskólanum. Þegar ég var hættur í skólanum og kominn inn á vinnustofu föður míns þá áttaði ég mig á því að ég fengi ekki betri prófessor. Síðan hefur það skeð með syni mína líka og það er soldið áhugavert af því að þegar afi þeirra var á Íslandi var hann mikið að vinna með barnabörnunum sínum. Þau voru mikið hjá honum og það var alltaf farið í vinnuna þegar það var farið til afa. Það var leikurinn.“

Dieter sagði við mig rétt áður en hann dó – það eru tveir hlutir sem kannski skýra þetta aðeins: „Ef að við litum á þetta sem lestarferð og ef að ég hoppa út á næstu stöð, ætlar þú að halda áfram?“ Já, að sjálfsögðu, sagði ég, því ég kann ekkert annað en að vera um borð í þessari lest. Síðan sagði hann líka að það mætti líta á þetta eins og búgarð þar sem hann hefði plægt akurinn og sáð og þá væri það ekki slæmt fyrir mig að hlúa að uppskerunni og slá. Þannig æxlast þetta einhvern veginn.“



Premier League

Lokaumferð

Sunnudagur 21. maí

 Arsenal	13:50 #ARSEVE	 Everton	 Liverpool	13:50 #LIVMID	 Middlesbrough
 Hull	13:50 #HULTOT	 Tottenham	 Chelsea	13:50 #CHESUN	 Sunderland
 Watford	13:50 #WATMCI	 Man. City	 Swansea	13:50 #SWAWBA	 West Brom
 Man. Utd	13:50 #MUNCRY	 Crystal Palace	 MESSAN	21:00	Uppgjör helgarinnar með Gumma Ben og félagum. #messan

KAUPTU STAKAN LEIK: 365 Síminn



Tryggðu þér áskrift á aðeins 399 kr. á dag*
11.990 kr. á mánuði



BESTA SÆTID

SÍMI 1817

365.IS

365

*miðað við 12 mánaða bindingu

Saga til næsta bæjar



Stefán Pálsson skrifar um heimsókn að handan

Fyrir sléttri öld og einni viku, þann þrettánda maí árið 1917, átti kraftaverk sér stað í beitahaga hjá smáþorpinu Fátima í miðju Portúgal. Þann dag birtist guðsmóðirin María þremur börnum á aldrinum sjö til tíu ára, sem voru að gæta kinda í grennd við heimili sitt. Atburðurinn hafði djúpstæð áhrif á börnin, einkum elstu stúlkuna í hópnum, en miklu síðar átti hann eftir að koma róti á huga milljóna manna um heim allan. Og mögulega var hann fyrirboði um annan heimssögulegan viðburð sem einnig átti sér stað þann þrettánda maí, nánar tiltekið árið 1981.

Áður en lengra er haldið er þó rétt að slá þann varnagla að engin önnur vitni voru að komu heilagrar Maríu til portúgalska smáþorpsins en börnin þrjú. Smákrakkar eru sjaldnast talin áreiðanlegustu heimildirnar um atburði og sjálfsgagt hefði vitnisburður þeirra ekki verið tekinn alvarlega fyrir borgaralegum dómstólum. Ótal dæmi eru um fólk sem segist hafa fengið guðlegar vitranir, en í flestum tilvikum er slíkt frásögnum vísað á bug. Kapólska kirkjan viðurkennir þó fáein tilvik af þessu tagi, þar á meðal atburðina í Portúgal fyrir hundrað árum, og á dögnum tilkynnti Frans páfi meira að segja að börnin hefðu verið tekin í hóp dýrlinga.

Yngri börnin tvö, voru systkini sem bæði veiktust illa í influensufaraldrinum mikla árið 1918 og létust nokkrum misserum síðar af völdum veikindanna. Aðalheimildin um fundinn með Maríu mey var því þriðja barnið, Lúcia Santos. Að hennar sögn birtist María börnunum í nokkur skipti um nokkurra mánaða skeið, yfirleitt á þrettánda degi mánaðarins. Lífsreynslan hafði þau áhrif á stúlkuna ungu að hún ákvað að helga líf sitt guði, lærði að lesa og gerðist síðar nunna.

Nýjar upplýsingar

Portúgölsk dagblöð fjölluðu talsvert um vitranirnar seinni hluta árs 1917 og rötudu þær frásagnir jafnvel í erlend stórböð. Í hugum kirkjunnar þjóna í Portúgal var málið þó annað og meira en dægurfluga og prestar og kennimenn héldu áfram að rannsaka sögu stúlkunnar. Framburður



Atburðurinn hafði djúpstæð áhrif á börnin, einkum elstu stúlkuna í hópnum, en miklu síðar átti hann eftir að koma róti á huga milljóna manna um heim allan.

Kraftaverkið og spádómurinn

hennar var stöðugur og sannfærandi, svo að lokum létu háttsettir biskupar sannfærast um að ekki mætti útiloka að vitnisburðurinn væri sannur.

Bent hefur verið á að saga Lúciu Santos eigi sér hliðstæðu í kapólskum samfélögum nitjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu, þar sem börn báru vitni um guðlegar vitranir sínar og hlutu viðurkenningu kirkjunnar. Um miðjan fjórða áratuginn, nærri tuttugu árum eftir atburðina í Fátima, lét Lúcia undan þrýstingi portúgalsks biskups og skrásetti sögu sína. Fyrsta frásögn hennar birtist á prenti árið 1935 og vakti þegar mikla athygli. Næstu árin sendi hún frá sér nýjar og nákvæmari

frásagnir, sem vörpuðu skýrara ljósi á fundina með guðsmóðurinni.

Það var fyrst í þriðju útgáfu sögunnar, sem út kom árið 1941, að Lúcia Santos upplýsti að María hefði birt henni þrjár spásagnir. Í þeirri fyrstu fengu börnin að gægjast inn í loga vítis, sem hefði verið hryllileg sjón, en sem betur fer hafi fylgt sögunni að þau væru hólpín og þyrftu ekki að óttast slíkar píslir.

Önnur spásögnin var nákvæmari og öllu pólitískara eðlis. Þar upplýsti María að fyrri heimsstyrjöldinni myndi ljúka, en nýtt alheimsstríð brjótast út í embættistíð Píusar XI páfa ef alþýða manna myndi ekki gerast guðræknari og Rússar láta af trúvillu sinni – sem talið var vísa í kommúnismann og stofnun Sovét-ríkjanna.

Eins og gefur að skilja vöktu þessar upplýsingar mikla athygli og töldu kapólskir andstæðingar kommúnisma sig hafa fengið góða sönnun fyrir því að stjórnmálastefnan væri ekki guði þóknarleg. Úrtöllumenn töldu hins vegar það draga nokkuð úr vægi spádómsins að hann hafi fyrst verið birtur eftir að atburðir hans rættust. Þá bentu þeir á að orðalag spádómsins væri tæplega upprunalegt, þar sem Píus XI hefði ekki sest á páfastól og tekið sér embættisheiti fyrr en fimm árum eftir að María vitraðist börnunum. Þá hefði Píus XI látist árið 1938, árið áður en Evrópumenn miðu við upphaf síðari heimsstyrjaldarinnar, þótt vissulega hafi hernaður Japana í Kína hafist fyrir þann tíma.

Þessi örllitla ónákvæmni varðandi valdatíma páfans breytti litlu um áhuga almennings. Sérstaka forvitni vakti að Lúcia Santos sagði frá tilvist þriðju spásagnarinnar, sem ekki væri tímabært að upplýsa um að sinni. Að ósk portúgalsks biskups lét hún þó að lokum til leiðast, skrifaði

spásögnina niður og lét kirkjunni í hendur sem að lokum sendi hana til Vatíkansins árið 1957.

Leyndarmál í Vatikaninu

Í Páfararði klóruðu menn sér í kollinum yfir hvað gera skyldi við hina dularfullu þriðju spásögn. Skiptar skoðanir voru meðal sérfræðinga kirkjunnar, þar sem sumir vildu gera sem minnst úr vitrunum af þessu tagi og töldu þær fremur liggja á sviði dulspeki en góðrar og gildirar guðfræði. Nokkrir háttsettir kennimenn fengu að kynna sér efni spásagnarinnar, þar á meðal kardinálinn Joseph Ratzinger, sem síðar varð Benedikt XVI. Niðurstaða þeirra varð sú að ekki væri skynsamlegt að upplýsa um efni hennar og var yfirlýsing þess efnis gefin út árið 1960.

Eins og vænta mátti varð leyndarhjúpurinn aðeins til þess að æsa upp forvitni fólks. Hvers kyns samsæriskenningar tóku að skjóta upp kollinum varðandi það hvaða safaríka leyndarmál spásögnin hefði að geyma. Hölluðust ýmsir að því að hún fæli í sér upplýsingar um síðspillingu innan kirkjunnar, sem teygði sig allt til æðstu embættismanna hennar og það væri skýringin á tregðu Páfararðs til að birta skjalið. Aðrir töldu að heilög María hefði með spásögn sinni upplýst um heimsendi sem væri í nánd, en kirkjufyrirvöld þyrðu ekki að segja frá því.

Meðal þeirra sem þráðu að fá að vita efni þriðju spásagnarinnar var ástralurk maður, Laurence James Downey að nafni. Þann annan maí 1981 rændi hann farþegaþötu írsku flugfélagsins Air Lingus með því að hella yfir sig bensíni, ryðjast inn í stjórnklefann og hóta að kveikja í sér. Krafa hans var sú að vélinni yrði flogið til Íran og gislarnir yrðu ekki látnir lausir fyrr en páfinn upplýsti um efni spádómsins. Þessi óvenju-

lega rannsóknaraðferð reyndist árangurslaus og ræninginn var yfirbugaður á frönskum flugvelli. Jóhannes Páll páfi II lét ekki undan hótunum ástralska flugræningjans, en fáeinum dögum síðar – nánar tiltekið þann þrettánda maí 1981 – gerðust afdrifaríkir atburðir sem honum tengdust og áttu eftir að hafa mikil áhrif á þessa sögu. Þann dag var páfa sýnt banatílaði, þegar tyrkneskur hægríðfgamaður skaut hann með fjórum byssukúlum á Péturstorginu í Róm. Páfi lifði af árásina og vakti mikla athygli þegar hann fyrirgaf áráðarmanni sínum og átti síðar eftir að hitta hann á fundi.

Árið 2000 lýsti Jóhannes Páll II því yfir að þriðja spásögnin frá Fátima hefði þegar ræst, með morðtilræðinu árið 1981. Í tengslum við það birti Vatikaníð textann í heild sinni, sem var heldur ruglingslega orðuð sýn um fallna borg, þar sem páfinn sjálfur væri myrtur af hópi hermanna með byssukúlum og örvum.

Óhætt er að segja að opinberum þessi hafi valdið mörgum vonbrigðum, þar sem búist hafði verið við safaríkari spádómi. Sumir áhugamenn um samsæriskenningar voru snöggir að hafna tilkynningu Páfararðs sem folsun og tilraun til að fela eitthvert stórkostlegt leyndarmál. Aðrir féllust á að texti spásagnarinnar væri réttur en höfnuðu túlkuninni. Bent var á að spásögn Maríu gerði ráð fyrir að leiðtogi kapólsku kirkjunnar væri drepinn í Róm, en Jóhannes Páll II hefði jú einungis sérst í tilræðinu. Því kæmi aðeins tvennt til greina: að spádómurinn hefði ekki enn komið fram eða að hann vísaði til annarra atburða, nánar tiltekið til dauða Jóhannesar Páls I á árinu 1978 eftir aðeins 33 daga í embætti. Hafa lengi verið uppi sögur um að andlát hans hafi boríð að með óeðlilegum hætti, en það er önnur saga.



**BANDALAG KVENNA
Í REYKJAVÍK**

Bandalag kvenna í Reykjavík auglýsir eftir umsóknum um styrki til Starfsmenntunarsjóðs ungra kvenna fyrir skólaárið 2017-2018.

Tilgangur sjóðsins er að hvetja og styðja við bakið á ungum konum, sem ekki eiga kost á námslánnum, til að afla sér aukinnar menntunar. Umsóknareyðublað, úthlutunarreglur og allar nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu bandalagsins, www.bkr.is.

Umsóknir um styrki skal senda til Bandalags kvenna í Reykjavík, Túngötu 14, 101 Reykjavík, merktar „Námsstyrkir“ eða í tölvupósti á bandalagkvennarvk@gmail.com.

Umsóknarfrestur er til 19. júní.

SPORTDAGAR

25%

AFSLÁTTUR

**AF ÖLLUM SPORTVÖRUM
18. - 21. MAÍ***

**SÉRFRÆÐINGAR FRÁ NIKE,
UNDER ARMOUR, SPEEDO O.FL.
VEITA RÁÐGJÖF Í ÚTILÍF KRINGLUNNI,
Á LAUGARDAG MILLI KL. 13 OG 16.**

ÚTILÍF

síðan 1974

KRINGLUNNI / SMÁRALIND

utilif.is

*Gildir ekki af útvistarvörum og -fatnaði. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

TÍMAMÓT



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður, tengdaföður, afa og bróður,

Torfa Geirmundssonar
hárskera,
Hárhorninu við Hlemm.

Ingvi Reynir Berndsen
Mikael Torfason
Lilja Torfadóttir
Knútur Rafn Ármann
Bashir Geirmundsson
Tryggvi Geir Torfason
barnabörn og systkini.

Helga Hjaltadóttir
Elma Stefania Ágústsdóttir
Guðbjörg Árnadóttir
Helena Hermundardóttir
Gemma Crockford



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
Hrafnhildur Stella Eyjólfsson
áður Grettisgötu 12, Reykjavík,
lést 9. maí. Útförin hefur farið fram
í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Guðmunda Margrét Sigurðardóttir
Eyjólfur Júlíus Sigurðsson
Hilða Guðbjörg Halldórsdóttir
Hjördís Rósa Halldórsdóttir
Margrét Hjálmarsdóttir
Magnús Guðmundsson
Jón Atli Brynjólfsson
og ömmubörn.



Ástæðni, hlýja og virðing *Við andlát ástvinar*



Ísleifur Jónsson **Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararstjóri Útfararþjónusta
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441 Þjónusta allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA
REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is



Karлакórinn Bartónar flýgur til London þar sem þeir munu meðal annars syngja á nokkrum börum þar í borg. MYND/JÓN SVAVAR

Skemmtiatriði á barnum vindur ærlega upp á sig

Bartónar er karlakór Kaffibarsins og hefur hann verið starfandi nú í sjö ár. Kórinn byrjaði upphaflega sem fjórtán manna skemmtiatriði en meðlimir eru nú orðnir fjörutíu. Kórinn stefnir í tónleikaferð til London í lok mánaðar þar sem hann mun syngja á sex tónleikum.

Bartónar voru stofnaðir fyrir sjö árum. Þá áttu Bartónar að vera lítið skemmtiatriði fyrir sumarhátíð á Kaffibarnum. Það voru rifnir fram fjórtán strákar og fundinn kórstjóri, sem var ég, og var valinn þar sem ég sat þarna út í horni bara – og svo sjö árum seinna þá erum við orðnir fjörutíu manna alvöru karlakór,“ segir Jón Svavar Jósefsson, kórstjóri Bartóna – karlakórs Kaffibarsins. Kórinn er nú á leiðinni til London og mun af því tilefni halda tónleika á þriðjudaginn sem nefnast Brimlending Bartóna og er tilgangurinn bæði að afla fjár fyrir ferðina og kveðja land og þjóð fyrir þessa svadilför.

„Í gegnum árin hefur okkur vaxið fiskur um hrygg og við höfum starfað með ýmsum tónlistarmönnum – og það er kannski lendingin af hverju við erum að fara til London.

Ástæðan er sú að það er hljómsveit sem er frá London sem heitir The Throws og hefur spilað dálítið hérna á Íslandi, þeirra aðalsprauti heitir Mike Lindsey, og við erum að fara að syngja með The Throws á bæði tónleikahátíð og tónleikum úti í London.

Við erum líka að fara að syngja á nokkrum börum í Austur-London,

Við erum að fara í fimm daga tónleikaferð sem er svoltið skemmtilegt því að þetta er barkór, sem er að fara að syngja á börum annars staðar. Þetta er þínu óhefðbundinn tónleikastaður fyrir kóra – en fólk tekur þessu alltaf vel. Við erum líka svalir gaurar.

til dæmis bar sem Íslendingur, vinur okkar, á og heitir Helgi's.

Við erum að fara í fimm daga tónleikaferð sem er svoltið skemmtilegt því að þetta er barkór, sem er að fara að syngja á börum annars staðar. Þetta er þínu óhefðbundinn tónleikastaður fyrir kóra – en fólk tekur þessu alltaf vel. Við erum líka svalir gaurar.

Það verður mjög gott prógramm hjá okkur – þetta verða sex tónleikar og við syngjum í sendiráðinu líka. Það hefur

staðið lengi til að fara út og svo höfum við náð að safna nógu stórum kórsjóði núna til að splæsa flugi og gistingu á strákana. Við erum að fara 35 út, sem eru ansi góðar heimtur.“

Hvernig verða tónleikarnir ykkar á þriðjudaginn? „Þeir eru lokahnykkurinn til að dæmið gangi upp og svo er þetta líka til að æfa prógrammið sem við keyrum úti ændanlega, þá fáum við smá reynslu og viðbrögð við því.

Þetta fer fram á þriðjudagskvöldið 23. maí í Gamla bíói. Þar verður frekar létt stemming – við búum til smá barstemmingu þar, þetta verður ekki bara áhorfendapallarnir heldur verður sitjandi stemming við borð og fólkið getur keypt sér kaffi – eða eitthvað sterkara, ef það vill.

Partur af þessu er náttúrulega sá að kynningar á milli laga eru oft dálítið hnyttar, þótt ég segi sjálfur frá og sérstaklega ef þær eru á erlendum tungumálum. Ég er svona misgóður í tungumálum: ég er mjög góður íslenskumaður en ég get ekki sagt það sama um enskuna – þá verður þetta oft pínulítið óðrúvis skemmtiatriði að tala lélega ensku og kynna atriði,“ segir Jón Svavar að lokum.

Miða á tónleikana má nálgast á miði.is. stefanthor@frettabladid.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er

Sverrir Einarsson Kristín Ingólfsson

www.utfarin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda



Katla Þorsteinsdóttir, lögfræðingur

Lögfræðipjónusta

Veist þú hvert eignir þínar renna eftir þinn dag? Kynntu þér málið á heimasíðu okkar, www.utfor.is.

Þar getur þú m.a. sett inn þínar forsendur í reiknivél. Við aðstoðum þig við gerð erfðaskrár, kaupmála og við dánarbússkipti.

Útfararstofa kirkjugarðanna
Útfarar- og lögfræðipjónusta

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | utfor.is



WHIRLPOOL DAGAR

ÖLL WHIRLPOOL HEIMILISTÆKI MEÐ ALLT AÐ 60% AFSLÆTTI

TÍMI
NÝSKÖPUNAR
Í ÞVOTTATÆKNI
ER HAFINN

LÝKUR
Í DAG!



Whirlpool

ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - ÖRBYLGJUOFNAR - OFNAR
HELLUBORÐ - GUFUGLEYPAR - KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR - FRYSTIKISTUR




40%

Whirlpool AKP457IX
Actual Line Multifunction 8
blástursofn með klukku og 65L
ofnrými. Niðurfellanlegt grill sem
auðveldar þrif og tvöfalt gler í
hurð. Orkuflokkur A. Stál.

TILBOÐ

29.995

FULLT VERÐ 44.995



38%

Whirlpool ACM804NE
4 spansuðu hellur með snertitökum.
Tímastilling og booster á öllum
hellum. Stilling til að láta suðu koma
upp og lækka ásamt barnalæsingu
og glerkanti. 60 cm.

TILBOÐ

39.995

FULLT VERÐ 64.995



16%

Whirlpool WHM2511
251 lítra frystikista með körfu.
Hraðfrysting og ljós í kistunni.
2 hjól og 2 fætur, lás og ECO
stilling. Orkuflokkur A+. 42dB. Hvít.

TILBOÐ

49.995

FULLT VERÐ 59.995



16%

Whirlpool WUO3T321X
14 manna uppþvottavél með 10 þvotta-
kerfum og sóttþreinsikerfi. 6th sense með
gufuþvotti sem nemur óhreinindi í vatninu.
LCD skjár sýnir þvottatíma. Þvottahæfni A.
Orkuflokkur A++. Þurrkgeta A. 41 dB. Stál.

TILBOÐ

79.995

FULLT VERÐ 94.995



Lífstíðar
ábyrgð
á mótur

27%

Whirlpool FSCR12440C
1400 snúninga og 12 kg þvottavél með
stafrænu kerfisvali og 6th sense. Hægt að
fylgjast með og stýra kerfum í gegnum app.
Íslenskt stjórnbord. Lífstíðarábyrgð á mótur.
Orkuflokkur A+++.

Íslenskt
skjábord og
leiðarvísir.

TILBOÐ

129.995

FULLT VERÐ 179.995



Heimilistæki ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

Merkisatburðir

- 1818** Siglufjörður er löggiltur verslunarstaður og fær kaupstaðarréttindi einni öld síðar.
- 1840** Kristján konungur heitir því að fulltrúabing skuli endurreist á Íslandi.
- 1922** Vinna við Flóaáveituna hefst. Þetta eru mestu áveituframkvæmdir hérlendis.
- 1944** Þjóðaratkvæðagreiðsla um lýðveldisstofnun hefst, en hún stendur í fjóra daga. Kjörsókn er 98,4%, sem mun vera einsdæmi í lýðræðisríki.
- 1966** Gengið er í fyrsta á land á Jólni við Surtsey. Eyjan er 35 metra há en hún hverfur næsta vetur.
- 1979** Íslenskt mál, þáttur Gísla Jónssonar, birtist í fyrsta sinn í Morgunblaðinu.
- 1986** Sex af forráðamönnum Hafskips hf. eru handteknir og úrskurðaðir í gæsluvarðhald meðan verið er að rannsaka meint brot þeirra. Fimm árum síðar eru flestir þeirra sýknaðir.

ÞETTA GERÐIST 20. MAÍ 2007

10 ár frá banaslysi við Reynisfjöru

Forsíðufrétt Fréttablaðsins fyrir 10 árum, eða 20. maí árið 2007 var um banaslysi í Reynisfjöru þegar bandarísk kona lét þar lífið. Brimalda hreif hana með sér úr fjörunni vestan við Reynisfjall við Vík í Mýrdal. Konan var 74 ára og í hópi bandarískra ferðamanna. Þótti það mikið mildi að dóttir konunnar sem stóð við hlið hennar hafi komist undan.

Þegar neyðarkall barst var allt tiltækt lið kallað út auk þyrlu Landhelgisgæslunnar. Tók það um klukkustund að finna konuna. Hún hafði verið hér á landi í ferð með Kynnisferðum og var á leið til Bandaríkjanna nokkrum dögum síðar. Fulltrúar frá bandarískra sendiráðinu tóku á móti ferðafélögum konunnar þegar þeir komu til hótels síns í Reykjavík og veittu áfallahjálp.

Engin aðvörunarskilti voru þá í fjörunni en búið var að taka ákvörðun um að setja slíkt upp. Töluvert var skrifað um málið áfram enda ekki algengt að erlendir ferðamenn létust hér á landi á þessum tíma.



Ástkær eiginkona, móðir og tengdamóðir,
Arnfríður Hansdóttir Wium
lést á líknardeild Landspítalans föstudaginn 12. maí. Útför hennar fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 23. maí klukkan 13.

Stefán Rúnar Jónsson
Jóna Bára Stefánsdóttir

Ingi Hrafn Stefánsson
Antonio Fulignoli



Ástkær eigenmaður, faðir og afi,
Gunnar Rafn Guðmundsson
vélsmiður frá Patreksfirði, Hálsaseli 37, Reykjavík,
lést á heimili sínu miðvikudaginn 10. maí. Útförin fer fram í Áskirkju miðvikudaginn 24. maí kl. 15.00.

Guðrún Jónsdóttir
Jóhanna Gunnarsdóttir
Jón Gunnarsson
barnabörn.



Okkar ástkæri,
Gunnar Eiríksson
Grjóti, Þverárhlið,
andaðist í Brákarhlið, Borgarnesi, miðvikudaginn 17. maí. Hann verður jarðsungen frá Borgarnes Kirkju, laugardaginn 27. maí, kl. 14.00.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Brákarhliðar, Borgarnesi – sjá heimasíðu: www.brakarhliod.is.
Guðjón B. Karlsson og fjölskylda.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Steinþór Þorvaldsson
skipstjóri, Arnastíg 1, Grindavík,
lést á líknardeild Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja miðvikudaginn 17. maí. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju þriðjudaginn 23. maí klukkan 13.00.

Pétur Ásgeir Steinþórsson **Guðrún Jóhanna Þorbjarnardóttir**
Sigrún Steinþórsdóttir Hommerding
Hafsteinn Már Kristinsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,
Elías Arason
frá Valstrýtu í Fljótshlíð, til heimilis á Hrafnistu í Hafnarfirði, áður Helligötu 19,
lést 17. maí og verður jarðsungen frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 23. maí kl. 11.

Guðný S. Elíasdóttir **Guðmundur Grétar Bjarnason**
Sigurður Ari Eliasson **Sigríður Ágústsdóttir**
Erna Björk Elíasdóttir **Gissur Skarphéðinsson**
barnabörn, langafabörn, langalangafabörn.



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Guðmundur Bjarnason
rafvirkjameistari, Klapparstíg 5a,
lést að Hrafnistu 11. maí. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 24. maí kl. 13.00.

Brynhildur Bjarnarson
Sturla R. Guðmundsson **Eyrún Ísfold Gísladóttir**
Ingibjörg Guðmundsdóttir **Bergþór Guðjónsson**
Elin Guðmundsdóttir **Páll Þormar**
Hafsteinn Guðmundsson **Soffía Káradóttir**
Jón Bjarni Guðmundsson **Brynhildur Pétursdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
Guðný Kristjánsdóttir
frá Glaumbæ,
er lést þann 15. maí síðastliðinn, verður jarðsungen frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 23. maí kl. 13.30.

Brynjar Axelsson
Kristín Brynjarsdóttir
Jón Kristján Brynjarsson **Helgi Erlendsson**
Lilja Brynjarsdóttir **Valdís Lilja Stefánsdóttir**
Valþór Brynjarsson **Valdís Lilja Stefánsdóttir**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Margrét Rakef Tómasdóttir
lést á hjúkrunarheimilinu Grund þriðjudaginn 16. maí. Útför hennar fer fram frá Nes Kirkju föstudaginn 26. maí kl. 13.

Már Guðmundsson **Elsa S. Þorkelsdóttir**
Snorri Guðmundsson **Ingibjörg Geirsdóttir**
Magnús Tumi Guðmundsson **Anna G. Lindal**
Elísabet Vala Guðmundsdóttir **Sigurður Þór Baldvinsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



Móðir okkar,
Sigríður Ingimundardóttir
lést föstudaginn 12. maí. Jarðarförin fór fram í kyrrþey.
Fyrir hönd fjölskyldna okkar,

Inga Arndís Ólafsdóttir
Sigríður Ólafsdóttir
Tryggvi Ólafsson
Audur A. Ólafsdóttir
Hildur Ólafsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Elín Friðriksdóttir
hússtjórnarkennari á Laugum, Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu,
lést á Sunnuhlíð í Kópavogi 15. maí. Útförin fer fram frá Lindakirkju í Kópavogi miðvikudaginn 24. maí kl. 15.00.

Ágúst Óskarsson **Helga Sigurðardóttir**
Hermann Óskarsson **Karin M. Sveinbjörnsdóttir**
Knútur Óskarsson **Guðný Jónsdóttir**
Una María Óskarsdóttir **Helgi Birgisson**
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,
Sigurjóns Friðrikssonar
fyrirverandi bónda, Ytri-Hlíð, Vopnafirði.

Sérstakar þakkir fyrir frábæra umönnun færum við Baldri H. Friðrikssyni, yfirlækni HSA á Vopnafirði, starfsfólki lyflækningadeildar SAK og starfsfólki hjúkrunarheimilisins Sundabúðar.
Friðrik Sigurjónsson **Adalheiður S. Steingrimsdóttir**
Emil Sigurjónsson **Hörður Sigurjónsson**
Þórný Sigurjónsdóttir **Petra Jörgensdóttir**
Erla Sigurjónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar og amma,
Jensína Sigurgeirsdóttir
(Jenny)
Berjahlið 1, Hafnarfirði,
andaðist á hjúkrunarheimilinu Ísafold þann 8. maí sl. Útförin hefur farið fram í kyrþey að ósk hinar látnu.

Róbert Örn Ásmundsson
Viðar Þór Ásmundsson
Guðrún Telma Ásmundsdóttir
og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,
Hrönn Jónsdóttir
Hjallbraut 33, Hafnarfirði,
lést á líknardeildinni í Kópavogi 11. maí. Sálumessa verður sungin frá Kristskirkju, Landakoti þriðjudaginn 23. maí kl. 13.00.

Jóna Pálína Grímsdóttir **Karl Rútsson**
Magnús Sveinn Grímsson **Chawewan Tumporu**
og barnabörn.

HBO



ROBERT DE NIRO

MICHELLE PFEIFFER

THE WIZARD

of LIES

27. MAÍ



MARGFALT SKEMMTILEGRI

1817

365.IS

365



Aðeins
69 kr.
dósin

414
kr. pk.

Coca Cola Zero
6 x 330 ml dósir



Aðeins
69 kr.
dósin

414
kr. pk.

Coca Cola
6 x 330 ml dósir



498
kr. 500 g

Gevalia Kaffi
500 g



398
kr. 420 g

Myllu Möndlukaka
420 g



398
kr. pk.

Prince Polo XXL 5+1
6 x 50 g í pakka



ÍSLENSKT
Lambakjöt



1.398
kr. kg

SS Lambalæri
Kryddlegin, 2 teg.



4x2L

498
kr. 4x2 l

Klaki Kolsýrt Vatn
4x2 l, 3 teg.



4x2L

698
kr. 4x2 l

Pepsi og Pepsi Max
Kippa, 4x2 lítrar

ORKUDRYKKUR
Líka til sykurlaus



59
kr. 250 ml

ES Orkudrykkur
250 ml, 3 teg.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Aðgangur
ókeypis



BÓNUS

Stærri og endurbætt verslun í Kaupúni Garðabæ

GOTT Á GRILLIÐ Í BÓNUS



3.598
kr. kg


Íslandsnaut T-Bone steik
Ungnautakjöt

ÍSLENSKT
Nautakjöt



398
kr. 2x100 g

Stjörnunaut Smass Hamborgarar
2x100 g



BÓNUS EKKERT BRUÐL




KROSSGÁTA & ÞRAUTIR

LÁRÉTT

- Hvíla meðal einherja og gamalla skulda (9)
- Frostbrunnu fyrir en foringjarnir voru horfnir á braut (12)
- Leitar fyrstu ára ungu kynslóðarinnar (9)
- Tugur fetar ruglið sem tágum vafinn maður veldur (10)
- Flan og flas að utan; þannig var innrásin (9)
- Nafngreindar niftir í stjórn (12)
- Vanræki anda minn og vanrækslu (10)
- Góðar melódíur eru aldrei ógildar (6)
- Er það kona eða karate, sem Steinar Bragi skrifar um? (4)
- Sú er fyrst sprettur er góð fyrir þá sem ár grær sára (10)
- Varpíð af ykkur vösbúð því frosta-kaflinn er liðinn (11)
- Eygir ekki vægð til eigin ábata (10)
- Fangar handbendin á brókunum einum fata (11)
- Umbæturnar á þessu þrepi eru á við klofið (10)
- Arfleifð hinna ófrjálsu kynslóða (11)
- Hannar barð en meinar öllum að sjá það (10)
- Sá sem snýst með sólinni kemst í viðeigandi lið (9)
- Ætla sómann lítinn fyrir lygna rugludalla (10)
- Tímabil ótal verka hinna löngu liðnu og ókomnu tíma (12)
- Vil hvorki stöpul né stæla, bara harðan gaur (9)
- Inn og út, inn og út, þetta heldur lífinu í fuglum jafn sem fólki (12)

LÓDRÉTT

- Hef hug á málverkum af sjó (7)
- Skóða smáræði milli blaðanna (7)
- Gott líf fyrir ógift en ekki dauð (7)
- Ung njóta hnoðra vatns sem var að frjósa (7)
- Hér segir af þeim rétta sem ég var að hrekja (7)
- Snögg hindrun á truflun? (6)
- Nutum sólar og eyðum nú öllu í vín (8)
- Svona mikið endurkast á bylgjum er ofur-glæpur (8)
- Kýstu kirkju eða kommúnistalið? Kemur út á eitt (8)
- Pau sem mestan sveigjanleika sýndu sættu sig við trekk (8)
- Hliðar ávaxtanna eru rauðar í næðingnum (13)
- Hljóp þá ársardreki á vísindasúð (14)
- Ársfjórðungur spilltist af sorg þrátt fyrir langa og fina ferð (14)
- Fór fyrst í dressi, svo í dressið og loks í hvort tveggja? (9)
- Ber töfrajukk á enni, algjört hókus-pókus-dæmi (13)
- Flýta sér í fæstum leppum furðulega/þau sem bera utan á sér/öðrum fremur dreyrarásir (9)
- Svalirnar henta til geymslu á tannöli og öðru rugli (7)
- Tóm muldra eitthvað um að kýrheiti sé oftar skrifað með hái (7)
- Ljóminn af leikfanginu dýra (12)
- Þann dag gengur oss allt í hag (8)
- Japlandi á gæðingi af Norðausturlandi (7)
- Ef hann er tónviss ruglast hann varla? (5)
- Festa þá sem villast af trúnni (5)
- Gáta byggð á fléttu treffa (4)



LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem greinir okkur mennina frá flestum skepnum öðrum (11). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 25. maí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „20. maí“.

Lausnarorð síðustu viku var **ULLARTREFFILL**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÉTT

3		2	9			7	5
6				7	5		3
	7	9	1		6		
				9			6
9	3	6				2	
	8	1	5			3	
	5			2	9		7
8				6	4		2
						1	4

MIDLUNG

3	6	8		7			2
				5	2	6	8
	4	5			1		3
				6			8
					1	5	
		7	2	9			3
			9	7			
		4	3	5		2	7
	8			2			

ÞUNG


		6		2			8
			5			9	
	8		3				4
	4	8	7			6	3
				2			1
						6	8
2	3	5					4
				7			2
	1	9					

2	3	8	5	6	1	9	7	4
9	4	6	7	2	8	5	3	1
7	5	1	9	3	4	6	2	8
3	1	9	4	5	6	7	8	2
4	7	5	2	8	3	1	9	6
6	8	2	1	7	9	3	4	5
5	9	3	6	4	2	8	1	7
8	6	4	3	1	7	2	5	9
1	2	7	8	9	5	4	6	3
2	9	5	8	1	6	3	4	7
7	1	8	9	4	3	6	2	5
3	4	6	2	7	5	8	9	1
5	7	4	1	8	2	9	3	6
8	6	9	3	5	4	7	1	2
1	2	3	6	9	7	4	5	8
6	5	7	4	2	9	1	8	3
9	3	1	5	6	8	2	7	4
4	8	2	7	3	1	5	6	9
3	9	5	4	1	6	7	2	8
8	4	2	7	9	3	6	1	5
1	6	7	8	2	5	9	3	4
9	2	3	1	7	4	8	5	6
4	8	6	9	5	2	1	7	3
5	7	1	3	6	8	2	4	9
6	5	4	2	8	7	3	9	1
2	1	8	5	3	9	4	6	7
7	3	9	6	4	1	5	8	2

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri ný reita línu, bæði lárétt og lódrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Skák

Gunnar Björnsson
Hannes Hlífar Stefánsson (2566) átti leik gegn Bárði Erni Birkissyni (2162) á Íslandsmótinu í skák í Hafnarfirði.
Hvítur á leik
30. Bxg6+! Kxg6 31. Dc2+ Kf7 32. Rxh6+! Bxh6 33. Dh7+ Bg7 34. Rf5 Dc6 35. Dxc7+ Ke6 36. Dg6+ Rf6 37. Dxf6+ Kd7 38. Had1+ Kc7 39. Rd6 og liðs- og stöðuyfirburðir hvíts dugðu til sigurs skömmu síðar. Héðinn og Guðmundur berjast um titilinn. Lokaumferðin hefst kl. 13.
www.skak.is: Allt um Íslandsmótið.



Bridge

Isak Örn Sigurðsson

MIKIÐ SKIPTINGARSPIL
Rosalega mikil skiptingarspil eru, eðli málsins samkvæmt, mjög sjaldgæf. Hönd norðurs er líkleg til að koma aðeins einu sinni fyrir á ævinni, þó að viðkomandi spili mikið. Hún kom þó fyrir í vorsveitakeppni Bridgefélags Reykjavíkur á dögnum. Vestur var gjafari og allir á hættu:

Norður

- ♠ -
- ♥ -
- ♦ ÁKDG1054
- ♣ KD8752

Vestur

- ♠ G86
- ♥ D987543
- ♦ 6
- ♣ Á10

Austur

- ♠ KD952
- ♥ ÁG102
- ♦ 987
- ♣ 4

Suður

- ♠ Á10743
- ♥ K6
- ♦ 32
- ♣ G963

Spilið var spilað á 8 borðum. Eins og búast mátti við voru lokasamningarnir fjörugir. Einn norðurspilaranna var í 7 ♣ redobluðum og einn var í 7 ♣ dobluðum. Tveir spiluðu 7 ♦ doblaða og þær alslemmur gátu að sjálfsgöðu ekki unnist. Þrír voru í 6 ♦ og tveir fengu að standa það spil en eitt AV par hnekti þeim samningi með laufstungu (Sólveig Jakobsdóttir og Ingibjörg Guðmundsdóttir). Eitt par var í 6 ♣ sem er óhnekkjandi samningur (Hrannar Erlingsson og Sverrir Kristinsson). Í leik sigurvegara keppinnar (sveit SFG) opnaði Ásmundur Örnólfsson í norður á 6 ♦ eftir pass vesturs. Sá samningur var lokasamningurinn. Sex tíglar Ásmundar fengu að standa eftir útspil austurs, spaðakóng. Eftir svona „freka“ opnun á sjötta sagnstigi, sem hlýtur að sýna mikla skiptingu, er sennilega betra að spila út einspilinu í laufi heldur en spaðakóngi (eða hjartaás).



FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Ópello** eftir William Shakespeare frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Laufey Magnúsdóttir, Reykjavík**.



VELKOMIN Á RISA AFMÆLISHÁTÍÐ
ICEWEAR ❄️ **MAGASÍN**
 LAUGAVEGI 91

STÆRSTA ÚTIVISTARVERSLUN LANDSINS 1 ÁRS

LAUGARDAGINN 20. MAÍ

TÓNLEIKAR

15:00 - **JÓN JÓNSSON**

15:45 - **HILDUR**

16:30 - **AMABADAMA**

17:15 - **EMMSJÉ GAUTI**

★ **RATLEIKUR FYRIR BÖRNIN**
 milli kl. 12.00-15.00

★ **LÉTTAR VEITINGAR**
 fyrir alla fjölskylduna

20%
 afsláttur af
 öllum vörum

FIMMTUDAG TIL
 SUNNUDAGS



STJÖRNUPORT
 NÆG BÍLASTÆÐI



Konráð og félagar á ferð og flugi 250

Bragi Halldórsson

„Jæja þá, sudoku gáta,” sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa hana,” bætti hún við. Konráð horfði á gátuna. „Allt í lagi,” sagði hann. „Til er ég.” Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við hana og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,” sagði hún. „Allt í lagi,” sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár,” sagði hún montin.

Heldur þú að þú getir leyst þessa sudoku gátu hraðar en Kata?

1				8	7			
	9			6	4	5		1
5					1	6	8	2
	1	9				7		
8	3			7				
7	2	6		4		9		
9	8				6			5
6			9		5		2	
				3		4		



Benjamín Haraldsson ætlar að verða slökkviliðsmaður og æfir sig á leikvellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skemmtilegast að fara í búðina með mömmu og pabba

Benjamín Haraldsson æfir sig reglulega á leikvelli að renna niður stöng og langar til þess að verða slökkviliðsmaður þegar hann er orðinn stór.

Nafn? Benjamín Haraldsson.

Aldur? Fjögurra ára.

Áhugamál? Það er skóli rétt hjá mér með skemmtilegum leikvelli. Ég fer þangað oft og leik mér að því að renna mér niður stöng sem er þarna. Svona eins og slökkviliðsmenn gera.

Leikskóli? Stekkjarborg.

Hvað langar þig að verða þegar þú ert orðinn stór? Slökkviliðsmaður. Mig langar það mjög mikið.

Upphaldsteiknimynd? Grettir, hann er skemmtilegur. Upphaldsmaturinn hans er svona ostalasanja.

Upphaldsbók? Krakkarnir í Kátugötu, hún er um umferðar-

reglurnar. Mér finnst hún skemmtileg.

Upphaldsmatur? Hakk og spaghetti.

Hvað er skemmtilegast að gera? Mér finnst langskemmtilegast að fara í búðina með mömmu og pabba. Einu sinni keyptu þau handa mér kvikmyndina Syngdu, þá varð ég mjög glaður.

Tryggðu þér
áskrift á aðeins
333 kr. á dag*
9.990 kr. á mánuði

SKEMMTIPAKKINN




*9.990.- á mánuði.

365.is | Sími 1817

365

J.S. BACH
**MESSA
Í H-MOLL**

Í HALLGRÍMSKIRKJU 10. OG 11. JÚNÍ 2017 KL. 17



HÁTÍÐARTÓNLEIKAR Í TÍLEFNI AF 35 ÁRA AFMÆLI MÓTETTUKÓRSINS

H-moll messan er eitt af mögnuðustu stórvirkjum tónlistarsögunnar og ávallt mikill viðburður þegar verkið er flutt á tónleikum. Verkið gerir afar miklar kröfur til kórsöngvara enda fullt af glæsilegum og fjölbreyttum kórköflum sem félagar Mótettukórsins njóta þess að glíma við á ný, en síðasti flutningur kórsins á messunni fyrir réttum áratug fékk fimmstjörnu dóma.

FLYTJENDUR:


Mótettukór Hallgrímskirkju
Hannah Morrison sópran
Alex Potter kontratenór
Elmar Gilbertsson tenór
Oddur Arnþór Jónsson baríton
Alþjóðlega barokkhljómsveitin í Hallgrímskirkju
Stjórnandi: Hörður Áskelsson



Miðasala í Hallgrímskirkju sími 510 1000 og á midi.is - miðaverð 9.500 fyrir úrvalssæti og 5.900 fyrir almenn sæti.

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Hæg breytileg átt eða hafgola og víða léttskýjað, en hætt við þokulofti við sjávarsiðuna, einkum með Austfjörðum og á Faxaflóa og Breiðafirði. Hiti 9 til 19 stig, hlýjast inn til landsins suðvestan til og norðaustan til.

Heimurinn

Kaupmannah. 16°	Oslo 16°	Stokkhólmur 19°	Gautaborg 22°	Helsinki 20°	Þórshöfn 8°	Nuuk 3°
London 14°	Amsterdam 16°	Paris 16°	Berlin 16°	Madrid 22°	Brussel 16°	Róm 24°
Boston 12°	New York 14°	Orlando 25°	Moskva 21°	Singapúr 27°	Tókýó 18°	Sydney 16°

ÚT Í HEIM MEÐ OKKUR!

SIGLING KEISARALEIÐIN

30. júlí - 09. ágúst | 10 nætur

Moskva-Pétursborg



VERÐ
298 000
kr.

GEORGIA OG AZERBAEÐSJAN

9. - 19. september | 10 nætur



Kákasusfjöll

VERÐ
379 000
kr.

SILKILEIÐIN MIKLA Í MIÐ-ASÍU

7. - 19. október | 12 nætur



Úzbekistan og Túrkménistan

VERÐ
488 000
kr.

Reykjavík



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
9° ↘ 4	12° ← 5	11° ↘ 4	9° ↖ 6	10° ↘ 3

Ísafjörður



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
11° ↙ 3	10° ↙ 3	12° ↙ 3	10° ↓ 3	10° ← 3

Akureyri



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
12° ← 4	12° ↖ 7	14° ↖ 5	11° ↗ 3	13° ↓ 3

Egilsstaðir



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
10° ← 6	10° ↖ 6	12° ← 5	12° ↑ 7	15° ↓ 2

Kirkjubæjarklaustur



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
12° ← 9	9° ← 9	13° ← 9	9° ← 7	13° ↖ 3

Pondus



Gelgjan



Barnalán



**TAX
FREE**

DAGAR

**AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM LEIKFÖNGUM
18.-22. MAÍ****

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups. **Gildir ekki með afmælisafsláttum í Borganesi.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Nokkur af verkum Ásmundar Sveinssonar á yfirlitssýningunni List fyrir fólkið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ungt fólk vill bara hamar og meitil

Þau Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safn- og sýningarstjóri, og Finnur Arnar Arnarsson, hönnuður yfirlitssýningarinnar List fyrir fólkið, segja verk Ásmundar Sveinssonar ótvírætt eiga erindi við list dagsins í dag.

Magnús
Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Hann er Daladrengur sem kemur ráðleggingar föður síns snemma á síðustu öld til þess að nema myndlist. Þabbi hans hafði sagt að hann yrði aldrei góður bóndi þannig að það væri eins gott að hann sneri sér að einhverju handverki," segir Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur og sýningarstjóri á yfirlitssýningu á verkum Ásmundar Sveinssonar sem verður opnuð í dag í Ásmundarsafni. Sýningin kallast List fyrir fólkið, en myndlistarmadurinn Finnur Arnar Arnarsson hannar sýninguna.

Ferillinn og skörp þróun

Ólöf Kristín segir að Ásmundur hafi komið til Reykjavíkur eftir þessar ráðleggingar föður síns snemma á síðustu öld til þess að nema tréskurð hjá Rikharði Jónssyni. „Við erum með sveinsstykkið hans á sýningunni en það er útskorinn stóll en það er þó ekki elsta verkið á sýningunni heldur er það lítil gífsstyttta frá 1918, hógvær og falleg styttta sem heitir Hjásetukona.

„Sýningin spannar allan feril Ásmundar og við leitumst við að setja hana þannig upp að hún segi sig soldið sjálf. Við viljum sýna þróunina á ferlinum og það er líka gaman að því við sýninguna að þar eru fjölmörg verk sem fólk þekkir, bæði úr borgarlandinu og eins frá verkum Ásmundar víða um land. Það er líka gaman að lesa í sýninguna hvernig sveitapilturinn þróast í móðernískan nútímalistamann.“

Finnur Arnar tekur undir þetta og segir að Ólöf hafi haft samband fyrir rúmu ári með þá ósk að hann hannaði yfirlitssýninguna. „Þetta voru nú svona andvökunætur til að byrja með því þetta rými er daldið flókið. Þetta er ótrúlega fallegt safn en dómnerandi rými með bogum



Finnur Arnar Arnarsson og Ólöf Kristín Sigurðardóttir á sýningunni List fyrir fólkið í Ásmundarsafni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VIÐ ERUM AÐ SINNA ÞVÍ HLUTVERKI EN EKKI SÍÐUR AÐ LEGGJA ÁHERSLU Á AÐ GERA AÐGENGILEGA BÓK FYRIR ALLAN ALMENNING MEÐ MYNDUM AF VERKUM Í BLAND VIÐ ÁHUGAVERÐAN OG LÆSILEGAN TEXTA EFTIR GÓÐA HÖFUNDA.

og sveigjum og alls konar. Þannig að ég ákvað að fara þá leið að gera smá árás á rýmið og setja inn sterk form. Þetta eru mikið stöplar undir skúlptúrum sem ég er að ýkja og svo að sniðganga allt sem heitir veggir og hindranir. Fer bæði inn í veggina og út úr þeim. Þetta setur ákveðið mark á sýninguna en fyrst og fremst snýst þetta um verk snillingsins Ásmundar," segir Finnur Arnar og bætir við að ferill Ásmundar hafi líka komið honum á óvart. „Ég held það sé vel sýnilegt á sýningunni hvað þetta er skörp krónólógísk þróun, hvernig hann fer úr einum stíl yfir í annan. Hann er mjög trúr sjálfum sér á meðan hann er að vinna undir

ákveðnum stílbrögðum. En svo nær hann tókum á þeim, fer úr þeim og yfir í næsta efni og þetta setur rosalega sterkan svip á verkin hans. Það er mjög gaman að skoða svona skýra þróun hjá myndlistarmanni.“

Fræðileg en aðgengileg

Samhlíða sýningunni kemur út bók um feril Ásmundar sem Ólöf Kristín ritstýrir og hún bendir á að safnið hafi ákveðið rannsóknarhlutverk og að bókin taki á stórum hluta af safneigninni. „Við erum að sinna því hlutverki en ekki síður að leggja áherslu á að gera aðgengilega bók fyrir allan almennig með myndum af verkum í bland við áhugaverðan og læsilegan texta eftir góða höfunda.

Stærsta greinin í bókinni er eftir Kristínu Guðnadóttur, þar fer hún yfir allan feril listamannsins. Fjallar um samtíma hans og setur fram mjög áhugaverðar greiningar á íslensku menningarlífi á tuttugustu öld. Síðan er stór kafli með myndum af verkum og svo þrjár greinar þar sem kafar er ofan í ákveðna þætti. Eiríkur Þorláksson listfræðingur skrifar um alþjóðlega strauma og tengslin við verk Ásmundar. Svo

er grein eftir Pétur Ármannsson arkitekt um húsin sem Ásmundur byggði sem eru mjög sérstök. Og síðan fjallar Hjálmar Sveinsson heimspekingur um listamanninn sem helgaði sig borginni og vildi að verkin væru úti á meðal fólksins og þróun listar í almenningsrými. Við erum mjög stolt af þessari bók.“

Gáttir samtímans

Ásmundur er gríðarlega stórt nafn í íslensku listasögu á tuttugustu öld og Ólöf Kristín segir að á Íslandi hafi hann verið sá maður sem átti hvað stærstan þátt í að kynna nýja formskrift í þrívíðri myndlist. „Hann kynnti fyrir þjóðinni formhugsun móðernismans eða nútímalistarinnar. En það sem gerir hann nálægan fólki er hvernig hann notar nærumhverfi. Það er til að mynda stutt en mjög þekkt tímabil þegar hann er að fást við vinnandi fólk í verkum á borð við Vatnsberann og Járnsmiðinn. Þetta eru kannski þau verk sem fólk tengir hvað mest við. En síðan notar hann líka íslenska bókmenntahefð og þjóðsagnir en í verk sem samt er nútímaleg. Í verkum hans er þannig tenging við nærumhverfi, bókmenntahefð og svo íslenska náttúru og allt stuðlar þetta

að miklum vinsældum safnsins.“

Aðspurð um það hvort safn og sýningar á borð við þessa hafi mikið gildi í samtímanum umfram hið sögulega þá hvetur Ólöf Kristín fólk til þess að koma og meta það fyrir sig. „Við höfum haldið verkum Ásmundar lifandi á margan hátt með því að stilla upp sýningum með verkum hans með verkum samtímamanna okkar sem eru að fást við sömu viðfangsefni. Það segir okkur að þær spurningar sem hann er að glíma við eigi erindi við okkar tíma líka. Með því að stilla þessu upp á þennan máta opnar maður fyrir gáttir samtímans að viðfangsefnum Ásmundar.“

Finnur Arnar bendir á að þessi sýning sé ótvírætt mikilvæg fyrir unga myndlistarmenn.

„Það er líka svo merkilegt sem er að gerast í dag hvað ungar myndlistarmenn eru farnir að hafa mikinn áhuga á því að vinna með höndunum. Fólk er orðið svo leitt á brightness og contrast stillingunni og allt þetta stafræna dæmi er bara þínulítið á útleið. Ungt fólk vill bara hamar og meitil.“



Ásmundur Sveinsson, Vedurspámaður, 1934. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LOKAHELGI TILBOÐSDAGA 10-40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

JERSEY HORNTUNGUSÓFI

Stærð: 381X210/165cm

Verð: 322.000,-

TILBOÐSVERÐ: 289.800,-

Stærð: 316X210/165cm

Verð: 277.000,-

TILBOÐSVERÐ: 249.300,-

HÖFUÐPÚÐI

Verð: 12.900,-

TILBOÐSVERÐ: 11.610,-



ORLANDO TUNGUSÓFI

Stærð: 298X172cm

Verð: 235.000,-

TILBOÐSVERÐ: 211.500,-



JERSEY 4RA SÆTA SÓFI

Breidd: 298cm

Verð: 195.000,-

TILBOÐSVERÐ: 156.000,-

ALEXA SKENKUR

Breidd: 160cm

Verð: 138.000,-

TILBOÐSVERÐ: 96.600,-



NOTTINGHAM BORDSTOFUBORÐ

Gegnheill ACACIA viður – RUSTIC áferð

Stærð: 200X100cm

Verð: 158.000,-

TILBOÐSVERÐ: 142.200,-



RUSTIC SÓFABORÐ

Stærð: 120X65cm

Verð: 58.000,-

TILBOÐSVERÐ: 52.200,-



RETRO VEGGBORÐ

Breidd: 100cm

Verð: 35.000,-

TILBOÐSVERÐ: 31.500,-



SÓFABORÐ PARIS NO 208

Stærð: 90X90cm

Verð: 89.000,-

TILBOÐSVERÐ: 80.100,-

LAUGARÁS BÍÓ **59%** **mid.is**
Míðasala og nánari upplýsingar



ALIEN COVENANT SÝND KL. 8, 10, 20

ÉG MAN ÞIG SÝND KL. 5, 8, 10, 30



SNATCHED SÝND KL. 8

Heiða SÝND KL. 2, 4, 10

GUARDIANS OF THE GALAXY VOL. 2 SÝND KL. 10

HÁLSASKÓGI SÝND KL. 2

SAMBÍÓINN SAMBIO.IS KAPTU BÍÓMÍÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

Frábær grínmynd frá þeim sömu og færðu okkur A Few Best Men og Death at a Funeral

Frábær grínmynd

Frá Guy Ritchie, leikstjóra Sherlock Holmes myndanna

Frábær teiknimynd fyrir alla fjölskylduna

Sýnd með íslensku tali

ALFABAKKA	EGILSHÖLL	KRINGLUNNI	NÚMÉRUD SÆTI
A FEW LESS MEN KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	A FEW LESS MEN KL. 5:30 - 8 - 10:10	KING ARTHUR 3D KL. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40	KING ARTHUR 3D KL. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40
KING ARTHUR 2D KL. 5:20 - 8 - 10:40	ALIEN: COVENANT KL. 2:30 - 5:20 - 8 - 10:35	SPARK ÍSL TAL KL. 2 - 4	SPARK ÍSL TAL KL. 2 - 4
KING ARTHUR 2D VIP KL. 8 - 10:40	KING ARTHUR 2D KL. 2:30 - 5:20 - 8 - 10:40	GUARDIANS OF THE GALAXY 2D KL. 6 - 9	GUARDIANS OF THE GALAXY 2D KL. 6 - 9
SPARK ÍSL TAL KL. 1:30 - 2 - 3:25 - 4 - 6	SPARK ÍSL TAL KL. 2:30	GUARDIANS OF THE GALAXY 3D KL. 2 - 5 - 8 - 10:50	GUARDIANS OF THE GALAXY 3D KL. 2 - 5 - 8 - 10:50
SNATCHED KL. 8 - 10:10	GUARDIANS OF THE GALAXY 2D KL. 2:30 - 5:20 - 7:40 - 10:30	KEFLAVÍK	KEFLAVÍK
GUARDIANS OF THE GALAXY 2D KL. 2 - 5 - 8 - 10:50	AKUREYRI	A FEW LESS MEN KL. 8	A FEW LESS MEN KL. 8
GUARDIANS OF THE GALAXY 2D VIP KL. 2 - 5	A FEW LESS MEN KL. 6 - 8	ALIEN: COVENANT KL. 8 - 10:40	ALIEN: COVENANT KL. 8 - 10:40
FAST AND FURIOUS 8 KL. 10:10	KING ARTHUR 2D KL. 10:50	KING ARTHUR 2D KL. 10:10	KING ARTHUR 2D KL. 10:10
GOING IN STYLE KL. 8	KING ARTHUR 3D KL. 10:05	SPARK ÍSL TAL KL. 1:50 - 3:50	SPARK ÍSL TAL KL. 1:50 - 3:50
BEAUTY AND THE BEAST 2D KL. 3 - 5:30	SPARK ÍSL TAL KL. 2 - 4	ÉG MAN ÞIG KL. 5:50	ÉG MAN ÞIG KL. 5:50
ROCK DOG ÍSL TAL KL. 1:30	GUARDIANS OF THE GALAXY 2D KL. 2 - 5 - 8	GUARDIANS OF THE GALAXY 2D KL. 2	GUARDIANS OF THE GALAXY 2D KL. 2
		GUARDIANS OF THE GALAXY 3D KL. 5	GUARDIANS OF THE GALAXY 3D KL. 5

Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

Hvað? Rammstein
Hvenær? 20.00
Hvar? Kórnum, Kópavogi
Þýsku rokkararnir í Rammstein skemmta landanum í dag. Um upphitun sjá heilbrigðisráðherra og félagar í HAM.

Viðburðir

Hvað? Verðlaunaafhending í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna
Hvenær? 13.00
Hvar? Háskólanum í Reykjavík
Nýsköpunarkeppni grunnskólanna er hugmyndasamkeppni fyrir nemendur í 5. – 7. bekk. Undirbúningur fer fram í skólum landsins samhliða skólaárinu þar sem nemendur fá kennslu við að þróa verkefni á sínu áhugasviði, allt frá hugmyndum til veruleika. Þetta ferli virkjar sköpunarkraft nem-

20. MAÍ 2017

Tónlist

Hvað? Andrés Þór Gunnlaugsson spilar á Hverfisbarnum ásamt Haraldi Ágír Guðmundssyni
Hvenær? 21.00
Hvar? Hverfisbarnum, Hverfisgötu



Þýsku rokkararnir í Rammstein ætla að spila graðhestarokk í Kórnum í kvöld.

enda í lausnamiðuðum hugsunarhætti og eykur sjálftraust þeirra og frumkvæði.

Hvað? Hjóladagur fjölskyldunnar
Hvenær? 13.00
Hvar? Útivistarsvæði Menningarhúsa Kópavogs við Hamraborg
Menningarhúsin í Kópavogi bjóða uppá skemmtilega dagskrá fyrir fjölskyldur á útivistarsvæði Menningarhúsanna við Hamraborg. Farið verður í hjólaðatúr með fróðlegu ívafi um mannlíf og náttúru á Kársnesinu sem hefst kl. 13 og Dr. Bæk verður á staðnum til að ástandsskoða hjól gesta þeim að kostnaðarlausu. Þá verða óvenjuleg hjól sýnd og verkefnið Hjólað óháð aldri en áhugasamir geta skráð sig sem hjólara.

Hvað? Vorfundur miðstjórnar Framsóknarflokksins
Hvenær? 10.30
Hvar? Hótel Natura

Hvað? Sýningaropnun: Hulið landslag
Hvenær? 14.00
Hvar? Gerðubergi

Hvað? Sýningaropnun: Umbreyting
Hvenær? 13.00
Hvar? Ljósmyndasafni Reykjavíkur
Sýningin er byggð á væntanlegri bók hins kunna ljósmyndara Sigurgeirs Sigurjónssonar. Fyrri verk Sigurgeirs hafa einkum beinst að náttúru Íslands og íbúum þess. En nú kveður við annan tón og sýna myndirnar breytingar á umhverfi, hvort sem er í borginni eða sveitum landsins. Eða með orðum ljósmyndarans: „Á endanum er þetta allt landslag.“ Sigurgeir er að sönnu einn fremsti og afkastamesti ljósmyndari landsins og verk hans hafa ratað víða.

haldið hér snemma á tíunda áratugnum. Gróskan er mikil og stílnir og dansararnir fjölbreyttir. Nú koma hóparnir á höfuðborgarsvæðinu saman og búa til frábæra sýningu með eitthvað fyrir alla.



Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra syngur líka í hljómsveitinni HAM sem mun skemmta í Kórnum í kvöld. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Hvað? Sýningaropnun á List fyrir fólkíð, leiðsögn sýningarstjóra og friar leið-

sagnir
Hvenær? 16.00
Hvar? Ásmundarsafni
